



**FYRNINGARÁKVÆÐI GJALDÞROTALAGA
Í LJÓSI BREYTINGA SEM VORU
GERÐAR Á ÁKVÆÐINU MEÐ
LÖGUM NR. 142/2010**

Helga Bryndís Björnsdóttir

2011

ML í lögfræði

Höfundur: Helga Bryndís Björnsdóttir

Kennitala: 060586-3229

Leiðbeinandi: Valgerður Dís Valdimarsdóttir

Lagadeild

School of Law

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um fyrningarákvæði 2. og 3. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 í ljósi þeirra breytinga sem gerðar voru á ákvæðinu með lögum nr. 142/2010. Leitast er við að varpa ljósi á hvað felst í þeirri breytingu, hvaða áhrif henni var ætlað að hafa og hvaða áhrif hún hefur haft fram til þessa. Fjallað er um hvort breytingin samrýmist tilgangi gjaldþrotaskipta og hvort þörf hafi verið á svo róttækri breytingu. Einnig er varpað fram sjónarmiðum sem kann að verða litið til við mat á því hvort lög nr. 142/2010 standist eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 (stjskr.) en nokkur vafi kann að leika á því.

Markmið laganna var að bæta réttarstöðu þrotamanna við gjaldþrotaskipti. Án efa hefur því markmiði verið náð. Þá virðist sem hinu nýja fyrningarákvæði hafi einnig verið ætlað að veita skuldugum einstaklingum úrræði til að endurskipuleggja fjármál sín en það markmið samrýmist ekki tilgangi gjaldþrotaskipta. Hið nýja fyrningarákvæði virðist þó hvorki hafa leitt til þess að einstaklingar krefjist gjaldþrotaskipta á búum sínum í auknum mæli né að færri leiti greiðsluáðlögunar hjá umboðsmanni skuldara. Á hinn bóginn leiða gjaldþrotaskipti nú til þess að kröfuhafar missa réttindi sín fyrr en ella. Kröfuhafar kunna því að nýta önnur úrræði á borð við fjárnám í auknum mæli til að gæta hagsmuna sinna.

Ekki verður ráðið af fyrirbyggjandi tölum yfir fjölda gjaldþrotaskipta frá árinu 2003-2011 að brýn nauðsyn hafi staðið til þess að ákvæðinu yrði breytt með svo róttækum hætti en engin aukning hefur orðið á gjaldþrotaskiptum frá árinu 2008 og tiltölulega fáir einstaklingar verða gjaldþrota á hverju ári. Þá má ráða af skrifum fræðimanna að löggjafanum hefur verið talið heimilt að vissum skilyrðum uppfylltum að setja fyrningarlög sem hafa afturvirk áhrif án þess að í bága fari við 72. gr. stjskr.

Abstract

This thesis discusses the obsolescence provision of Article 165 (2) and (3) of laws regarding insolvency no. 21/1991 in light of the changes made to the provision with laws no. 142/2010. It will be examined what this change entails, its desired impact and its impact thus far. The change itself will be scrutinized, in particular its conformity with the stated purpose of insolvency restructuring and moreover, whether such a fundamental change was in fact necessary. Points of view, likely to be influential when analysing if laws no. 142/2010 uphold Article 72 of the Icelandic Constitution no. 33/1944, will also be considered.

The reasoning behind the legislation rested upon a desire to improve the legal status of debtors during insolvency. Apparently, the new obsolescence provision was also intended to give indebted individuals new resorts to re-structure their finance. However, it is clear that such an ambition is inconsistent with the purpose of insolvency. Furthermore, it appears as if the amendment has neither led to an increase in voluntary insolvency nor a decrease in those seeking debt adjustment through the Debtor's Ombudsman. Moreover, insolvency now means that creditors lose their rights sooner than previously. Thus, creditors will rather use other means, such as distraintment, in order to protect their interests and recover their claims.

Given the numbers of insolvencies between 2003 and 2011, it is hard to conclude that such a fundamental change to the provision was, in fact, necessary. There has been no marked increase in insolvency since 2008 and only a small number of individuals declare bankruptcy each year. Additionally, scholarly debate has shown that by large, the legislator has been thought to be allowed to – given some provisions – initiate obsolescence laws, with retrospective effect, without being in breach to Article 72 of the Constitution.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni við meistaranám í lögfræði við Háskólann í Reykjavík og vegur 30 ECTS einingar. Hana vann ég undir handleiðslu Valgerðar Dísar Valdimarsdóttur héraðsdómslögmanns og stundakennara við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Ég vil þakka henni kærlega fyrir góða leiðsögn og alla hjálp við gerð þessarar ritgerðar. Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir yfirlestur, ómetanlegan stuðning og gagnlegar ábendingar við ritgerðarskrifin. Þá vil ég þakka Þórdísi Eddu Jóhannesdóttur, íslenskufræðingi, fyrir yfirlestur.

Reykjavík, 17. maí 2011.

Helga Bryndís Björnsdóttir

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Almennt um gjaldprotaskipti	4
2.1. Sameiginleg fullnustugerð.....	4
2.2. Upphaf og skilyrði gjaldprotaskipta	4
2.2.1. Skuldari fer sjálfur fram á að bú hans sé tekið til gjaldprotaskipta	4
2.2.2. Lánardrottinn fer fram á gjaldprotaskipti	5
2.2.3. Trygging fyrir skiptakostnaði.....	6
2.3. Úrskurður héraðsdómara um kröfu um gjaldprotaskipti	6
2.4. Réttaráhrif gjaldprotaskipta	7
2.4.1. Réttaráhrif gagnvart þrotamanni sjálfum.....	7
2.4.2. Réttaráhrif gagnvart lánardrottnum.....	8
3. Um fyrningu kröfuréttinda við gjaldprotaskipti	9
3.1. Almennt um fyrningu kröfuréttinda og stöðu fyrningarreglna innan fræðikerfis lögfræðinnar.....	9
3.2. Réttaráhrif fyrningar	11
3.3. Sjónarmið að baki fyrningarreglum	12
3.3.1. Hagsmunir kröfuhafa	13
3.3.2. Hagsmunir skuldara.....	13
3.3.3. Hagsmunir samfélagsins	14
3.4. Um þróun fyrningarákvæðis gjaldprotalaga	14
3.5. Fyrning krafna við gjaldprotaskipti á Norðurlöndum	20
3.5.1. Norskur réttur.....	21
3.5.2. Danskur réttur.....	21
4. Lög nr. 142/2010 um breytingu á fyrningarákvæði gjaldprotalaga	23
4.1. Aðdragandi og markmið laganna	23
4.2. Efni breytingarinnar.....	25
4.2.1. Sérregla um fyrningarfrest	26
4.2.2. Sérregla um slit fyrningar.....	27
4.2.2.1. Hinir „sérstöku hagsmunir“	28
4.3. Samrýmist hið nýja fyrningarákvæði tilgangi gjaldprotaskipta?	32
5. Um áhrif breyttrar fyrningarreglu gjaldprotalaga	34
5.1. Samfélagsleg áhrif	34
5.2. Áhrif á stöðu skuldara	36

5.2.1.	Gjaldprotaskipti fremur en greiðsluaðlögun?	36
5.2.1.1.	Úrræði með ólík markmið.....	37
5.2.1.2.	Óvissa um tímamark skiptaloka	38
5.2.1.3.	Áhrif gjaldprotaskipta á atvinnumöguleika þrotamanns.....	38
5.2.1.4.	Áhrif gjaldprotaskipta á stöðu þrotamanns í bankakerfinu.....	39
5.2.1.5.	Skortur á fjármagni til greiðslu á skiptatryggingu.....	40
5.2.1.6.	Áhrif frá gildistöku laganna.....	41
5.2.2.	Bætt staða þrotamanna	42
5.2.3.	Sterkari samningsstaða skuldara.....	43
5.3.	Áhrif á réttindi kröfuhafa	43
5.3.1.	Fjárnám fremur en gjaldprotaskipti	44
5.3.2.	Minni líkur á fullum efndum krafna.....	46
5.3.3.	Samningar um lengri fyrningarfrest.....	46
5.4.	Var raunveruleg þörf á svo róttækri breytingu?	47
6.	Sjónarmið um eignarrétt og afturvirkni	49
6.1.	Um vernd kröfuréttinda	50
6.2.	Um eignarnám	52
6.2.1.	Rök sem mæla gegn því að um eignarnám sé að ræða.....	54
6.2.2.	Rök sem mæla í þá átt að um eignarnám sé að ræða.....	54
6.3.	Um almennar takmarkanir á eignarrétti.....	55
6.3.1.	Um takmarkanir fyrningarreglna á eignarrétti.....	56
6.3.2.	Fyrningarreglur í ljósi sjónarmiða um afturvirkni	57
6.3.2.1.	Samanburður við dóm Hæstaréttar í máli nr. 274/2010	61
6.3.3.	Um mat á bótaskyldum takmörkunum	62
6.3.3.1.	Nýjar eignarheimildir fengnar öðrum aðila.....	62
6.3.3.2.	Umfang skerðingar.....	63
6.3.3.3.	Röksemdir að baki eignaskerðingu	66
6.3.3.4.	Umfang og áhrif skerðingar	69
7.	Niðurstaða.....	71
	Heimildaskrá	74
	Lagaskrá	80
	Dómaskrá.....	83
	Myndaskrá.....	84

1. Inngangur

Haustið 2008 urðu veruleg vatnaskil í efnahagslífi íslensku þjóðarinnar þegar algjört hrun varð á íslenskum fjármálamarkaði og þrjár stærstu viðskiptabankarnir á Íslandi féllu. Þeir atburðir leiddu til þess að djúp efnahagskreppa hófst á Íslandi sem hafði í för með sér margs konar afleiðingar. Mikill samdráttur varð í íslensku efnahagslífi og verðbólga jókst í landinu í kjölfar falls íslensku krónunnar. Atvinnuleysi jókst til muna, laun lækkuðu og eignir lækkuðu í verði. Skuldir lántakenda jukust þar sem stærsti hluti fjárskuldbindinga var verðtryggður eða í erlendum gjaldmiðlum.¹ Þetta leiddi til þess að mörg þúsund íslensk heimili lentu í alvarlegum skuldavanda.

Í kjölfar þessara atburða hafa stjórnvöld gripið til margvíslegra aðgerða með það að markmiði að koma í veg fyrir að tímabundinn greiðsluvandi einstaklinga leiði til gjaldþrots.² Þó blasti við að þar sem erfiðleikarnir yrðu mestir kynni gjaldþrot að verða óumflýjanlegt. Því var talin þörf á að grípa til aðgerða til að auðvelda þeim einstaklingum sem í því lenda að koma fjárhag sínum á réttan kjöl að nýju. Það leiddi til þess að þann 17. desember 2010 á 139. löggjafarþingi Alþingis 2010-2011 voru samþykkt lög nr. 142/2010 um breytingu lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/991 (hér eftir nefnd gpl.). Lögin voru að mörgu leyti sérstök en í þeim fólust róttækar breytingar á fyrningarákvæði 2. mgr. 165. gr. gpl. frá því sem áður hafði verið kveðið á um í lögum. Með þeim var lögfest sérregla um fyrningarfrest á þeim kröfum eða þeim hluta krafna sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti. Sá frestur er nú tvö ár, án tillits til þess um hvers konar kröfu er að ræða. Þá voru verulegar skorður settar við fyrningarslitum til að koma í veg fyrir að hægt væri að viðhalda kröfu á hendur skuldara um ókomna tíð.

Lögin gilda ekki aðeins um gjaldþrotaskipti sem hefjast eftir gildistöku laganna heldur einnig þau sem stóðu yfir við gildistöku þeirra en var ólokið og þeirra sem hafði lokið í tíð eldri laga. Nokkuð var deilt um hvernig þessi lagaskil voru mörkuð og komu fram sjónarmið um að lögin kynnu vegna þessa að fara í bága við 72. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 (hér eftir stjskr.) sem kveður á um friðhelgi eignarréttar þar sem lögunum er ætlað að hafa afturvirk áhrif. Þá voru einnig skiptar skoðanir um tilætlað markmið laganna og hvort þau samræmdust stefnumörkun löggjafans á sviði skuldaskilaréttar. Í ljósi þessa þótti höfundur áhugavert að gera þá

¹ Seðlabanki Íslands, „Verðbólguhorfur og stefnan í peningamálum“. Peningamál 2009 (1).

² Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um velferð. Skýrsla félags- og tryggingamálaráðuneytisins, mars 2009, bls. 5. Aðgengileg á www.velferdarraduneyti.is

breytingu sem gerð var með lögum nr. 142/2010 á fyrningarákvæði gjaldprotalaga að viðfangsefni þessarar ritgerðar.

Í þessari ritgerð er leitast við að varpa ljósi á hvað felst í þeirri breytingu sem gerð var með lögum nr. 142/2010, hvaða áhrif henni var ætlað að hafa og hvaða áhrif hún hefur haft fram til þessa. Þá er vikið að því hvort breytingin samræmist tilgangi gjaldþrotaskipta og hvort mögulegt hefði verið að ná fram markmiði laganna með vægari aðgerðum. Einnig er leitast við að varpa fram sjónarmiðum sem kann að verða litið til við mat á því hvort lög nr. 142/2010 fái staðist eignarréttarákvæði 72. gr. stjkskr.

Til að ná heildarmynd af viðfangsefninu er umfjöllunin ekki eingöngu bundin við lagabreytinguna sjálfa. Fjallað er almennt um gjaldþrotaskipti og áhrif þeirra. Þá er fjallað almennt um fyrningu og reifuð helstu sjónarmið sem liggja að baki fyrningarreglum. Farið er yfir þróun fyrningarákvæðis gjaldprotalaga, hvernig það hefur þróast frá því að ákvæðið var fyrst lögtekið hér á landi fram til dagsins í dag. Þar sem einkum hefur verið litið til löggjafar í Noregi og Danmörku við setningu laga á þessu sviði hér á landi er vikið að því hvernig reglum um fyrningu krafna við gjaldþrotaskipti er háttað í þeim löndum. Fjallað er ítarlega um breytinguna sem var gerð á fyrningarákvæði gpl. með lögum nr. 142/2010 og reifuð helstu vafamál sem að henni lúta, þar á meðal hvort breytingin samrýmist tilgangi gjaldþrotaskipta. Ýmis sjónarmið komu fram við meðferð málsins á Alþingi um hvaða áhrif breytingin kynni að hafa. Vikið er að þeim sjónarmiðum og hvort þeirra áhrifa hafi gætt fram til þessa. Einnig er fjallað um hvort mögulegt hefði verið að ná fram því markmiði sem lögunum var ætlað með vægari aðgerðum. Þá er varpað fram sjónarmiðum sem kunna að verða lögð til grundvallar við mat á því hvort breytingin verði talin standast 72. gr. stjkskr. um friðhelgi eignarréttarins. Að lokum er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum ritgerðarinnar.

Þess ber að geta að umfjöllunin miðast að mestu leyti við þau sjónarmið sem fram komu við meðferð málsins á Alþingi en þó er einnig vikið að öðrum atriðum sem höfundur þótti rétt að víkja að. Við lestur ritgerðarinnar verður að hafa í huga að þegar þetta er ritað hefur ekki reynt á gildi laganna fyrir dómi. Því liggur ekki fyrir reynsla af því hvernig framkvæmdin hefur þróast eða hver áhrif breytingarinnar eru í reynd þar sem mjög skammur tími er liðinn frá gildistöku laganna.

Rétt er að taka fram að umfjöllunin mun einskorðast við gjaldþrotaskipti á búum einstaklinga. Ástæðan er sú að þegar bú lögaðila er tekið til gjaldþrotaskipta og

skiptum er lokið hættir lögpersónan yfirleitt að vera til, sbr. XIII. kafla laga um hlutafélög (hér eftir nefnd hfl.) og XIII. kafla laga um einkahlutafélög (hér eftir nefnd ehfl.), en hvorki stjórnarmenn né hluthafar félags bera persónulega ábyrgð á skuldbindingum þess, sbr. 2. mgr. 1. gr. hfl. og 1. mgr. 1. gr. ehfl. Því eru yfirleitt engar líkur á að þær kröfur sem ekki fást greiddar þegar lögaðili er tekinn til gjaldþrotaskipta fáist greiddar á síðari stigum. Af þeirri ástæðu reynir yfirleitt ekki á fyrningarákvæði gjaldþrotalaga í þeim tilfellum. Þessu er öfugt farið þegar um einstaklinga er að ræða og því hefur fyrningarákvæði gþl. meiri þýðingu þegar kemur að gjaldþrotaskiptum á búum þeirra.

2. Almennt um gjaldprotaskipti

Í þessum kafla er stuttlega vikið að því hvað gjaldprotaskipti eru, hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi svo hægt sé að krefjast gjaldprotaskipta og hver eru réttaráhrif þeirra. Samhengisins vegna er umfjöllunin þó einskorðuð við gjaldprotaskipti á búum einstaklinga.

2.1. Sameiginleg fullnustugerð

Við ákveðnar aðstæður getur ríkið gripið til ráðstafana til að þvinga fram efndir á skyldu manns eða lögaðila sem viðkomandi getur ekki orðið við eða vill ekki verða við af fúsum og frjálsum vilja. Slíkar valdbeitingarathafnir nefnast fullnustugerðir en gjaldprotaskipti eru ein tegund þeirra.³ Fullnustugerðir heyra undir fræðigreinina réttarfar en þær flokkast annars vegar í sérstakar fullnustugerðir sem fara fram í þágu einstakra lánardrottna og hins vegar í sameiginlegar fullnustugerðir sem felast í því að allir lánardrottnar eiga þess kost að leita sameiginlega fullnustu í eignum skuldara. Til sérstakra fullnustugerða teljast aðfaragerðir, bráðabirgðagerðir (kyrrsetning, löggeymsla og lögbann) og nauðungarsala en til sameiginlegra fullnustugerða teljast gjaldprotaskipti og opinber skipti á dánarbúum.⁴

2.2. Upphaf og skilyrði gjaldprotaskipta

Gjaldprotaskipti hefjast með því að krafa þess efnis er send héraðsdómara. Bæði skuldari sjálfur og lánardrottnar hans geta krafist gjaldprotaskipta, sbr. 64. og 65. gr. gpl. en skilyrðin fyrir því eru misjöfn eftir því hvort krafan kemur frá skuldaranum sjálfum eða að kröfu lánardrottins. Þó þurfa báðir aðilar að uppfylla skilyrði 2. mgr. 67. gr. gpl. þar sem kveðið er á um tryggingu fyrir skiptakostnaði, séu slíkar aðstæður fyrir hendi. Verður nú nánar vikið að þessum skilyrðum.

2.2.1. Skuldari fer sjálfur fram á að bú hans sé tekið til gjaldprotaskipta

Skilyrði þess að skuldari geti krafist gjaldprotaskipta er að hann geti ekki lengur staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar við kröfuhafa þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið að þeir greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma, sbr. 64. gr. gpl. Skilyrðið lýtur ekki að því hvort skuldir hans séu meiri

³ Viðar Már Matthíasson, *Endurheimt verðmæta við gjaldprot.* Reykjavík 2000, bls. 16.

⁴ Stefán Már Stefánsson, *Íslenskur gjaldprotaréttur.* Reykjavík 1982, bls. 1-3 og Markús Sigurbjörnsson, *Aðfaragerðir.* Reykjavík 1995, bls. 23-24.

en eignir heldur miðast það við greiðslufærni hans. Þá mega greiðsluferfiðleikarnir ekki vera tímabundnir, en það er þó ekki skilyrði að kröfur séu gjaldfallnar og komnar í vanskil. Öllu heldur getur verið uppi sú staða að skuldari sé í fullum skilum við alla kröfuhafa sína en teljist samt ógreiðslufær.⁵ Við mat á því hvað teljist „innan skamms tíma“ er litið til þess hversu löng venjuleg lægð er í greiðslugetu þeirra sem fást t.d. við sömu atvinnugrein og skuldarinn og hvort það sjáist batamerki á greiðslufærni skuldarans að þeim tíma liðnum.⁶ Þá verður skuldari að styðja kröfu sína um gjaldþrotaskipti viðhlítandi gögnum sem kunna að sýna fram á ógreiðslufærni hans, sbr. 7. gr. gpl.

2.2.2. Lánardrottinn fer fram á gjaldþrotaskipti

Í 65. gr. gpl. eru talin skilyrði fyrir því að lánardrottinn geti krafist þess að bú skuldarans sé tekið til gjaldþrotaskipta en þar er gerður greinarmunur á tvennum ólíkum aðstæðum. Krafan getur ýmist verið lögð fram á grundvelli landflóttu eða hvarfs skuldara, sbr. 1. mgr. 65. gr. gpl. eða á grundvelli ógjaldfærni hans, sbr. 2. mgr. 65. gr. gpl. en lánardrottinn þarf sjálfur að sýna fram á að skilyrði þess séu fyrir hendi. Þau atvik sem lánardrottinn getur stutt kröfu sína um gjaldþrotaskipti við skv. 2. mgr. 65. gr. gpl. eru ef árangurslaus kyrrsetning, löggeymsla eða fjárnám hefur farið fram hjá skuldarinum á síðustu þremur mánuðum fyrir frestdag, sbr. 1. tl. ákvæðisins. Þá getur hann einnig byggt kröfuna á því að skuldarinn hafi haft heimild til greiðslustöðvunar sem hefur lokið innan mánaðar áður en krafa hans um gjaldþrotaskipti barst héraðsdómara, sbr. 2. tl. ákvæðisins, að skuldarinn hafi árangurslaust leitað nauðasamnings, sbr. 3. tl. ákvæðisins eða að skuldarinn hafi viðurkennt ógreiðslufærni sína, sbr. 4. tl. ákvæðisins. Þá getur kröfuhafi jafnframt byggt kröfu sína um gjaldþrotaskipti á greiðsluáskorun ef skuldarinn hefur ekki orðið við slíkri áskorun innan þriggja vikna, sbr. 5. tl. ákvæðisins.

Lánardrottinn getur þó ekki krafist gjaldþrotaskipta ef eitthvert þeirra atriða eru fyrir hendi sem talin eru í 3. mgr. 65. gr. gpl. Þar segir að sé krafa hans tryggð með veði eða sambærilegum réttindum í eignum skuldarans eða þriðja manns, eða vegna ábyrgðar þriðja manns, getur hann ekki krafist gjaldþrotaskipta, sbr. 1. tl. 3. mgr. 65. gr. gpl. Þá verður krafa lánardrottins ekki tekin til greina ef þriðji maður býður fram

⁵ Viðar Már Matthíasson, *Endurheimt verðmæta við gjaldþrot*, bls. 25.

⁶ Markús Sigurbjörnsson, *Gjaldþrotaskipti o.fl. – handbók*. Reykjavík 1992, bls. 4.

greiðslu á kröfu hans eða ef þriðji maður býður fram nægilega tryggingu fyrir peningakröfunni ef hún er ekki fallin í gjalddaga, sbr. 2. tl. 3. mgr. 65. gr. gpl.

Að lokum er sérstaklega tekið fram í 4. mgr. 65. gr. gpl. að það sé ekki skilyrði fyrir kröfu lánardrottins um gjaldþrotaskipti að krafa hans á hendur skuldaranum sé fallin í gjalddaga nema hann geti hafnað tryggingu þriðja manns fyrir kröfunni skv. 3. mgr. 65. gr. gpl. og komist þar með hjá þeirri hindrun við gjaldþrotaskiptum.

2.2.3. Trygging fyrir skiptakostnaði

Svo krafa skuldara eða lánardrottins um gjaldþrotaskipti verði tekin til greina verður sá sem krefst gjaldþrotaskiptanna að reiða fram tryggingu fyrir skiptakostnaði áður en krafan verður tekin fyrir á dómþingi ef dómari telur ekki sýnt af kröfu um gjaldþrotaskipti eða gögnum sem henni fylgja að eignir skuldarans muni nægja fyrir kostnaði af skiptunum, sbr. 2. mgr. 67. gr. gpl. Þetta gildir jafnt hvort heldur sem skuldari krefst gjaldþrotaskiptanna eða lánardrottinn. Sú trygging er nú 250.000 kr. og verður almennt að vera í formi peninga en eftir atvikum er hægt að óska eftir að fá að leggja hana fram í öðru formi. Þessi regla á rætur að rekja til þess að samkvæmt 1. mgr. 75. gr. gpl. er það ófrávíkjanlegt skilyrði að skiptastjóri verði alltaf skipaður til að annast framkvæmd skiptanna og honum ber að fá greidda þóknun fyrir þau störf sín. Ef eignir búans nægja ekki fyrir þeim kostnaði sem leiðir af skiptunum er óhjákvæmilegt að sá sem krefst skiptanna greiði skiptakostnaðinn.⁷

Ef ekki er orðið við kröfu um skiptatryggingu telst krafan afturkölluð, sbr. 2. mgr. 76. gr. gpl. Verði ágreiningur um hvort leggja skuli fram skiptatryggingu eða um fjárhæð hennar getur sá sem er krafinn um trygginguna farið fram á úrskurð héraðsdómara sem má kæra til Hæstaréttar samkvæmt 179. gr. gpl.

2.3. Úrskurður héraðsdómara um kröfu um gjaldþrotaskipti

Eftir að krafa hefur verið tekin til úrskurðar skal héraðsdómari kveða upp úrskurð um hvort bú skuldarans verði tekið til gjaldþrotaskipta svo fljótt sem auðið er. Dómarinn verður að gæta þess af sjálfsdáðum hvort öll lagaskilyrði séu fyrir hendi svo heimilt sé að taka búið til gjaldþrotaskipta, sbr. 1. mgr. 71. gr. gpl. Sé úrskurði héraðsdómara um gjaldþrotaskipti skotið til æðra dóms frestar það ekki framkvæmd gjaldþrotaskiptanna, sbr. 2. mgr. 71. gr. gpl.

⁷ Sama heimild, bls. 164.

2.4. Réttaráhrif gjaldprotaskipta

Þegar héraðsdómari kveður upp úrskurð þess efnis að bú skuldarans verði tekið til gjaldprotaskipta verður til sjálfstæð lögpersóna, þrotabú skuldarans. Sú lögpersóna getur öðlast réttindi og bakað sér skyldur meðan á skiptum stendur, sbr. 3. mgr. 72. gr. gþl. Við úrskurðinn tekur þrotabú skuldarans við öllum fjárhagslegum réttindum og skyldum þrotamannsins en þó með þeim takmörkunum sem fram koma í 1. og 2. mgr. 72. gr. gþl. Þá er skipaður skiptastjóri sem fer með umsjón búsins og sér um að koma eignunum og fjárhagslegum réttindum skuldarans í verð og útteila andvirði þeirra til kröfuhafa í samræmi við ákvæði gjaldprotalaga, sbr. 75. gr. gþl.

2.4.1. Réttaráhrif gagnvart þrotamanni sjálfum

Við úrskurð um að bú skuldarans sé tekið til gjaldprotaskipta er skuldari sviptur öllum eignum sínum og öðrum fjárhagslegum réttindum nema annað leiði af réttarreglum eða löggerningi, sbr. 1. mgr. 72. gr. gþl. en eftir þann úrskurð er skuldarinn nefndur þrotamaður, sbr. 2. mgr. 1. gr. gþl. Þrotamaðurinn má þó halda þeim fjárhagslegu réttindum sem fjárnám verður ekki gert í eða verða undanþegin fjárnámi nema annað sé mælt fyrir um í lögum, sbr. 1. mgr. 72. gr. gþl. Þau réttindi eru til að mynda bótakröfur vegna örorku, sbr. 46. gr. laga um aðför nr. 90/1989 (hér eftir afl.) og lausafjármunir sem eru nauðsynlegir þrotamanni og heimilismönnum hans til að halda látlaust heimili og munir sem hafa minjagildi fyrir þrotamann og fjölskyldu hans, sbr. 43. gr. afl. Þá eignast þrotabúið einnig fjárhagsleg réttindi þrotamanns sem koma til eftir uppkvaðningu úrskurðarins og meðan á þeim stendur ef um er að ræða réttindi sem ekki hefðu verið undanskilin hefðu þau verið til staðar við upphaf skiptanna, sbr. 1. mgr. 72. gr. gþl. Þetta gildir þó aldrei um þær fjárkröfur sem taldar eru í 1. – 3. tl. 73. gr. gþl., en þar er aðallega átt við fjármuni sem þrotamaðurinn vinnur sér inn á meðan á skiptunum stendur eða það sem honum áskotnast í dánargjöf, sem arf eða annað slíkt.

Ýmsar skyldur eru lagðar á þrotamanninn við gjaldprotaskipti. Sem dæmi má nefna að skiptastjóri getur kallað þrotamann á sinn fund til að veita upplýsingar um málefni búsins og afhenta honum gögn sem varða skiptin, sbr. 1. mgr. 82. gr. gþl.

Þá er kveðið um í 2. mgr. 165. gr. gþl. að þrotamaður ber áfram ábyrgð á þeim skuldum sínum sem ekki fást greiddar við gjaldprotaskiptin. Einstaklingur losnar því ekki endanlega frá skuldum sínum við gjaldprotaskiptin heldur fylgja þær honum eftir

lok þeirra svo framarlega sem þær falla ekki niður fyrir fyrningu. Það ákvæði er meginefni þessarar ritgerðar og verður fjallað um það í kafla 4 í ritgerð þessari.

2.4.2. Réttaráhrif gagnvart lánardrottnum

Við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta falla allar kröfur á hendur þrotabúi sjálfkrafa í gjalddaga, án tillits til þess sem kann áður að hafa verið samið um eða ákveðið með öðrum hætti, sbr. 1. mgr. 99. gr. gpl. Þá verða kröfur um annað en peningagreiðslu sem verða ekki efndar eftir aðalefni sínu metnar til fjár eftir þeim reglum sem gilda um slíkt mat við aðför, sbr. 2. mgr. 99. gr. gpl.

Svo kröfuhafi eigi þess kost að fá kröfu sína greidda af eignum búsins verður hann að lýsa henni fyrir skiptastjóra, sbr. 1. mgr. 117. gr. gpl. Þá takmarka gjaldþrotaskipti rétt kröfuhafa til að höfða dómsmál á hendur búinu nema sérstaka heimild sé að finna til þess í lögum, sbr. 116. gr. gpl. Reglan á þó ekki við ef dómsmál hefur þegar verið höfðað á hendur þrotamanni áður en úrskurður gekk um gjaldþrotaskiptin, enda tilkynni stefnandi skiptastjóra það, sbr. 2. mgr. 116. gr. gpl. Eftir að úrskurður hefur gengið er jafnframt ekki unnt að koma fram kröfu um aðför, kynnsetningu, lögbann eða löggeymslu gegn þrotabúinu, sbr. 3. mgr. 116. gr. gpl.

3. Um fyrningu kröfuréttinda við gjaldþrotaskipti

Í kaflanum er fjallað almennt um fyrningu kröfuréttinda, réttaráhrif fyrningar og hvaða sjónarmið liggja að baki fyrningarreglum. Fjallað er um hvernig fyrningarákvæði gjaldþrotalaga hefur þróast frá því að ákvæðið var fyrst lögtekið hér á landi og fram til dagsins í dag. Þá er einnig stuttlega vikið að þeim reglum sem gilda í Noregi og Danmörku um fyrningu krafna sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti þar sem einkum hefur verið litið til löggjafar þeirra landa við lagasetningu á þessu sviði hér á landi.

3.1. Almenn um fyrningu kröfuréttinda og stöðu fyrningarreglna innan fræðikerfis lögfræðinnar

Það er meginregla í íslenskum rétti að kröfuhafa ber að gæta réttar síns og halda honum til haga. Vanræki hann það hlutverk sitt getur hann misst kröfuréttindi sín vegna aðgerðarleysis. Þetta aðgerðarleysi, sem kröfuhafar bera áhættuna af, er nefnt tómlæti og réttaráhrif þess tómlætisáhrif og er meðal viðfangsefna kröfuréttar.⁸ Fyrningarreglur eru einn efnisflokkur þessa en þeim er ætlað að stuðla að því að skuldbindingum sem hefur verið stofnað til sé lokið innan hæfilegra tímamarka. Þær kveða á um að ef kröfuhafi tryggir ekki réttindi sín með sérstökum ráðstöfunum innan ákveðins frests sem venja eða löggjöf kveða á um, þá glatist réttindi hans.⁹ Auk fyrningarreglna eru ýmsar reglur í lögum, til að mynda tómlætissjónarmið og vanlýsingarreglur, sem kveða á um að menn verði að setja fram kröfur sínar innan tiltekins frests. Slíkar reglur teljast þó ekki til fyrningarreglna, þar sem framsetning kröfu felur ekki í sér upphaf nýs frests, sem venjulega er jafn langur hinum fyrri en það er séreinkenni fyrningarreglna.¹⁰ Slíkar reglur geta þó leitt til þess að kröfuhafi glati rétti sínum til að halda fram kröfu, jafnvel þótt krafan sé ófyrnd.¹¹

Hugtakið fyrning hefur verið skilgreint sem „það, er réttindi falla niður eða missa réttarvernd sína, að meira eða minna leyti, fyrir það, að þeirra er eigi neytt í tiltekinn tíma og eigi gerðar aðrar ráðstafanir um þau, sem að lögum geta varnað því að þau fyrnist.“¹² Reglur um fyrningu eru því dæmi um réttarreglur sem mæla fyrir um

⁸ Páll Sigurðsson, *Kröfuréttur, almennur hluti*. Reykjavík 1992, bls. 228-229.

⁹ Eyben, Bo von; Morthensen, Peter og Sørensen, Ivan; *Lærebog i obligationsret II*. Kaupmannahöfn 2000, bls. 170.

¹⁰ Páll Sigurðsson, *Kröfuréttur, almennur hluti*, bls. 230.

¹¹ Eyben, Bo von ofl. *Lærebog i obligationsret II*, bls. 172 – 174.

¹² Ólafur Lárusson, *Fyrirlestrar um fyrningu*. Reykjavík, útgáfuár óþekkt, bls. 1.

hvernig aðgerðarleysi getur haft áhrif að lögum og kveða á um hversu lengi afskiptaleysi kröfuhafa getur staðið yfir án þess að hann missi réttindi sín.¹³ Fyrningarreglur hafa verið í rétti norrænna þjóða frá fornri tíð og miðuðust lengi við að ekki væri hægt að sanna tilveru eða efni kröfu þegar tiltekinn tími væri liðinn frá stofnun hennar. Hér á landi voru þessar reglur mjög ófullkomnar allt fram til ársins 1905 þegar lög um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905 voru lögfest (nú lög um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, hér eftir fyl.) en fyrir þann tíma voru engar almennar fyrningarreglur í íslenskum rétti.¹⁴ Þó var að finna einstaka lagaákvæði um fyrningu skulda, m.a. varðandi eftirlaun, víxilkröfur, skaðabætur fyrir gæsluvarðhald að ósekju ofl. Í 8. kapítula Kaupabálks Jónsbókar var að finna aðalákvæðið um fyrningu sem varðaði skuld eftir dauðan mann.¹⁵ Einnig var að finna ákvæði um hversu lengi arfur mætti standa ósóttur í 17., 18. og 20. kapítula Jónsbókar um kvennagiptingar.¹⁶

Fyrningarfrestur kröfu getur fyrst byrjað að líða þegar krafa er orðin gjaldkræf, þ.e. þegar kröfuhafi á fyrst rétt til efnda, sbr. 2. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 (fyl.). Ef fyrningarfresturinn líður án þess að ekkert sé að gert missir kröfuhafi þau réttindi sem krafan hljóðaði uppá. Á hinn bóginn, ef kröfuhafi gerir þær ráðstafanir sem til þarf til að slíta fyrningu kröfu, byrjar nýr fyrningarfrestur að líða við það tímamark.

Fyrningarreglur verða alltaf að styðjast við skýra lagaheimild, þ.e. bein ákvæði í settum lögum.¹⁷ Liggja því lagaheimild ekki til grundvallar fyrningu eða séu hin lögmæltu skilyrði ekki fyrir hendi getur verið að önnur tómlætissjónarmið eigi við.¹⁸ Í fyl. er að finna almennar reglur um fyrningu, s.s. upphaf og lengd fyrningarfrests, auk þess sem þar er kveðið á um með hvaða hætti fyrningu kröfu er slitið. Lögin hafa almennt gildi nema þar sem sérákvæði í lögum mæla fyrir um annað, en slík ákvæði er víða að finna í lögum. Í flestum tilfellum mæla slíkar sérreglur fyrir um styttri fyrningarfrest en almennar reglur fyrningarlaga kveða á um en þó eru einnig dæmi um hið gagnstæða. Ástæður fyrir setningu slíkra sérreglna má rekja til ýmissa sérsjónarmiða sem hafa leitt til þess að löggjafinn hefur ekki talið ástæðu til að mæla

¹³ Eyben, Bo von ofl. *Lærebog i obligationsret II*, bls. 172.

¹⁴ Páll Sigurðsson, *Kröfuréttur, almennur hluti*, bls. 228-229.

¹⁵ Már Jónsson, *Jónsbók – Lögbók Íslendinga [Hver samþykkt var á Alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578]*. Reykjavík 2004, bls. 214.

¹⁶ Sama heimild, bls. 219-221.

¹⁷ Páll Sigurðsson, *Kröfuréttur, almennur hluti*, bls. 232.

¹⁸ Hagstrøm, Viggo og Aarbakke, Magnus, *Obligasjonsrett*. Oslo 2003, bls. 739.

fyrir jafn löngum fyrningarfresti og leiðir af almennum reglum fyrningarlaganna.¹⁹ Fyrningarákvæði 2. og 3. mgr. 165. gr. gpl. er gott dæmi um slíka sérreglu en þá eru einnig slík sérákvæði að finna í umferðarlögum nr. 50/1987 og lögum um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991, en samkvæmt 14. gr. þeirra laga fyrnast kröfur vegna skaðsemisábyrgðar á þremur árum.

3.2. Réttaráhrif fyrningar

Í VI. kafla fyl. er kveðið á um réttaráhrif fyrningar. Áhrif fyrningar eru þau að krafa nýtur ekki lengur lögverndar, þ.e. krafan fellur niður og kröfuhafi glatar rétti sínum til að krefjast efnda, sbr. 24. gr. fyl. Hann getur því ekki fengið dóm til staðfestingar kröfunni eða fengið henni framgengt með aðfaragerð, sbr. 9. gr. afl. Sem dæmi þessu til skýringar má nefna eftirfarandi Hrd. 83/2000:

Hrd. 83/2000 (Orlof). Málið höfðaði J á hendur E meðal annars til heimtu greiðslu vegna ótekins orlofs. Í málinu var óumdeilt að J hafi átt við starfslok ótekinn hluta af orlofi sem honum bar greiðsla fyrir en ágreiningur var um hvort krafa hans væri að einhverju leyti fyrnd. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 30/1987 fyrndist krafa á hendur vinnuveitanda eftir sömu reglum og gilda um kaupkröfur samkvæmt lögum um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905. Samkvæmt 1. tl. 3. gr. þeirra laga var fyrningafrestur slíkra krafna fjögur ár. Var litið svo á að krafa til orlofs félli í gjalddaga í lok næsta orlofsárs eftir að krafan hefur stofnast. Hæstiréttur tók fram að J hefði ekki sýnt fram á að fyrning kröfu hans sem tók til loka orlofsársins 1992-1993 hafi verið rofin, en J bæri sönnunarbyrðina fyrir því. Þó væri ófyrnd krafa J vegna ótekins orlofsárs frá 1. maí 1993. Var E því dæmdur til greiðslu á þeim hluta kröfunnar.

Þá verður fyrnd krafna sem hefur verið lýst við búskipti ekki tekin til greina.²⁰ Þá falla einnig niður vextir, verðbætur, arður og aðrar viðbótargreiðslur af fyrndri kröfu, sbr. 24. gr. fyl. Þegar um samskuldara er að ræða hefur fyrning gagnvart einum skuldara ekki áhrif gagnvart samskuldurum nema svo hafi verið um samið, sbr. 1. mgr. 25 gr. fyl. Því er þó öfugt farið þegar ábyrgðarmenn eru að kröfu, en hafi krafa á hendur aðalskuldara fyrnst áður en að fyrningu hefur verið slitið gagnvart ábyrgðarmanni, telst krafan á hendur ábyrgðarmanni jafnframt fyrnd, sbr. 2. mgr. 25. gr. fyl. Þá getur kröfuhafi í vissum tilfellum nýtt fyrnda kröfu til skuldajafnaðar, sbr. 26. gr. gpl., þrátt fyrir að hún njóti ekki lengur lögverndar skv. 24. gr. gpl., en það er eitt af almennum skilyrðum skuldajafnaðar að krafa sem höfð er uppi til skuldajafnaðar sé lögvarin. Hér er því um að ræða frávik frá þeirri meginreglu.²¹ Þá

¹⁹ Eyben, Bo von, *Forældelse I*. Kaupmannahöfn 2003, bls. 71-72.

²⁰ Páll Hreinsson, *Kröfuréttur, almennur hluti*, bls. 234.

²¹ Frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda, þskj. 67, 67. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0067.html> [Sótt á vefinn 14.2.2011].

hefur fyrning kröfu almennt ekki áhrif á veðrétt og haldsrétt nema í vissum undantekningartilvikum, sbr. 27. gr. gpl.

Talið er að skuldari geti endurnýjað skuld sem hefur fyrnst og þannig vakið réttaráhrif hennar að nýju. Því er hægt að setja ábyrgð og veð fyrir fyrndri kröfu þar sem litið er svo á að gildi þeirra fari eftir þeim atvikum þegar krafan er endurnýjuð en ekki þeim atvikum sem lágu að baki þeirri kröfu sem hefur fyrnst. Er því litið svo á að um ný réttindi sé að ræða og að hin fyrnda krafa sé gild að þessu leyti.²² Greiði skuldari fyrnda kröfu getur hann ekki krafist þess að greiðslan gangi til baka þar sem við slíkar aðstæður er talið að kröfuhafi hafi ástæðu til að ætla að skuldarinn hafi viðurkennt tilvist kröfunnar að nýju og að hann hafi fallið frá fyrningunni. Kröfuhafi yrði því ekki skyldaður til endurgreiðslu ef sú staða kæmi upp.²³

Þar sem fyrningarreglur teljast til efnisreglna en ekki réttarfarsreglna líkt og t.a.m. er í engilsaxneskum rétti verður skuldari að bera fyrningu formlega fyrir sig fyrir dómi ef hún á að leiða til sýknu, þar sem dómstólar taka fyrningu ekki til greina sem varnarástæðu nema varnaraðili beri henni sérstaklega við. Dómstólar kanna því ekki hvort fyrning sé fyrir hendi án kröfu þar að lútandi (*ex officio*).²⁴ Sé fyrningu ekki haldið fram sem varnarástæðu gæti skuldari því verið dæmdur til að greiða kröfuna.

3.3. Sjónarmið að baki fyrningarreglum

Þau megin sjónarmið sem liggja að baki fyrningarreglum eru að tryggja að bundinn verði endir á þær skuldbindingar sem hefur verið stofnað til. Þeir hagsmunir sem slíkum reglum er ætlað að vernda eru fyrst og fremst hagsmunir aðilanna sjálfra, almannavaldsins og samfélagsins í heild. Þau sjónarmið sem hafa verið nefnd í því sambandi eru m.a. þau að eftir því sem lengri tími líður frá stofnun kröfu kann að verða erfiðara fyrir báða aðila að færa fram sannanir fyrir þeim málsatvikum sem snúa að kröfunni. Þá er það talið æskilegt út frá sjónarhóli samfélagsins að samskiptum aðila vegna kröfu ljúki sem fyrst og þrætumál séu sem fæst.²⁵ Þessi sjónarmið eru rótgróin og hafa legið fyrningarreglum til grundvallar í meira en eina öld. Var þessum sjónarmiðum m.a. teft fram við setningu fyrstu almennu fyrningarlaganna hér á landi, þ.e. þágildandi laga um fyrningu skulda og annarra

²² Ólafur Lárusson, *Fyrirlestrar um fyrningu*, bls. 25.

²³ Ólafur Lárusson, *Fyrirlestrar um fyrningu*, bls. 25.

²⁴ Páll Sigurðsson, *Kröfuréttur, almennur hluti*, bls. 231 og Eyben, Bo von, *Forældelse II*. Kaupmannahöfn 2005, bls. 395-396 og Ólafur Lárusson, *Fyrirlestrar um fyrningu*, bls. 25.

²⁵ Páll Hreinsson, *Kröfuréttur, almennur hluti*, bls. 229-230.

kröfuréttinda nr. 14/1905.²⁶ Verða nú reifuð helstu sjónarmið sem liggja að baki þessum reglum.

3.3.1. Hagsmunir kröfuhafa

Talið er að fyrningarreglur séu kröfuhöfum til hagsbóta þar sem tilvist reglnanna hvetur þá til að leita réttar síns fyrr en þeir hefðu ella gert²⁷ og forðar þeim þannig frá hugsanlegum sönnunarskortum, til dæmis fyrir því að krafa hafi orðið til. Það getur komið afar hart niður á kröfuhafa að hafa ekki hirt um að innheimta kröfu sína innan eðlilegra tímamarka þar sem það yrði talið benda til þess að kröfuhafi hefði ekki átt nein réttindi frá upphafi eða að vafi hafi leikið þar á. Þá leiða almenn sjónarmið til þess að skynsamlegt sé að kröfuhafar fái kröfur sínar greiddar sem fyrst.²⁸

3.3.2. Hagsmunir skuldara

Ef reglurnar eru skoðaðar út frá hagsmunum skuldara hefur þeim einkum verið ætlað það hlutverk að vernda skuldara frá ágangi lánardrottna vegna krafna sem kunna að hafa verið gerðar upp.²⁹ Fyrningarreglur geta komið skuldurum sérstaklega til góða við slíkar aðstæður þar sem meiri líkur eru á að sönnunarskortur kæmi niður á skuldaranum. Sem dæmi má nefna að sé krafa orðin mjög gömul gæti skuldari átt erfiðara með að færa fram sannanir fyrir því að krafan hafi fallið niður sökum þess að kvittanir kunna að hafa glatast eða þeim verið fargað. Þá kunna vitni að lögskiptunum að hafa látist eða að vera ekki lengur til staðar af ýmsum ástæðum. Fyrningarreglur veita skuldaranum því vernd að þessu leyti. Þær spara honum fyrirhöfn sem kann að felast í því að geyma sönnunargögn fyrir að hafa efnt skuldbindingar sínar eða að þær hafi fallið niður um langt skeið.³⁰ Þá getur komið afar hart niður á skuldara sé hann krafinn um greiðslu skuldar sem ekki hefur verið haldið uppi í langan tíma. Aðgerðarleysi kröfuhafa kann að hafa gefið honum ástæðu til að ætla að krafan hafi verið gefin eftir, eða að hún hafi verið gerð upp, t.d. hafi um minniháttar kröfu verið að ræða.³¹ Þá kann að vera að skuldari hafi hagað

²⁶ *Alþingistíðindi*, A-deild, 1905, bls. 189-190.

²⁷ Hagstrøm, Viggo og Aarbakke, Magnus, *Obligasjonsrett*, bls. 739.

²⁸ Ólafur Lárusson, *Fyrirlestrar um fyrningu*, bls. 1-2 og Páll Hreinsson, *Kröfuréttur, almennur hluti*, bls. 230.

²⁹ Hagstrøm, Viggo og Aarbakke, Magnus, *Obligasjonsrett*, bls. 739.

³⁰ Ólafur Lárusson, *Fyrirlestrar um fyrningu*, bls. 1-2.

³¹ Eyben, Bo von o.fl., *Lærebog i obligationsret II*, bls. 172 og Hagstrøm, Viggo, og Aarbakke, Magnus, *Obligasjonsrett*, bls. 739.

fjárhagsráðstöfunum sínum í samræmi við það að þurfa ekki að greiða skuldina og aðrir kröfuhafar tekið tillit til þess við stofnun kröfu á hendur honum. Aðgerðarleysi kröfuhafa getur því ekki síður orðið öðrum kröfuhöfum skuldara til tjóns.³²

3.3.3. Hagsmunir samfélagsins

Eins og komið var að hér að framan eru fyrningarreglur ekki aðeins hagfelldar aðilunum sjálfum heldur hefur viðskiptalífið og samfélagið í heild jafnframt hagsmuni af því að menn gæti þess að ljúka við skuldbindingar sínar sem fyrst.³³ Almennt er talið æskilegast að dómsmál og önnur ágreiningsmál séu sem fæst en útkljáð gömul mál eru líklegri en önnur til að rata á borð dómstóla ef aðilum ber til að mynda ekki saman um tilvist kröfunnar. Það getur skapað óþarfa álag fyrir dómstóla þar sem þeir þyrftu að skera úr um réttmæti og efni krafna og leggja mat á mótbáru og sönnunargögn þegar mjög langt er liðið frá réttum efndatíma kröfu. Í 8. kapítula Kaupabálks Jónsbókar frá 1281 var t.a.m. að finna fyrningarreglu sem mældi svo fyrir að skuld, er standi 20 vetur eða lengur, fyrnist fyrir vottum. Þegar meiri en 20 ár voru liðin frá stofnun skuldar var því ekki lengur hægt að styðjast við vitni til að færa fram sönnun fyrir tilvist eða efni kröfunnar. Líklega hefur það verið byggt á því sjónarmiði sem enn er við lýði að þegar svo langt er liðið frá atvikum þyki ekki öruggt að byggja á vitnisburði.³⁴

Ljóst er að réttmæt sjónarmið liggja að baki þeim ástæðum að kröfur eru látnar fyrnast og þau hafa haft áhrif á mótun þessara reglna. Vegna þess hve sjónarmiðin eru ólík og skarast á vissan hátt er þó ómögulegt að haga reglunum með þeim hætti að unnt sé að taka fullt tillit til þeirra allra. Þó er æskilegast að tekið sé tillit til sem flestra og af þeim sökum má ætla að fyrningarreglur feli alltaf í sér meðalhóf.³⁵

3.4. Um þróun fyrningarákvæðis gjaldprotalaga

Upphaf núgildandi fyrningarákvæðis gjaldprotalaga, sbr. 2. og 3. mgr. 165. gr. gbl., má rekja aftur til laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905. Eins og áður var nefnt voru þau lög fyrstu almennu reglurnar um fyrningu kröfuréttinda og tóku þau gildi þann 23. febrúar 1906. Aðdragandinn að setningu laganna var sá að árið 1890 var frumvarp til laga um skuldafyrningu samið að tilhlutan dönsku

³² Ólafur Lárusson, *Fyrirlestrar um fyrningu*, bls. 1-2.

³³ Hagstrøm, Viggo og Aarbakke, Magnus, *Obligasjonsrett*, bls. 739.

³⁴ Ólafur Lárusson, *Fyrirlestrar um fyrningu*, bls. 2.

³⁵ Sama heimild, bls. 2.

stjórnarinnar. Það var síðan endurskoðað af dönskum og norskum lögfræðingum og í kjölfar þess voru lögfest fyrningarlög í Noregi árið 1896 en var þó aldrei lögtekið í Danmörku. Frumvarpið til íslensku laganna var sniðið eftir norsku lögunum, þar sem talið var heppilegast að hér á landi yrðu lögfestar samskonar reglur um fyrningu og giltu í nágrannalöndum okkar. Íslenska frumvarpið var þó nokkuð frábrugðið hinni norsku fyrirmynd, t.a.m. varðandi lengd fyrningarfrests, en hér á landi skyldi hann vera stystur fjögur ár, en sá frestur var þrjú ár í norsku lögunum. Ástæða þess að fresturinn var hafður lengri hér á landi var sá að þriggja ára fresturinn var talinn of skammur fyrir íslenskar aðstæður vegna þess hve seinlegt var að innheimta skuld með málsókn á þeim tíma.³⁶ Í lögunum var kveðið á um almennan fyrningarfrest og sérstakan fyrningarfrest einstakra tegunda krafna. Fyrningarfrestur var mismunandi eftir því um hvers konar kröfu var að ræða, ýmist fjögur, tíu eða 20 ár. Þá höfðu lögin að geyma þá almennu meginreglu að fyrningarfrestur þeirra krafna sem ekki var settur sérstakur fyrningartími í lögum skyldi vera tíu ár, sbr. 2. tl. 4. gr. fyl. nr. 14/1905. Samkvæmt núgildandi fyl. nr. 150/2007 er hann fjögur ár, sbr. 3. gr. þeirra laga.

Í 13. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905 var ákvæði sem kvað á um fyrningarfrest og fyrningarslit krafna sem ekki fengust greiddar við gjaldþrotaskipti og skipti á dánarbúum. Ákvæðið hljóðaði svo:

Þá er bú skuldunauts hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða opinberrar skiptameðferðar samkvæmt skiptalögum 12. apríl 1878, eða búinu er skipt af löggiltum skiptaforstjórum, kemur krafa í búið í stað lögsóknar. Sé krafan viðurkend, en henni ekki fullnægt af eignum búsins, fynnist krafa sú, er kröfueigandi kann að hafa á hendur skuldara eða erfingjum hans, samkvæmt þeim ákvæðum, sem sett eru í 1. tölulíð 4. gr., þannig að 10 ára fresturinn telst í fyrsta lagi frá skiptalokum. Ef krafan þar á móti hefir ekki verið viðurkend, þá hefur kröfueigandinn rétt til, þótt fyrningarfresturinn sé á enda, að byrja nýja málsókn, innan 6 mánaða frá skiptalokum að telja, eða hafi kröfunni verið hrundið með úrskurði skiptaréttar eða dómi æðri réttar, innan 6 mánaða frá því, að úrskurðurinn eða dómurinn var uppkveðinn.

Samkvæmt ákvæðinu var því fyrningu kröfu slitið þegar henni var lýst í þrotabú á sama hátt og þegar um málsókn var að ræða. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpinu kom fram að ekkert tímamark væri sett fyrir þessum rétti kröfueigandans. Ef skipti á búi voru tekin upp að nýju, til að mynda ef nýjar eignir komu inn í búið, þá höfðu allir þeir sem höfðu gert kröfu í búið jafnan rétt, að réttum hlutföllum, til að fá greiðslu úr búinu, án tillits til þess hve langt var síðan fresturinn hafði byrjað að líða. Þá var krafa sem hafði verið viðurkennd en hafði ekki fengist

³⁶ *Alþingistíðindi*, A-deild, 1905, bls. 189.

greidd af eignum búsin sett jafnhliða kröfu sem var viðurkennd með dómi og fyrndist því á 10 árum frá skiptalokum.³⁷

Engin breyting var gerð á þessari skipan þar til lög um gjaldþrotaskipti nr. 25/1929 tóku gildi þann 1. júlí 1929. Þau lög leystu af hólmi eldri gjaldþrotalög nr. 7/1894 og var ætlað að bæta úr misfellum á eldri gjaldþrotalöggjöf og framkvæmd hennar. Frá setningu gjaldþrotalaga nr. 7/1894 hafði nokkuð borið á því að gjaldþrotaskipti væru misnotuð af skuldurum í því skyni að skjóta undan fjármunum og komast hjá skuldum. Hluti af þeim vanda var að þrotamenn litu svo á að þeir bæru ekki ábyrgð á greiðslu þeirra krafna sem ekki fengust greiddar við gjaldþrotaskiptin³⁸ en hvergi var að finna ákvæði í gjaldþrotalögum sem beinlínis kvað á um þá ábyrgð þrotamanns. Hafði því færst í vöxt að því hlutverki sem gjaldþrotaskiptum var ætlað að gegna, þ.e. að vera neyðarúrræði fyrir einstaklinga í alvarlegum skuldavandræðum til að veita kröfuhöfum fullnustu af eignum sínum, væri misnotað til að skjóta undan fjármunum og komast hjá skuldum. Í umræðum á Alþingi 20. febrúar 1905 um frumvarpið til laga um gjaldþrotaskipti sagði Jónas Jónsson þáv. dómsmálaráðherra m.a. eftirfarandi um þetta:

Eins og tekið er fram í aths. frv., gerast allmörg gjaldþrot hjer á landi, sem ætla má, að sjá, er til gjaldþrotsins hefir stofnað, hafi dregið stórfje undan. Sjest það best á því, að skömmu síðar byrjar sami maður á stór-atvinnurekstri, og að því er virðist með fullar hendur fjár, en bankar og aðrir fyrri viðskiftavinir hans bíða einir halla af gjaldþrotinu. Þetta hlýtur að verða til þess að eitru út frá sjer í viðskiftalífinu.

...er það ætlunin með því að reyna að hindra, að slík fjárvik eigi sjer stað, en þau koma þráfaldlega fyrir, þegar viðskiftalífið eykst, því þá myndast oft möguleikar fyrir ófyrirleitna og lævísu fjárglæframenn að losna við skuldir sínar á þennan hátt.³⁹

Ætla má að við setningu eldri gjaldþrotalaga hafi ekki verið talin þörf á ákvæði í gjaldþrotalöggjöf sem kvað á um ábyrgð þrotamanns á þeim kröfum sem ekki fengust greiddar við gjaldþrotaskiptin þar sem gert var ráð fyrir því í 13. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905 að gjaldþrotaskipti slitu fyrningu krafna og því væri ljóst að ógreiddar kröfur féllu ekki niður við gjaldþrotaskiptin. Því léki enginn vafi á því að þrotamaður bæri áfram ábyrgð á greiðslu þeirra krafna sem ekki fengust að fullu greiddar við gjaldþrotaskiptin. Þetta hefur eflaust valdið þessum vafa og var því skerpt á þessari ábyrgð þrotamanns í hinum nýju lögum. Var það gert með lögfestingu á sérreglu sem kvað á um að þrotamaður bæri ábyrgð á þeim hluta

³⁷ Sama heimild, bls. 197.

³⁸ *Alþingistíðindi*, A-deild, 1929, bls. 202.

³⁹ *Alþingistíðindi*, B-deild, 1929, d. 2525-2526.

skulda sinna, sem ekki fengust greiddar af eignum búsinns við gjaldprotaskipti, í tíu ár frá skiptalokum, sbr. 38. gr. þeirra laga.⁴⁰ Ákvæðið hljóðaði svo: „Gjaldproti ber ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, er ekki fást greiddar við gjaldprotaskiptin, 10 ár eftir að skiftum lýkur.“ Ákvæðið var því í samræmi við 13. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905 sem kvað á um 10 ára fyrningarfrest. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til laganna sagði um þetta: „Ákvæði þetta er sett til þess að koma í veg fyrir það, sem nú virðist algild regla, að gjaldproti skoði sig lausan allra mála, hvað skuldbindingar hans snertir, eftir að hann hefir orðið gjaldproti.“⁴¹ Varð mönnum því ljóst að eldri skipan hafði orðið til þess að menn hirtu ekki um að standa í skilum við kröfuhafa sína og töldu sig ekki bera skyldu til að efna þær skuldbindingar sem ekki hafði verið lokið að fullu við skiptin. Ákvæðinu var því ætlað að stemma stigu við þessari þróun og koma á frekara jafnvægi milli skuldara og lánardrottna við gjaldprotaskipti. Ekki var þó fjallað sérstaklega um hið nýja ákvæði í framsöguræðum eða álitum sem var aflagið við setningu laganna. Má álykta að það bendi til þess að menn hafi verið á eitt sáttir um breytinguna og að hún væri nauðsynlegt skref í þá átt að koma í veg fyrir að gjaldprotaskipti væru leið fyrir skuldara til að losna frá skuldum.

Lög nr. 25/1929 stóðu nánast óbreytt í tæpa hálfu öld, eða fram til 1. janúar 1979 þegar ný gjaldprotalög nr. 6/1978 tóku gildi hér á landi. Þeim lögum var ætlað að bæta meðferð gjaldprotamála og voru í flestum atriðum tekin upp að danskri fyrirmynd. Um þetta leyti var unnið að endurskoðun gjaldprotareglna á öllum Norðurlöndum, en henni hafði þegar lokið í Danmörku hinn 8. júní 1977 með setningu gjaldprotalaga nr. 298/1977.⁴² Var því stuðst við þær meginlínur sem höfðu verið markaðar í þeirri vinnu við setningu laganna hér á landi, einna helst við frumvarpið að dönsku gjaldprotalögnum.⁴³ Ákvæði 38. gr. gjaldprotalaga nr. 25/1929 hafði staðið óhaggað allt til setningu laga nr. 6/1978, en þá var orðalag ákvæðisins fært í nútímalegra horf. Í þeim lögum var ákvæðið að finna í 133. gr. laganna og hljóðaði ákvæðið svo: „Protamaður ber ábyrgð á þeim hluta skulda sinna sem ekki fást greiddar við gjaldprotaskiptin, tíu ár eftir að skiptum lýkur.“ Gilti því áfram sú regla að protamaðurinn losnaði ekki endanlega frá skuldum með því að bú hans væri tekið til gjaldprotaskipta, heldur fylgdu eftirstöðvar skuldanna honum eftir

⁴⁰ *Alþingistíðindi*, A-deild, 1929, bls. 202 og Ólafur Jóhannesson, *Skiptaréttur*. Reykjavík 1954, bls.115.

⁴¹ *Alþingistíðindi*, A-deild, 1929, bls. 202.

⁴² Frumvarp til laga um gjaldprotaskipti, þskj. 120, 103. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/99/s/pdf/0120.pdf> [Sótt á vefinn 06.05.2011].

⁴³ Stefán Már Stefánsson, *Íslenskur gjaldprotaréttur*, bls. 6.

lok gjaldprotaskiptanna, svo framfarlega sem þær höfðu ekki fallið niður fyrir fyrningu samkvæmt almennum reglum, þ.e. lögum nr. 14/1905.

Á hinn bóginn var með lögnum sett sérregla um fyrningu þeirra krafna sem ekki fengust greiddar við gjaldprotaskipti. Í 139. gr. laganna var kveðið á um að ef kröfu var lýst í þrotabú var fyrningu hennar slitið gagnvart búinu og þrotamanni persónulega. Ákvæði 139. gr. hljóðaði svo:

Ef kröfu er lýst í þrotabú, er fyrningu slitið gagnvart búinu og þrotamanni persónulega. Ef krafa er viðurkennd, hefst nýr 10 ára fyrningarfrestur, þegar skiptum er lokið. Ef kröfu er hafnað, hefst nýr fyrningarfrestur á þeim degi, og fer lengd hans eftir almennum reglum.

Með almennum reglum var átt við ákvæði laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905. Ekki er að finna umfjöllun um ákvæðið í athugasemdum við frumvarpið í greinargerð né í framsöguræðum við setningu laganna á Alþingi. Kann það m.a. að skýrast af því að ákvæðið fól ekki í sér verulegar breytingar frá eldri skipan og var í samræmi við þá stefnu sem hafði verið mörkuð með 38. gr. gjaldþrotalaga nr. 25/1929 og 13. gr. laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905.

Þann 1. júlí 1992 tóku í gildi lög nr. 92/1989 sem kváðu á um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Í kjölfar þeirrar lagasetningar fór fram heildarendurskoðun löggjafar um meðferð framkvæmdarvalds ríkisins í héraði, réttarfar og dómstólaskipan. Liður í þeirri endurskoðun var setning nýrra gjaldþrotalaga nr. 21/1991 þar sem ákvæði gjaldþrotalaga nr. 6/1978 miðuðust við þá skipan dómstóla og réttarfars sem leið undir lok við gildistöku laga nr. 92/1989. Þau tóku gildi 1. júlí 1992 og leystu af hólmi eldri gjaldþrotalög nr. 6/1978.⁴⁴ Í 2. mgr. 165. gr. þeirra laga var að finna sambærilega reglu og áður hafði gilt um fyrningu krafna við gjaldprotaskipti, þar sem kveðið var á um að þrotamaðurinn bæri ábyrgð á þeim kröfum eða þeim hluta þeirra sem ekki fengust greiddar við gjaldprotaskipti. Með lögnum var þó gerð breyting á upphafi fyrningarfrests. Breytingin fólst einkum í því að ef kröfu hafði verið lýst en hún ekki fengist viðurkennd byrjaði nýr fyrningarfrestur kröfunnar að líða fyrr en áður hafði verið, þ.e. á þeim degi sem henni var lýst, sbr. Hrd. 346/2000.⁴⁵ Samkvæmt eldri lögum hafði fresturinn í slíkum

⁴⁴ Frumvarp til laga um gjaldprotaskipti o.fl., þskj. 100, 97. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/113/s/0100.html> [Sótt á vefinn 15.01.2011].

⁴⁵ Í málinu sló Hæstiréttur því föstu að ef kröfu var lýst í þrotabú en skiptastjóri tók ekki afstöðu til viðurkenningar kröfunnar byrjaði nýr fyrningarfrestur að líða þann dag sem kröfunni var lýst, en ekki við skiptalok eins og haldið var fram í málinu.

tilvikum byrjað að líða á þeim degi sem kröfu var hafnað. Ákvæði 2. mgr. 165. gr. gpl. hljóðaði svo:

Þrotamaðurinn ber ábyrgð á skuldum sínum sem fást ekki greiddar við gjaldþrotaskiptin. Ef kröfu hefur verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við þau er fyrningu hennar slitið gagnvart þrotamanninum og byrjar nýr fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptunum er lokið, ef krafan var viðurkennd, en ella á þeim degi sem kröfunni var lýst.

Í samræmi við þetta var ákvæði 13. gr. laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905 að mestu fellt úr gildi um svipað leyti við setningu nýrra laga um skipti á dánarbúum, sbr. 9.tl. 135. gr. laga um skipti á dánarbúum ofl. nr. 20/1991. Eftir þá breytingu kvað ákvæðið aðeins á um að þegar bú skuldara væri tekið til gjaldþrotaskipta kæmi krafa í stað lögsóknar, en ákvæðið hljóðaði svo: „Þá er bú skuldunauts hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða opinberrar skiptameðferðar... kemur krafa í búið í stað lögsóknar. ...“ Veigamesta breytingin sem var gerð á ákvæðinu var þó sú að fyrningarfrestur krafna skyldi ekki lengur vera tíu ár, án tillits til þess hvaða fyrningartími hefði annars gilt um viðkomandi kröfu, heldur færi um hann eftir almennum reglum, þ.e. lögum um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905, síðar lög nr. 150/2007. Hinn nýi fyrningarfrestur var því sá sami og krafan hafði borið samkvæmt almennum reglum og gat verið fjögur, tíu eða 20 ár, allt eftir því um hvers konar kröfu var að ræða.⁴⁶ Þá var unnt að rjúfa fyrningu kröfunnar á því tímabili og þannig gat kröfuhafi viðhaldið kröfunni á hendur þrotamanni um aldur hans og ævi ef kröfuhafi taldi að slíkt þjónaði hagsmunum sínum. Þá féll krafa ekki niður við gjaldþrotaskipti á búi skuldara þrátt fyrir að henni hafi ekki verið lýst við skiptin. Fyrning hennar rofnaði þó ekki vegna skiptanna og gildi þá sá fyrningarfrestur um kröfuna sem við átti samkvæmt almennum reglum. Einkum að þessu leyti var ákvæði 2. mgr. 165. gr. verulega frábrugðið 139. gr., sbr. 133. gr. eldri laga nr. 6/1978. Var talið að þessi breytta skipan væri eðlilegri en tíu ára reglan sem áður hafði gilt, ekki síst með tilliti til hagsmuna þrotamanns.⁴⁷ Má draga þá ályktun að þar sé vísað til þeirra hagsmuna sem þrotamaður hefur af að ljúka fjárhagslegu uppgjöri við skuldunauta sína sem fyrst, þar sem stór hluti krafanna gat fyrnst á skemmri tíma en tíu árum.

⁴⁶ Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 100, 97. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altxt/113/s/0100.html> [Sótt á vefinn 15.01.2011].

⁴⁷ Sama heimild.

Ákvæði 2. mgr. 165. gr. gpl. stóð óbreytt í tæp 19 ár, eða fram til 17. desember 2010, þegar lög nr. 142/2010 voru samþykkt á Alþingi. Þau kváðu á um verulegar breytingar á fyrningarákvæði gpl. eins og nánar verður fjallað um í 4.0. kafla í ritgerð þessari.

3.5. Fyrning krafna við gjaldþrotaskipti á Norðurlöndum

Við setningu laga nr. 142/2010 fjallaði allsherjarnefnd Alþingis um hvernig reglum um fyrningu krafna við gjaldþrotaskipti væri háttað í sambærilegri löggjöf annarra ríkja, þ.e. í Bretlandi, Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum. Sú skoðun leiddi í ljós að frumvarp það er varð að lögum nr. 142/2010 fól í sér sérreglu sem á sér hvergi fyrirmynd. Á Norðurlöndum gilda sambærilegar reglur og giltu hér á landi fyrir breytinguna, en í Bandaríkjunum og Bretlandi virðist sem skilyrði fyrir gjaldþrotaskiptum og niðurfellingu krafna hafi verið þrengd og þær leiðir sem þar bjóðast séu aðeins greiðsluáðlögun eða nauðasamningar.⁴⁸ Fyrsta minni hluta allsherjarnefndar Alþingis þótti það gagnrýnivert og taldi æskilegra að sambærilegar reglur giltu milli landa um réttindi kröfuhafa og skuldara.⁴⁹ Meiri hluti nefndarinnar var því ósammála og benti á að aðrar þjóðir hafa ekki þurft að glíma við efnahagshrun sambærilegt því sem átti sér stað á Íslandi haustið 2008. Meiri hlutinn taldi því að sú staðreynd leiddi óhjákvæmilega til þess að vegna þeirrar sérstæðu þyrfti að grípa til aðgerða sem ekki ættu sér fyrirmynd í öðrum löndum.⁵⁰

Ljóst er að við lagasetningu á sviði gjaldþrotaréttar hér á landi hefur einkum verið leitað fyrirmynda í norrænan rétt, einna helst til Danmerkur.⁵¹ Hið sama á við um setningu fyrningarreglna hér á landi en líkt og fram kom í kafla 3.4. voru þau upphaflega sett að danskri og norski fyrirmynd. Auk þess var hliðsjón höfð af gildandi fyrningarlögum í Noregi frá árinu 1979 með síðari breytingum við setningu núgildandi fyrningarlaga nr. 150/2007.⁵² Af þessum sökum þótti höfundi rétt að víkja

⁴⁸ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 469, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0469.html [Sótt á vefinn 25. apríl 2011].

⁴⁹ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 506, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0506.html [sótt á vefinn 25.04.2011].

⁵⁰ Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T150820.html> [Sótt á vefinn 23.01.2011].

⁵¹ Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 100, 97. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/113/s/0100.html> [Sótt á vefinn 21. apríl 2011].

⁵² Frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda, þskj. 67., 67. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0067.html> [Sótt á vefinn 21. apríl 2011].

stuttlega að gildandi reglum um fyrningu krafna sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti í Noregi og Danmörku.

3.5.1. Norskur réttur

Í norskum rétti er heildar löggjöf um gjaldþrotaskipti að finna í gjaldþrotalögum, þ.e. Lov om gjeldsforhandling og konkurs (konkursloven) nr. 58 frá 8. júní 1984. Hvergi í þeim lögum er að finna sérákvæði um hvernig fyrningu krafna sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti skuli háttað. Því gilda almennar reglur um fyrningu kröfuréttinda sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti um lengd fyrningarfrests og slit fyrningar, þ.e. ákvæði norsku fyrningarlaganna, eða Lov om foreldelse af fordringer (foreldelsesloven) nr. 18. frá 18. maí 1979 (hér eftir nfyl.). Lögin hafa að geyma almennar reglur um fyrningu kröfuréttinda og gilda um kröfur um peninga eða aðrar greiðslur nema sérákvæði í öðrum lögum kveði á um annað, sbr. 1. gr. nfyl.

Í lögunum er kveðið á um almennan og sérstakan fyrningarfrest krafna. Samkvæmt 3. gr. nfyl. er almennur fyrningarfrestur krafna þrjú ár. Þá fyrnast þær kröfur sem sérstaklega er kveðið á um í lögunum á ýmist þremur, tíu eða 20 árum, en það ræðst af því um hvers konar kröfu er að ræða. Þá er í 14. -19. gr. laganna kveðið á um með hvaða hætti er unnt að slíta fyrningu kröfu. Í 18. gr. þeirra er að finna sérstakt ákvæði sem kveður á um að fyrningu krafna vegna gjaldþrotaskipta. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins er fyrningu kröfu slitið þegar kröfuhafi leggur fram kröfu um gjaldþrotaskipti á búi skuldara. Sé kröfu lýst í búið innan kröfulýsingarfrestsins telst fyrningarfrestur kröfunnar rofinn á þeim degi sem búið er tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. 2. mgr. 18. gr. nfyl.

3.5.2. Danskur réttur

Í dönskum rétti er heildarlöggjöf á sviði gjaldþrotaréttar að finna í lögum um gjaldþrotaskipti, eða Konkursloven nr. 217 frá 15. mars 2011. Í þeim lögum er að finna ákvæði í 156. gr. laganna sem kveður á um að þrotamaður beri ábyrgð á þeim skuldum sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti. Ákvæðið er því sambærilegt og 1. málsl. 2. mgr. 165. gr. gpl. en hvergi í lögunum er að finna sérreglu á borð við 2. og 3. mgr. 165. gr. gpl. sem mælir fyrir um sérstakan fyrningarfrest krafna sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti. Því gilda ákvæði dönsku fyrningarlaganna, Forældelsesloven nr. 522 frá 6. júní 2006 (hér eftir dfyl.) um fyrningu slíkra krafna. Dönsku fyrningarlögin hafa að geyma almennar reglur um fyrningu kröfuréttinda og

gilda um kröfur um peninga eða aðrar greiðslur nema sérákvæði í lögum mæli fyrir um annað, sbr. 1. gr. dfyl. Þau kveða á um upphaf og lengd fyrningarfrests og hvaða ráðstafanir slíta fyrningu kröfu. Lögin tóku gildi þann 1. janúar 2008 og voru sett í kjölfar heildarendurskoðunar á danskri fyrningarlöggjöf. Þau leystu af hólmi fyrningarreglur dönsku laga Kristjáns V. frá árinu 1683, sbr. 5. bók 14. kapítula 4. gr. (DL-5-14-4 frá 1683) og lög nr. 274 frá 22. desember 1908 um fyrningu kröfuréttinda (Lov om forældelse af visse fordringer). Við setningu laganna voru ýmsar reglur í lögum um slit fyrningar, sem hafði m.a. verið að finna í 241. gr. dönsku gjaldþrotalaganna, felldar úr gildi og færðar inn í almennu fyrningarlögin, þar sem það þótti fara betur á því að lögin hefðu að geyma heildarreglur um fyrningu.⁵³

Samkvæmt 3. gr. dfyl. er almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda þrjú ár, sé ekki annað ákveðið í lögum. Þá er sérstaklega kveðið á um fyrningarfrest einstakra kröfuréttinda sem er ýmist fimm, tíu eða 20 ár eftir því um hvers konar kröfu er að ræða. Skaðabótakröfur fynast þó í síðasta lagi á tíu eða 30 árum eftir að tjónsatburður varð, sbr. 1. og 2. tl. 3. mgr. 3. gr. laganna.

Í 5. kafla dfyl. er kveðið á um slit fyrningar þeirra krafna sem ekki fást greiddar við gjaldprotaskipti. Ákvæði kaflans eru nokkuð samsvarandi þeim reglum sem gilda um slit fyrningar í IV. kafla fyl. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 17. gr. dfyl. er fyrningu kröfu slitið þegar krafa berst um gjaldprotaskipti. Þá er fyrningu kröfu einnig slitið með lýsingu kröfu í þrotabú, sbr. 2. tl. 1. mgr. sömu greinar. Sé kröfu lýst í þrotabú og hún viðurkennd, hefst nýr fyrningarfrestur við skiptalok, sbr. 4. mgr. 19. gr. laganna, en um lengd hans fer eftir ákvæðum laganna, eftir því um hvers konar kröfu er að ræða, sbr. 1. mgr. 19. gr. Sá frestur miðast því við sömu tímamörk og kveðið er á um í 2. mgr. 165. gr. gpl.

⁵³ LFF 2007-02-28 nr. 165. Forslag til lov om forældelse af fordringer (Forældelsesloven). Vefútgáfa Karnov [Sótt á vefinn 10.04.2011].

4. Lög nr. 142/2010 um breytingu á fyrningarákvæði gjaldprotalaga

Eins og áður hefur verið vikið að var gerð grundvallarbreyting á fyrningarákvæði gjaldprotalaga með lögum nr. 142/2010 um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti o.fl. Í þessum kafla er fjallað um í hverju sú breyting er fólgin og hvaða áhrif henni er ætlað að hafa. Þá er einnig sérstaklega vikið að túlkun á ákvæði 3. mgr. 165. gpl. sem kveður á um fyrningarslit. Við þá umfjöllun er einkum litið til þeirra athugasemda sem komu fram í lögskýringargögnum og talið var að bæri að hafa til hliðsjónar við túlkun ákvæðisins. Ekki var við neina dóma að styðjast við þessa umfjöllun þar sem fram til þessa hefur ekki reynt á gildi fyrningarákvæðisins fyrir dómi. Því er ekki komin reynsla á það hvernig ákvæðið verður túlkað í framkvæmd. Að lokum er fjallað um hvort breytingin samrýmist tilgangi gjaldprotaskipta. Verður nú nánar vikið að lögum nr. 142/2010.

4.1. Aðdragandi og markmið laganna

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti o.fl. nr. 21/1991 var lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011, þann 21. október 2010. Frumvarpið var samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu (nú innanríkisráðuneytið), en með því voru lagðar til veigamiklar breytingar á fyrningarákvæði núgildandi gjaldprotalaga nr. 21/1991, þ.e. 2. mgr. 165. gr. þeirra laga sem áður hefur verið fjallað um. Með frumvarpinu var lagt til að fyrningafrestur á þeim kröfum eða þeim hluta krafna sem ekki fást greiddar við gjaldprotaskipti yrði færður niður í tvö ár auk þess sem verulegar skorður yrðu settar við fyrningarslitum krafna til að koma í veg fyrir að hægt væri að viðhalda kröfu á hendur skuldara um ókomna tíð, sbr. 3. mgr. 165. gr. gpl.⁵⁴

Frumvarpið var liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að bregðast við þeim alvarlega skuldavanda einstaklinga sem hafði skapast í kjölfar bankahrunsins. Talið var að vegna þeirra aðstæðna sem nú ríkja í þjóðfélaginu hjá skuldugum heimilum væri sú skipan sem þá var í lögum um gjaldprotaskipti of íþyngjandi fyrir skuldara.⁵⁵ Gjaldprota einstaklingum væri gert erfitt um vik að ljúka fjárhagslegu uppgjöri sínu við kröfuhafa þar sem löggjafinn heimilaði kröfuhöfum að viðhalda kröfum sínum á

⁵⁴ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti ofl., þskj. 116, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0116.html [Sótt á vefinn 5. maí 2011].

⁵⁵ Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T150601.html [Sótt á vefinn 23.01.2011].

hendur þrotamanni út í hið óendanlega. Bent var á að með skemmri fyrningarfresti krafna og frekari skorðum við fyrningarslitum væri stytur sá tími sem einstaklingar eru í þrotarástandi og þeim auðveldað að taka þátt í eðlilegri samneyslu, einkaneyslu og fjárfestingum. Það gæti dregið úr veltu svarta hagkerfisins og landflóttu, en algengt væri að einstaklingar leituðu út í svarta atvinnustarfsemi til að sjá sér og fjölskyldum sínum farborða í kjölfar gjaldþrots.⁵⁶ Þá virðist sem hinu nýja fyrningarákvæði hafi einnig verið ætlað að gefa einstaklingum færi á að krefjast gjaldþrotaskipta á búi sínu til að til að koma fjármálum sínum á réttan kjöl.⁵⁷

Frumvarpinu var einnig ætlað að jafna þann aðstöðumun sem er á réttarstöðu einstaklinga og lögaðila við gjaldþrot. Bent var á að alþekkt væri að fjöldi einstaklinga hefði stofnað félög utan um skuldir sínar sem nú hafa orðið gjaldþrota. Þeir aðilar væru nú lausir allra mála, þar sem lögaðili hættir iðulega að vera til eftir gjaldþrotaskipti, sbr. XIII. kafla hfl. og XIII. kafla ehfl., en hvorki stjórnendur né hluthafar þess bera persónulega ábyrgð á skuldbindingum þess, sbr. 2. mgr. 1. gr. hfl. og 1. mgr. 1. gr. ehfl. Því er ekki eins farið með einstaklinga þar sem þeir þurfa að burðast með þær skuldir sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiptin alla tíð ef ekkert yrði að gert. Frumvarpinu var því ætlað að bregðast við þessum aðstæðum og auðvelda einstaklingum sem verða gjaldþrota að koma fjármálum sínum á réttan kjöl og taka virkan þátt í samfélaginu að nýju.⁵⁸

Frumvarpið var samþykkt á Alþingi með lögum nr. 142/2010 þann 17. desember 2010 og öðluðust löginn þegar gildi. Frumvarpið hafði þó átt sér nokkurn aðdraganda en frumvarp svipaðs eðlis og það sem varð að lögum nr. 142/2010 var lagt fram á Alþingi þann 9. mars 2010. Með því frumvarpi var lögð til sambærileg breyting á 2. mgr. 165. gr. gpl. sem fól að meginefni í sér að fyrningarfrestur krafna sem ekki fengust greiddar við gjaldþrotaskipti yrði færður niður í fjögur ár og ekki yrði unnt að slíta fyrningu að nýju hafi krafan ekki orðið til vegna ólögðmætra athafna þrotamannsins. Með frumvarpinu var stefnt að sömu markmiðum og var gert með því

⁵⁶ Hagsmunasamtök heimilanna (umsögn). Erindi dagbókarnr. 168, 139. löggjafarþing. Komudagur 08.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=168&nefnd=a> [Sótt á vefinn 06.05.2011].

⁵⁷ Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/139/s/0469.html> [Sótt á vefinn 10.05.2011].

⁵⁸ Frumvarp til laga um breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 116, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0116.html [Sótt á vefinn 29.01.2011], vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/raeda/139/rad20101214T163439.html [Sótt á vefinn 29.01.2011] og frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 469, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0469.html [Sótt á vefinn 29.01.2011].

frumvarpi sem síðar varð að lögum, þ.e. að koma í veg fyrir að unnt sé að viðhalda kröfum á hendur þrotamanni um aldur hans og ævi og stuðla að því að þeir einstaklingar sem hafa orðið gjaldþrota gætu lokið fjárhagslegu uppgjöri við kröfuhafa sína með skjótvirkari hætti en áður hafði tíðkast.⁵⁹ Það frumvarp var sent til umræðu í allsherjarnefnd og skilaði sú vinna sér í því frumvarpi sem var samþykkt með lögum nr. 142/2010.⁶⁰

4.2. Efni breytingarinnar

Í breytingunni sem gerð var á fyrningarákvæði gjaldprotalaga með lögum nr. 142/2010 fólst einkum tvennt, þ.e. annars vegar breyting á upphafi og lengd fyrningarfrests krafna sem ekki fást greiddar við gjaldprotaskipti og hins vegar róttæk breyting á möguleikum kröfuhafa á að slíta fyrningarfresti krafna. Þar sem lögin fólu í sér grundvallarbreytingu á fyrningarákvæði gjaldprotalaga, sem líkt og fram hefur komið á sér hvergi annarsstaðar fyrirmynd, var þó talið nauðsynlegt að reynslan af breytingunum yrði metin innan fjögurra ára og lögin þá endurskoðuð eftir atvikum ef tilefni þykir til.⁶¹ Því kann að vera að ákvæðið muni ekki standa með þessum hætti til framtíðar. Eftir breytinguna eru 2. og 3. mgr. 165. gr. gbl. því svohljóðandi:

Þrotamaðurinn ber ábyrgð á skuldum sínum sem fást ekki greiddar við gjaldprotaskiptin. Hafi kröfu verið lýst við gjaldprotaskiptin og ekki fengist greidd við þau er fyrningu slitið gagnvart þrotamanninum og byrjar þá nýr tveggja ára fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptunum er lokið. Þótt kröfu hafi ekki verið lýst við skiptin gildir þessi sami fyrningarfrestur um hana, enda fyrnist hún ekki á skemmri tíma.

Fyrningu krafna sem um ræðir í 2. mgr. verður aðeins slitið á ný með því að kröfuhafi höfði innan fyrningarfrests mál á hendur þrotamanninum og fái þar dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum gagnvart honum. Slíka viðurkenningu skal því aðeins veita með dómi að kröfuhafi sýni fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta aftur fyrningu, svo og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma, en að gengnum slíkum dómi gilda almennar reglur um fyrningu hennar. Hafi kröfuhafi fengið tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni í eign þrotamannsins áður en frestur skv. 2. mgr. var á enda fyrnist krafa hans þó ekki að því leyti sem fullnusta fæst á henni á síðari stigum vegna þeirra tryggingarréttinda.

Verður nú vikið nánar að því hvað fólst í þessum breytingum.

⁵⁹ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti o.fl. og lögum um fyrningu kröfuréttinda, þskj. 775, 449. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/138/s/0775.html [Sótt á vefinn 15.03.2011].

⁶⁰ Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/raeda/139/rad20101021T145307.html> [Sótt á vefinn 29.01.2011].

⁶¹ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti o.fl., þskj. 507, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0507.html [Sótt á vefinn 05.05.2011].

4.2.1. Sérregla um fyrningarfrest

Líkt og áður sagði var með lögum nr. 142/2010 lögfest sérregla um fyrningarfrest á þeim kröfum eða þeim hluta krafna sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti. Um er að ræða grundvallarbreytingu frá því sem áður hafði gilt, en fyrir breytinguna giltu almennar reglur um fyrningarfrest krafna við gjaldþrotaskipti, þ.e. ákvæði laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, líkt og fjallað var um í kafla 3 í ritgerð þessari. Samkvæmt ákvæðum þeirra laga gat sá frestur verið ýmist fjögur, tíu eða 20 ár, allt eftir því um hvers konar kröfu var að ræða. Eftir breytinguna er fyrningartími allra krafna sem lýst er í þrotabú einstaklings og fást ekki greiddar við gjaldþrotaskipti sá sami, þ.e. tvö ár, án tillits til þess um hvers konar kröfu er að ræða. Jafnframt gildir sami frestur um kröfur sem ekki er lýst við gjaldþrotaskipti nema þær fynnist á skemmri tíma samkvæmt almennum reglum, en það var gert til að girða fyrir að kröfuhafar ættu að öðrum kosti færi á að láta almennan fyrningarfrest gilda um kröfur sínar með því að lýsa þeim ekki við skiptin.⁶² Var talið að með þessum hætti væri þrotamanni gert kleift að koma fjármálum sínum á réttan kjöl að nýju með skjótvirkari hætti en samkvæmt eldri lögum.⁶³

Hinn nýi tveggja ára fyrningarfrestur hefst á þeim degi sem gjaldþrotaskiptum er lokið. Þó var bent á að heppilegra væri að láta fyrningarfrestinn rofna við kröfulýsingu⁶⁴ eða þann dag sem úrskurður um gjaldþrotaskipti er kveðinn upp af héraðsdómara eða staðfestur af Hæstarétti, þar sem skiptalok geta dregist á langinn en það gæti dregið úr áhrifum breytingarinnar.⁶⁵ Á það var þó ekki fallist og var sú ákvörðun studd þeim rökum að eðlilegt væri að miða upphaf frestsins við skiptalok þar sem á þeim tímamarki liggur ljóst fyrir hvernig kröfur munu greiðast af búi skuldarans.⁶⁶ Er því ljóst að sami fyrningarfrestur gildir nú um allar kröfur, hvort sem þeim er lýst í þrotabú eða ekki og án tillits til þess hvort þær eru viðurkenndar við

⁶² Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 116, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0116.html [Sótt á vefinn 05.05.2011].

⁶³ Sama heimild, vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/raeda/139/rad20101214T163439.html og vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T145755.html [Sótt á vefinn 08.05.2011].

⁶⁴ Hagsmunasamtök heimilanna (umsögn). Erindi dagbókarnr. 168, 139. löggjafarþing.

⁶⁵ Talsmaður neytenda (umsögn). Erindi dagbókarnr. 198, 139. löggjafarþing. Komudagur 09.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=198&nefnd=a> [Sótt 06.05.2011].

⁶⁶ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti of.l., þskj. 469, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0469.html [Sótt á vefinn 24.04.2011].

skiptin, en það er frábrugðið því sem ákvæði 2. mgr. 165. gr. gpl. kvað á um áður en ákvæðinu var breytt.

4.2.2. Sérregla um slit fyrningar

Með lögum nr. 142/2010 voru einnig gerðar verulegar breytingar á möguleikum kröfuhafa á að rjúfa fyrningu krafna sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti frá því sem áður hafði verið. Fyrir gildistöku laga nr. 142/2010 giltu almennar reglur um slit fyrningar en þær er að finna í ákvæðum IV. kafla fyl. Samkvæmt þeim reglum gat kröfuhafi viðhaldið kröfunni um ókomna tíð að vild með því að rjúfa fyrningu kröfunnar ef hann taldi slíkt þjóna hagsmunum sínum. Fyrningarfresti kröfu var til að mynda slitið ef skuldari viðurkenndi skylduna með atferli sínu gagnvart kröfuhafa, s.s. með loforði um greiðslu eða með því að greiða afborgun af höfuðstól, verðbætur eða vexti, sbr. 14. gr. laganna. Þá sleit það fyrningu kröfu ef kröfuhafi höfðaði mál á hendur skuldara til að fá dóm fyrir kröfunni eða þegar krafist var skuldajafnaðar fyrir dómi, sbr. 15. gr. fyl. Ennfremur var fyrningu slitið ef kröfuhafi lagði málið til ákvörðunar fyrir stjórnvald sem hefur sérstakt ákvörðunarvald til þess að ljúka deilu um ágreininginn, sbr. 16 gr. fyl. Hið sama gildi ef krafist var fullnustugerðar fyrir kröfu hjá skuldara og var fyrningu slitið þegar beiðni um fullnustugerð barst héraðsdómara eða sýslumanni og fullnægt var öðrum skilyrðum laga, sbr. 17. gr. gpl.

Samkvæmt núgildandi ákvæði 3. mgr. 165. gr. gpl. eru kröfuhöfum afar þröngar skorður settar svo þeim verði talið heimilt að slíta fyrningu kröfu, en slíkt er nú aðeins heimilt í undantekningartilvikum. Samkvæmt 3. mgr. 165. gr. gpl. gildir nú sú sérregla að fyrningu kröfu verður aðeins slitið á ný með því að kröfuhafi höfði mál mál á hendur þrotamanninum innan fyrningarfrestsins og fái þar dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum gagnvart honum. Til þess að kröfuhafi fái slíkan viðurkenningardóm þarf hann að sýna fram á að hann hafi *sérstaka hagsmuni* af því að fyrningu verði aftur slitið gagnvart skuldara. Auk þess verður kröfuhafi að sýna fram á að *líkur megi telja á að hann fái kröfu sína greidda á nýjum fyrningartíma*, en kröfuhafi ber sönnunarbyrðina fyrir því. Þá nægir ekki að sýna fram á að líkur séu á að lítill hluti kröfunnar fái greiddur heldur verður það að vera allur hluti kröfunnar eða meirihluti hennar.⁶⁷ Reglan er því afar sérstæð þar sem ekki er gert ráð fyrir að heimilt sé að slíta fyrningu krafna nema í undantekningartilfellum, en það er eitt séreinkenni

⁶⁷ Sama heimild.

fyrningarreglna að unnt sé að slíta fyrningu þannig að nýr frestur byrji að líða sem yfirleitt er jafn langur hinum fyrri.⁶⁸ Á hinn bóginn, fái lánardrottinn viðurkenningu dómstóls á því að fyrningu kröfunnar sé slitið hefst nýr fyrningarfrestur eftir almennum reglum. Hinn nýi fyrningarfrestur verður því ekki jafn langur hinum fyrri eins og venjan er við fyrningarslit, þ.e. tvö ár, heldur mun krafan fyrnast samkvæmt ákvæðum fyl. á ýmist fjórum, tíu eða 20 árum, allt eftir því um hvers konar kröfu er að ræða.

Þá er einnig kveðið á um í 3. mgr. 165. gr. gpl. að hafi kröfuhafi fengið tryggingarréttindi fyrir kröfu sinni í eign þrotamannsins áður en fyrningarfresturinn var á enda fyrnist krafa hans þó ekki að því leyti sem fullnusta fæst fyrir henni á síðari stigum vegna þeirra tryggingarréttinda. Þessi hluti ákvæðisins fékk enga umfjöllun við meðferð málsins á Alþingi, en þó var bent á að orðalagið „á síðari stigum“ væri of óljóst og gæfi enga hugmynd um við hvaða tímamörk væri átt. Því hefði verið æskilegra að orðalag ákvæðisins markaði ákveðin tímamörk.⁶⁹ Við þeim tilmælum var þó ekki brugðist við meðferð málsins á Alþingi.

Verður nú vikið nánar að hinum sérstöku skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi svo kröfuhafi fái fyrningu kröfu sinnar slitið.

4.2.2.1. Hinir „sérstöku hagsmunir“

Í lögskýringargögnum kemur fram að við mat á því hvort kröfuhafi verði talinn hafa *sérstaka hagsmuni* af því að fá fyrningu kröfu sinnar slitið verði litið til þess hvernig skuldbindingin er til orðin. Þá skuli höfð í huga atvik á borð við það hvort krafa á hendur þrotamanni stafi af saknæmum eða ólögmetum athöfnum, en það er þó alltaf skilyrði að kröfurnar hafi orðið til með lögmætum hætti.⁷⁰ Mikil áhersla var lögð á að þessi atvik væru talin í dæmaskyni og því ekki um tæmandi talningu að ræða á þeim atvikum sem gætu heyrt undir ákvæðið. Þó var ítrekað að við þetta mat bæri að hafa í huga að ákvæðið væri undantekningarákvæði sem bæri að túlka þröngt.⁷¹

⁶⁸ Frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda, þskj. 67, 67. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0067.html> [Sótt á vefinn 05.05.2011].

⁶⁹ Umboðsmaður skuldara (umsögn). Erindi dagbókarnr. 127, 139. löggjafarþing. Komudagur 05.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=127&nefnd=a> [Sótt á vefinn 05.05.2011].

⁷⁰ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 469, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0469.html [Sótt á vefinn 05.05.2011].

⁷¹ Sama heimild.

Mörgum þingmönnum þóttu þessar skýringar afar óljósar og töldu þörf á að skýra betur í ákvæðinu sjálfu við hvað væri átt með sérstökum hagsmunum.⁷² Við aðra umræðu um frumvarpið á Alþingi þann 21. október 2010 sagði Ögmundur Jónasson, þáv. dómsmála- og mannréttindaráðherra sem var einn flutningsmaður frumvarpsins, eftirfarandi m.a. um þetta en hann taldi engan vafa leika á því við hvað er átt með hugtakinu „sérstakir hagsmunir“:

...Auðvitað eru það almennir hagsmunir allra þeirra sem eiga útistandandi skuld að innheimta hana. Það eru hinir almennu hagsmunir. Hinir sérstöku hagsmunir, sem vikið er að hérna, túlkast af því af hvaða rót þeir eru runnir og það er skilgreint hver sú rót er; ef um saknæmt eða refsivert eða ámælisvert athæfi er að ræða. Ég tek sem dæmi: Ofbeldisglæpur hefur verið framinn og maður er dæmdur í skaðabótasekt, þá er eðlilegt að fórnarlambið geti óskað eftir því að fyrning verði rofin. Það eru tilvik af slíku tagi sem verið er að höfða til.⁷³

Þrátt fyrir þá skoðun hans og annarra flutningsmanna frumvarpsins bárust einnig fjölmargar athugasemdir til allsherjarnefndar frá umsagnaraðilum sem tóku í sama streng og margir þingmenn, þ.e. að skýra þyrfti betur við hvað væri átt með sérstökum hagsmunum og hvers konar kröfur féllu undir undanþáguna.⁷⁴ Þrátt fyrir það voru ekki gerðar breytingar á ákvæðinu við meðferð málsins hjá allsherjarnefnd. Í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar Alþingis komu þó fram eftirfarandi

⁷² Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T155655.html> [Sótt á vefinn 06.05.2011], Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T154013.html> [Sótt á vefinn 06.05.2011], frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 506, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/139/s/0506.html> [Sótt á vefinn 06.05.2011] og frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 507, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/139/s/0507.html> [Sótt á vefinn 22.03.2011].

⁷³ Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/raeda/139/rad20101021T150003.html [Sótt á vefinn 29.01.2011].

⁷⁴ Alþýðusamband Íslands (umsögn). Erindi dagbókarnr. 32, 139. löggjafarþing. Komudagur 28.10.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=32&nefnd=a> [Sótt á vefinn 06.05.2011], Bændasamtök Íslands (umsögn). Erindi dagbókarnr. 232, 139. löggjafarþing. Komudagur 12.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=232&nefnd=a> [Sótt á vefinn 06.05.2011], Félag atvinnurekenda (umsögn). Erindi dagbókarnr. 132, 139. löggjafarþing. Komudagur 05.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=132&nefnd=a> [Sótt á vefinn 06.05.2011], Logos lögmansþjónusta (umsögn). Erindi dagabókarnr. 169, 139. löggjafarþing. Komudagur 08.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=169&nefnd=a> [Sótt á vefinn 06.05.2011], Laganeftnd LMFÍ (umsögn). Erindi dagbókarnr. 104, 139. löggjafarþing. Komudagur 01.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=104&nefnd=a> [Sótt á vefinn 06.05.2011], Mannréttindaskrifstofa Íslands (umsögn). Erindi dagbókarnr. 105, 139. löggjafarþing. Komudagur 01.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=105&nefnd=a> [Sótt á vefinn 06.05.2011], Umboðsmaður skuldara (umsögn). Erindi dagbókarnr. 127, 139. löggjafarþing, Talsmaður neytenda (umsögn). Erindi dagbókarnr. 198, 139. löggjafarþing.

sjónarmið sem nefndin taldi að dómstólum beri einnig að nota til viðmiðunar við mat á því hvort undanþágan eigi við.⁷⁵

...nota mætti til viðmiðunar að hvorki hafi verið stofnað til skuldanna á óheiðarlegan hátt né að niðurfellingin gæti talist óhæfileg þegar litið er til annarra skuldara eða hagsmuna almennings almennt. Þannig gætu viðmiðin átt við kröfur sem óhæfilegt gæti verið gagnvart öðrum skuldurum eða samfélaginu sjálfu að veita skamma fyrningu. Það getur t.d. átt við kröfur sem stofnað hefur verið til vegna óhóflegrar neyslu og fjárráða vegna óhæfilegra arðgreiðslna, óhóflegra kaupauka og annarra slíkra ósiðlegra athafna án þess þó að það geti hafa talist ámælisvert að leggja í skuldsetninguna sjálfa miðað við þau fjárrád sem viðkomandi hefur haft.⁷⁶

Þá ræddi nefndin hvort leggja ætti til að í ákveðnum tilfellum þyrfti ekki að leita til dómstóla til að fá fyrningu kröfu slitið, t.a.m. þegar um er að ræða þær kröfur sem greiðsluaðlögun tekur ekki til, sbr. 3. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun. Þá var rætt hvort skattkröfur, þ.e. kröfur um vangoldinn virðisaukaskatt eða afdregna staðgreiðslu yrðu undanþegnar styttri fyrningarfresti en þar sem slíkar kröfur eru almennar kröfur við gjaldprotaskipti skv. 113. gr. gpl. þótti ekki rétt að fallast á slíka undanþágu. Þó var sérstaklega tekið fram í þessu sambandi að mikilvægt væri að dómstólar meti hvert einstakt tilvik en við það mat geti þeir meðal annars tekið mið af réttthæð krafna við gjaldprotaskipti.⁷⁷

Frá umsagnaraðilum bárust fjöldi athugasemda um að það væri afar óheppilegt að fela dómstólum að afmarka í framkvæmd hvers konar tilvik geta heyrt undir undanþáguna eins og ráðgert var.⁷⁸ Dómstólum er í raun eftirlátið að túlka hvenær „sérstakir hagsmunir“ teljast til staðar og hvort líkur séu á að fullnusta kröfu geti fengist á nýjum fyrningartíma en hvort tveggja er afar matskennt og opið til túlkunar. Þrátt fyrir að það falli undir almennt hlutverk dómstóla að túlka lög frá Alþingi getur beint og meðvitað framsal til dómstóla um túlkun óljóss orðalags farið í bága við 2. gr. stjkskr. sem kveður á um þrískiptingu ríkisvaldsins. Þá er í 1. mgr. 27. gr. stjkskr. kveðið á um að öll lög skuli birt og skuli vera aðgengileg þeim sem eiga að fylgja þeim. Réttaröryggissjónarmið liggja þar að baki, þ.e. að þjóðfélagsþegnar hafi

⁷⁵ Alþýðusamband Íslands (umsögn). Erindi dagbókarnr. 32, 139. löggjaraþing.

⁷⁶ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti o.fl., þskj. 469, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/139/s/0469.html> [Sótt á vefinn 25.05.2011].

⁷⁷ Sama heimild.

⁷⁸ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti o.fl., þskj. 116, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0116.html [Sótt á vefinn 04.05.2011], Fjármálaeftirlitið (umsögn). Erindi dagbókarnr. 166, 139. löggjaraþing. Komudagur 08.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php?lthing=139&malnr=108&dbnr=166&nefnd=a> [Sótt á vefinn 02.05.2011], Logos lögmannsþjónusta (umsögn). Erindi dagabókarnr. 169, 139. löggjaraþing, Laganefnd LMFÍ (umsögn). Erindi dagbókarnr. 104, 139. löggjaraþing, Mannréttindaskrifstofa Íslands (umsögn). Erindi dagbókarnr. 105, 139. löggjaraþing.

möguleika á að kynnast lögnum og geti lesið úr þeim skýrar reglur svo þeim sé mögulegt að fara eftir þeim. Hið mikla rúm dómstóla til túlkunar fer því í bága við þau sjónarmið.⁷⁹ Ekki verður þó nánar fjallað um þessi sjónarmið í þessari ritgerð.

Deila má um hvort þessar athugasemdir í lögskýringargögnum skýri nægilega vel hver túlkun dómstóla mun verða á orðunum „sérstakir hagsmunir“. Ljóst er að markmið löggjafans með hinu nýja fyrningarákvæði var að setja kröfuhöfum afar þröngar skorður fyrir fyrningarslitum, en vegna þess hve ákvæðið er óljóst að þessu leyti getur það orðið til þess að lagabreytingin nái ekki því markmiði sem að var stefnt, þ.e. að ákvæðið verði túlkað of rúmt þannig að fyrningarslit verði mun algengari en lagt var upp með við setningu laganna. Á það bentu ýmsir alþingismenn og umsagnaraðilar.⁸⁰

Þá var bent á að of víðtækt mat dómstóla í þessum efnum kunni að skapa ójafnræði milli kröfuhafa⁸¹ sem gæti brotið í bága við meginreglu gjaldþrotaréttar um jafnræði kröfuhafa⁸² og jafnræðisreglu 65. gr. stjkskr. Hið sama má segja um það fyrirkomulag að kröfuhafar þurfi að fara fyrir dómstóla til að fá fyrningu kröfu slitið. Af þeim sökum kann aðeins afmarkaður hópur kröfuhafa að hafa möguleika á að fá fyrningu krafna sinna slitið þar sem kostnaður sem hlýst af því að fara með mál sitt fyrir dóm er mun meira íþyngjandi fyrir einstaklinga sem eru kröfuhafar en t.d. fyrir stærri kröfuhafa á borð við fjármálafyrirtæki eða opinbera aðila.⁸³ Þrátt fyrir að viðurkennt hafi verið í löggjöf að heimilt sé að víkja frá meginreglunni um jafnræði kröfuhafa verða málefnaleg sjónarmið að liggja til grundvallar slíkri mismunun. Sem dæmi um slíka undantekningu má nefna ákvæði XVII. kafla gþl. um rétt hæð krafna við gjaldþrotaskipti. Samkvæmt ákvæðum þess kafla er heimilt að veita ákveðnum tegundum krafna forgang við úthlutun úr þrotabúi. Sú forgangsöröðun er talin byggja á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum og ræðst einkum af því hvernig kröfur á hendur skuldara hafa orðið til.⁸⁴ Því gæti þurft að svara þeirri spurningu hvort hægt sé að réttlæta þann greinarmun sem lög nr. 142/2010 gera á milli kröfuhafa, þ.e. að hagsmunir afmarkaðs hóps séu tryggðir umfram hagsmunum annarra. Ætla má að

⁷⁹ Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*. Reykjavík 1999, 2. útgáfa, bls. 403.

⁸⁰ Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T150156.html [Sótt á vefinn 28.04.2011] og Bændasamtök Íslands (umsögn). Erindi dagbókarnr. 232, 139. löggjafarþing.

⁸¹ Mannréttindaskrifstofa Íslands (umsögn). Erindi dagbókarnr. 105, 139. löggjafarþing.

⁸² Stefán Már Stefánsson, *Íslenskur gjaldþrotaréttur*, bls. 5.

⁸³ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 506, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altxt/139/s/0506.html [Sótt á vefinn 18.04.2011].

⁸⁴ Markús Sigurbjörnsson, „Skuldaröðin við gjaldþrotaskipti og skipti skuldafrágöngubúa“. *Úlfjótur* 1988 (3-4), bls. 220.

hlutlæg og málefnaleg sjónarmið verði að liggja að baki þeirri undantekningu svo hún fái staðist þá reglu.

Af framangreindu er ljóst að ákvæði 3. mgr. 165. gr. gbl. gefur ekki skýra mynd af því til hvaða sjónarmiða er litið við mat á því hvort sérstakir hagsmunir teljist vera fyrir hendi eða hvaða kröfur muni vera taldar falla undir hugtakið í framkvæmd. Þvert á móti er ákvæðið afar matskennt þegar kemur að skilyrðum fyrir fyrningarslitum. Því verður fróðlegt að sjá hvernig dómstólar munu túlka ákvæðið og beita þeim sjónarmiðum sem fram koma í lögskýringargögnum um túlkun ákvæðisins.

4.3. Samrýmist hið nýja fyrningarákvæði tilgangi gjaldprotaskipta?

Í álitni meiri hluta allsherjarnefndar Alþingis kom fram að nefndin hefði fjallað um hvort kostnaður vegna skiptatryggingar kynni að koma í veg fyrir að einstaklingar gætu krafist gjaldprotaskipta á eigin búi og hvort það gæti valdið því að lögin næðu ekki þeim markmiðum sem að var stefnt með frumvarpinu, þ.e. „að færa skuldurum tæki til að koma fjármálum sínum á réttan kjöl“.⁸⁵ Af framangreindum ummælum nefndarinnar virðist sem hið nýja fyrningarákvæði hafi ekki aðeins verið ætlað að bæta réttarstöðu gjaldþrota einstaklinga heldur einnig verið hugsað sem úrræði fyrir skulduga einstaklinga til að endurskipuleggja fjármál sín. Ljóst er að það sjónarmið samræmist illa tilgangi gjaldprotaskipta en fram til þessa hefur því verið ætlað að vera úrræði fyrir kröfuhafa til að leita sameiginlegrar fullnustu af eignum skuldarans, sbr. umfjöllun í kafla 2 í ritgerð þessari. Þá er einnig ljóst að þegar ákvæði gjaldþrotalaga, sem kvað á um ábyrgð þrotamanns á þeim skuldbindingum sem ekki fengust greiddar við gjaldprotaskipti, var fyrst lögtekið var því ætlað að koma í veg fyrir að skuldari krefðist gjaldprotaskipta til að komast undan skuldum, sbr. umfjöllun í kafla 3.4. í ritgerð þessari. Með þessari skipan má því segja að löggjafinn hafi farið á svig við þá stefnumörkun sem þá var tekin fyrir rúmum 100 árum síðan. Telja verður að löggjafinn verði að gæta þess að raska ekki því jafnvægi sem þarf að ríkja milli skuldara og kröfuhafa þegar hróflað er við gjaldþrotalöggjöfinni. Hagsmunir kröfuhafa verða eflaust að vera í fyrirrúmi ef úrræðið á að skila tilætluðum tilgangi. Því má álykta sem svo að hér hafi löggjafinn ef til vill gengið of langt með því að ætla

⁸⁵ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti o.fl., þskj. 469, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0469.html [Sótt á vefinn 04.05.2011].

gjaldþrotaskiptum að vera úrræði fyrir skuldara til að koma fjármálum sínum á réttan kjöl, en framangreind ummæli allsherjarnefndar Alþingis virðast benda til þess.

5. Um áhrif breyttrar fyrningarreglu gjaldprotalaga

Eins og fram hefur komið var lögum nr. 142/2010 ætlað að bæta réttarstöðu þeirra einstaklinga sem hafa verið teknir til gjaldprotaskipta og auðvelda þeim að koma fjármálum sínum á réttan kjöl að nýju.⁸⁶ Þrátt fyrir þetta göfuga markmið laganna urðu talsverð skoðanaskipti við meðferð málsins á Alþingi um hvaða áhrif gætu fylgt þessari breytingu. Í þessum kafla eru reifuð helstu sjónarmið sem komu fram við meðferð málsins á Alþingi um möguleg áhrif laganna auk þess sem vikið er að því hvort þeirra hafi gætt fram til þessa. Sérstaklega er fjallað um hvort hið nýja fyrningarákvæði hafi leitt til þess að einstaklingar krefjist gjaldprotaskipta á eigin búum í auknum mæli. Fjallað er um hvort lögin nái því markmiði sem að var stefnt og hvaða áhrif fyrningarreglan kann að hafa á kröfuhafa og réttindi þeirra. Að lokum er vikið að því hvort löggjafinn hefði mögulega getað náð fram sama markmiði með vægari aðgerðum.

5.1. Samfélagsleg áhrif

Við meðferð málsins á Alþingi var bent á að það væri óhagkvæmt fyrir samfélagið að fjöldi einstaklinga yrðu gjaldþrota. Það leiddi gjarnan af sér ýmis félagsleg vandamál. Algengt væri að þeir einstaklingar flyttu úr landi eða leituðu út í svarta atvinnustarfsemi til að sjá sér og fjölskyldum sínum farborða.⁸⁷ Ætla má að slíkra áhrifa kunni sérstaklega að gæta í þeim tilvikum sem einstaklingur hefur orðið gjaldþrota vegna skattskulda, en samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 (hér eftir tsl.) eru launagreiðendur skyldugir til þess að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupum launþega vegna skattskulda. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að halda eftir allt að 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni. Sá réttur innheimtumanns er því afar ríkur og getur orðið til þess að skuldarinn fær lítið sem ekkert af launatekjum sínum útborgað. Þeir sem fyrir því verða hafa því gjarnan séð sig knúna til að leita annarra og óhefðbundnari leiða til að afla sér tekna og ala önn fyrir sér og fjölskyldu sinni. Var því vonast til þess að skemmri fyrningarfrestur

⁸⁶ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti o.fl., þskj. 116, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0116.html [Sótt á vefinn 08.05.2011].

⁸⁷ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti o.fl., þskj. 507, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0507.html [Sótt á vefinn 03.05.2011], vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T155655.html [Sótt á vefinn 05.05.2011], vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T155225.html [Sótt á vefinn 05.05.2011] og frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldprotaskipti o.fl., þskj. 469, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0469.html [Sótt á vefinn 05.05.2011].

gæti leitt til þess að gjaldþrota einstaklingar komi fyrr upp á yfirborðið úr undirheimum hins svarta hagkerfis.⁸⁸ Talið var að þrátt fyrir að gjaldþrotaskipti hefðu að markmiði að verja hagsmuni kröfuhafa þyrfti löggjöfin að gefa skuldurum sem lenda í gjaldþroti sanngjörn tækifæri til að hefja nýtt líf og byggja fjárhag sinn upp að nýju en það hefði jákvæð áhrif á samfélagið. Það muni gera þeim kleift að taka virkan þátt í samfélaginu að nýju, t.a.m. með greiðslu skatta, jafnvel í formi einhverskonar reksturs eða fjárfestinga.⁸⁹

Þá var bent á að reglan gæti leitt til ábyrgari útlánastarfsemi til framtíðar. Þegar fyrningarfrestur væri nú markaður svo skammur færu kröfuhafar að huga betur að því hvort skuldarar séu í raun borgunarmenn fyrir þeim útlánnum sem þeim eru fengin. Talið var að slík þróun yrði til hagsbóta fyrir alla aðila.⁹⁰ Þó voru áhyggjur um að breytingin gæti leitt til þess að kröfuhafar yrðu tregari til útlána nú þegar fyrningartími krafna væri orðinn svo skammur. Þá gætu kröfuhafar einnig leitast við að takmarka áhættu sína með því að hækka vexti og auka vægi trygginga í lánasamningum. Var bent á að slíkar aðgerðir gætu haft í för með sér verulega neikvæð áhrif á skuldara og allan almenning í landinu og því ekki til þess fallnar að bæta stöðu þeirra. Ekki var þó framkvæmd rannsókn á því hver áhrif breytingarinnar kynnu að verða og voru þetta því aðeins getgátur einar.⁹¹ Samkvæmt upplýsingum sem höfundur aflaði frá tveimur stórum viðskiptabönkum á Íslandi voru þó hvorki útlánareglur hertar né vextir hækkaðir í kjölfar breytingarinnar. Á hinn bóginn voru þær endurskoðaðar í kjölfar efnahagshrunsins sem leiddi til þess að nú gilda strangari reglur um útlán en fyrir hrun.⁹² Þeirra áhrifa sem hér voru nefnd hefur því ekki gætt vegna laga nr. 142/2010 fram til þessa.

⁸⁸ Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T155655.html [Sótt á vefinn 07.05.2011].

⁸⁹ Sama heimild.

⁹⁰ Samtök fjármálafyrirtækja (umsögn). Erindi dagbókarnr. 126, 139. löggjafarþing. Komudagur 05.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=126&nefnd=a> [Sótt á vefinn 07.05.2011], Viðskiptaráð Íslands (umsögn). Erindi dagbókarnr. 211, 139. löggjafarþing. Komudagur 10.11.2011. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=211&nefnd=a> [Sótt á vefinn 07.05.2011] og Fjármálaeftirlitið (umsögn). Erindi dagbókarnr. 166, 139. löggjafarþing.

⁹¹ Creditinfo Ísland hf. (umsögn). Erindi dagbókarnr. 170, 139. löggjafarþing. Komudagur 08.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=170&nefnd=a> [Sótt á vefinn 07.05.2011] og vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T155655.html [Sótt á vefinn 07.05.2011].

⁹² Viðtal höfundar við starfsmenn tveggja fjármálafyrirtækja (trúnaður). 21. og 25. apríl 2011.

5.2. Áhrif á stöðu skuldara

Eins og vikið hefur verið að var hinu breytta fyrningarákvæði ætlað að bæta stöðu einstaklinga sem hafa orðið gjaldþrota og koma í veg fyrir að þeir þurfi að glíma við afleiðingar gjaldþrots á næstu árum. Ekki voru þó allir hlynntir þessari breytingu á fyrningarákvæðinu og var bent á að vegna hins skamma fyrningarfrests gæti breytingin leitt til þess að einstaklingar leituðu síður úrræða á borð við greiðsluaðlögun hjá embætti umboðsmanns skuldara til að koma fjármálum sínum á réttan kjöl þar sem gjaldþrot væri nú fýsilegri kostur sem tæki skemmri tíma.⁹³ Í þessum kafla er sérstaklega vikið að þessum sjónarmiðum og leitast við að varpa ljósi á hvort raunverulega sé hægt að bera þessi tvö ólíku úrræði saman með þessum hætti. Þá er fjallað um hvort þessara áhrifa hafi gætt fram til þessa frá gildistöku laganna. Að lokum er vikið að því hvort lögin hafi náð tilsettu markmiði og hvort þau kunni að verði skuldurum að einhverju leyti til góðs.

5.2.1. Gjaldþrotaskipti fremur en greiðsluaðlögun?

Við meðferð málsins á Alþingi komu fram sjónarmið um að lög nr. 142/2010 samrýmdust illa þeirri stefnumörkun sem löggjafinn hefur fylgt fram til þessa við setningu laga á sviði skuldaskilaréttar, þ.e. að forða einstaklingum í fjárhagsvandræðum frá gjaldþrotaskiptum. Fram til þessa hefur löggjafinn komið fram með fjölda úrræða sem miða að því að gera skuldurum í alvarlegum fjárhagsvandræðum kleift að endurskipuleggja fjármál sín með samningum við kröfuhafa og forða þeim frá gjaldþroti. Sú viðleitni löggjafans endurspeglast t.a.m. í ákvæðum 2. þáttar gþl. um greiðslustöðvun, ákvæðum 3. þáttar gþl. um nauðasamninga og nú síðast í lögum um greiðsluaðlögun nr. 101/2010 (hér eftir lga.).⁹⁴ Bent var á að með svo skömmum fyrningarfresti skapaðist hvati fyrir skuldara til að óska eftir gjaldþrotaskiptum á búum sínum í stað þess að leita slíkra úrræða og þá einkum greiðsluaðlögunar.⁹⁵ Þau rök sem einkum voru færð fram fyrir því voru þau að fyrningarfrestur krafna við gjaldþrot er nú skemmri en

⁹³ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 507, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/139/s/0507.html> [Sótt á vefinn 05.05.2011].

⁹⁴ Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/raeda/139/rad20101214T171649.html [Sótt á vefinn 07.05.2011].

⁹⁵ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 507, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0507.html [Sótt á vefinn 17.04.2011], vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T151022.html> [Sótt 06.05.2011] og vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/raeda/139/rad20101214T171649.html [Sótt 06.05.2011].

greiðsluaðlögunartímabilið.⁹⁶ Aðrir voru algjörlega ósammála þeim fullyrðingum og töldu að greiðsluaðlögunartíminn myndi vega létt andspænis öllum þeim erfiðleikum sem fylgja því að fara í gjaldþrot.⁹⁷

5.2.1.1. Úrræði með ólík markmið

Greiðsluaðlögun er úrræði sem hefur það að markmiði að gera einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu þannig að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar í náinni framtíð, sbr. 1. gr. lga. Úrræðið stendur til boða fyrir þá einstaklinga sem sýna fram á að þeir séu eða verði ófærir um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð, sbr. 1. mgr. 2. gr. lga. Greiðsluaðlögun er því ólík gjaldþrotaskiptum að því leyti að hagsmunir skuldara eru fyrst og fremst hafðir að leiðarljósi við greiðsluaðlögun en þvert á móti fara gjaldþrotaskipti fram til að veita kröfuhöfum fullnustu af öllum eignum skuldarans og eru framkvæmd í þágu þeirra.⁹⁸ Á þessum úrræðum er því grundvallarmunur.

Ef samkomulag næst um greiðsluaðlögun hefst frestun á greiðslu þeirra krafna sem greiðsluaðlögunin tekur til, sbr. 3. gr. laganna og hefur meðal annars í för með sér að kröfuhöfum er óheimilt að gjaldfella skuldir, gera fjárnám í eignum skuldarans eða óska eftir gjaldþrotaskiptum á búi hans. Kröfuhafi fer því ekki á vanskilaskrá eftir að samkomulag næst þrátt fyrir að hann greiði ekki afborganir af kröfum sínum. Á þeim tíma gera skuldari og lánardrottinn samning um uppgjör skulda, sem nefnist „samningur um greiðsluaðlögun“, en þetta tímabil getur tekið allt að þrjú mánuði, sbr. 8. gr. lga. Að því loknu hefst greiðsluaðlögunartímabil, en það skal að jafnaði taka eitt til þrjú ár frá því að samningurinn tekur gildi, sbr. 16. gr. lga. Á greiðsluaðlögunartímabilinu greiðir skuldari af öllum skuldum í samræmi við þá

⁹⁶ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 506, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0506.html [Sótt á vef 05.05.2011], vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T151426.html> [Sótt á vefinn 29.01.2011], frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 507, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0507.html [Sótt á vefinn 02.05.2011], Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (umsögn). Erindi dagbókarnr. 167, 139. löggjafarþing. Komudagur 08.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=167&nefnd=a> [Sótt á vefinn 08.05.2011] og Samtök fjármálafyrirtækja (umsögn). Erindi dagbókarnr. 126, 139. löggjafarþing.

⁹⁷ Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T153048.html [Sótt 02.05.2011], vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T153537.html [Sótt 02.05.2011] og frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 469, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0469.html [Sótt á vefinn 15.04.2011].

⁹⁸ Stefán Már Stefánsson, *Íslenskur gjaldþrotaréttur*, bls. 5.

afborgunarfjárhæð sem ákveðin var í samningi til greiðsluaðlögunar, sbr. VI. kafla lga. Að loknu greiðsluaðlögunartímabili eru samningskröfur afskrifaðar nema um annað sé samið í samningi til greiðsluaðlögunar, sbr. 3. gr. lga.

Ljóst er að lagt er upp með að greiðsluaðlögunartímabilið geti tekið allt upp í rúm þrjú ár sem er nokkuð lengra en sá tími sem það tekur kröfur skuldara að fyrnast, verði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta. Hér ber þó að líta til fleiri þátta sem verður að hafa í huga við samanburð á þessum ólíku úrræðum og nú verður nánar vikið að.

5.2.1.2. Óvissa um tímamark skiptaloka

Við mat á því hversu skamman tíma það kann að taka kröfur að fyrnast ber að hafa í huga að samkvæmt 2. mgr. 165. gr. gpl. byrjar nýr fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptum er lokið. Ljóst er að gjaldþrotaskipti eru misjafnlega umfangsmikil og geta tekið allt frá nokkrum mánuðum upp í nokkur ár. Tímamark skiptaloka ræðst því einkum af því hvort eigna- eða skuldastaða viðkomandi einstaklings er einföld eða flókin. Einnig hefur áhrif hvort þurfi að leitast við að rifta ráðstöfunum þrotamanns og hvort eignir séu vandseljanlegar. Þá er vinnulag skiptastjóra og annir þeirra við önnur störf mjög mismunandi en í lögum er hvergi kveðið á um að skiptum skuli lokið innan ákveðinna tímamarka. Öllu heldur er kveðið á um í 2. mgr. 122. gr. gpl. að skiptastjóri skuli gæta þess í störfum sínum að skiptum sé lokið án ástæðulauss dráttar. Það tímamark getur verið afar teygjanlegt og fer eftir umfangi búsins. Á þetta var bent við meðferð málsins og að því væri þörf á að setja skiptastjórum ákveðin og skýrari tímamörk. Að öðrum kosti væri hætta á að lögin næðu ekki markmiðum sínum.⁹⁹ Þegar þetta er ritað hefur ekki verið brugðist við þeirri ábendingu. Meðal annars af þessum ástæðum kunna gjaldþrotaskipti ekki að vera eins skjótvirk leið til að losna frá skuldum og ætla má í fyrstu.

5.2.1.3. Áhrif gjaldþrotaskipta á atvinnumöguleika þrotamanns

Þá má ekki gleyma því að gjaldþrotaskipti eru afar róttækt neyðarúrræði sem felur í sér ákveðnar lögfylgjur sem eru afar íþyngjandi fyrir skuldarann. Gjaldþrotaskipti geta t.a.m. haft áhrif á atvinnumöguleika þrotamanns. Sem dæmi má nefna að samkvæmt

⁹⁹ Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T155225.html [Sótt á vefinn 29.01.2011], Talsmaður neytenda (umsögn). Erindi dagbókarnr. 198, 139. löggjafarþing og Umboðsmaður skuldara (umsögn). Erindi dagbókarnr. 127, 139. löggjafarþing.

4. mgr. 3. gr. HFL getur einstaklingur ekki stofnað hlutafélag sé bú hans undir gjaldþrotaskiptum. Þá er það skilyrði fyrir því að geta gegnt ýmsum störfum að hafa ekki verið úrskurðaður gjaldþrota. Gjaldþrota einstaklingur má t.a.m. ekki vera stjórnarmaður eða stjórnandi í fjármálafyrirtæki í fimm ár, sbr. 2. mgr. 16. gr. og 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og lögmenn mega aldrei hafa orðið gjaldþrota, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998. Þá er kveðið á um í lögum um endurskoðendur nr. 79/2008 að ef endurskoðandi verður gjaldþrota má hann ekki gegna því starfi um þriggja ára skeið, sbr. 1. tl. 1. mgr. 25. gr., sbr. 2. tl. 1. mgr. 2. gr. þeirra laga. Gjaldþrot er því afar afdrifarík niðurstaða fyrir tiltekna hópa samfélagsins en greiðsluáðlögun hefur ekki sambærileg áhrif á atvinnumöguleika þrotamanns.

5.2.1.4. Áhrif gjaldþrotaskipta á stöðu þrotamanns í bankakerfinu

Gjaldþrotaúrskurður hefur veruleg áhrif á stöðu þrotamanns í bankakerfinu. Í kjölfar slíks úrskurðar er þrotamaður skráður á svokallaða vanskilaskrá en það er gagnagrunnur á tölvutæku formi þar sem upplýsingum um vanskil einstaklinga og lögaðila er safnað saman og miðlað. Bankar, sparisjóðir, stofnanir og fyrirtæki sem eiga það sameiginlegt að stunda lánaviðskipti nota þá skrá til að ákvarða lánstraust þeirra sem hafa óskað eftir lánaþyngri greiðslu af einhverju tagi. Skráningin hefur þau áhrif að viðkomandi einstaklingur mun að öllum líkindum eiga í erfiðleikum með ýms konar lánaþyngri greiðslu, svo yfirdráttarlán og önnur bankalán af ýmsum toga, bílalán og reikningslánaviðskipti.¹⁰⁰ Sem dæmi má nefna að einstaklingur sem hefur orðið gjaldþrota og er á vanskilaskrá fær yfirleitt ekki útgefið kreditkort í banka, að minnsta kosti ekki fyrst um sinn eftir gjaldþrot, þar sem viðkomandi hefur yfirleitt mjög lítið lánstraust.¹⁰¹

Þegar fjögur ár eru liðin frá því að einstaklingur var úrskurðaður gjaldþrota afskráist færslan sjálfkrafa úr vanskilaskránni.¹⁰² Því er ljóst að það getur tekið þrotamann langan tíma til að afla sér lánstrausts og möguleika á að eiga í bæði lánaviðskiptum og öðrum viðskiptum við einstaklinga og fyrirtæki eftir að hafa orðið gjaldþrota. Gjaldþrot hefur því verulegar afleiðingar fyrir þrotamann að því leyti að það kann að verða erfitt fyrir hann byggja upp fjárhag sinn að nýju og koma sér upp

¹⁰⁰ Creditinfo Ísland hf., „Um skrá yfir vanskil“, 15. apríl 2011. Aðgengilegt á www.creditinfo.is

¹⁰¹ Viðtal höfundar við starfsmann fjármálafyrirtækis (trúnaður). 14. apríl 2011.

¹⁰² Creditinfo Ísland hf., „Um skrá yfir vanskil“, 15. apríl 2011. Aðgengilegt á www.creditinfo.is

heimili, t.a.m. að fá fyrirgreiðslu fyrir íbúðarláni og aðrar lánaforingreiðslur vegna þessa. Því er tæpast hægt að tala um að sá sem verður gjaldþrota sé laus allra mála að loknum fyrningarfresti. Gjaldþrotið verður hluti af viðskiptasögu þrotamannsins og kann að fylgja honum með ýmsum hætti síðar á lífsleiðinni.

Í þessu sambandi var bent á að til að tryggja virkni breytingarinnar þurfi að sjá til þess að fyrndar kröfur séu afmáðar úr skráum og kerfum banka og lánastofnana strax við lok fyrningarfrests ásamt skráningu eða merkingu um árangurlaust fjárnám einstaklings.¹⁰³ Samkvæmt upplýsingum frá félaginu Creditinfo Ísland hf. sem sérhæfir sig m.a. í miðlun slíkra fjárhags- og viðskiptaupplýsinga hefur þó ekki verið gerð breyting þar á. Creditinfo hefur því enn heimild til að veita upplýsingar um hvort einstaklingur hafi orðið gjaldþrota í fjögur ár frá því að skráningin var gerð.¹⁰⁴

Gera verður ráð fyrir að því skuldarar muni líta til þessara sjónarmiða þegar þeir taka ákvörðun um hvernig þeir skuli bregðast við fjárhagsörðugleikum sínum, þ.e. hvort leita eigi t.d. greiðsluáðlögunar eða krefjast gjaldprotaskipta. Ljóst er að gjaldprotaskipti fela í sér afar íþyngjandi lögfylgjur ólíkt öðrum úrræðum sem miða að samningum við lánardrottna. Þá verður auk þess ekki framhjá því litið að félagsleg sjónarmið kunni einnig að hafa áhrif á þá ákvörðun þrotamanns um hvernig hann muni bregðast við skuldavanda sínum. Almennt má ætla að einstaklingar forðist eftir fremsta megni að verða gjaldþrota þrátt fyrir skamman fyrningarfrest, en það hefur alla tíð þótt nokkuð ámælisvert og niðurlægjandi fyrir skuldara að hafa orðið gjaldþrota þar sem það hefur verið talið benda til þess að skuldari hafi farið ógætilega í fjármálum.

5.2.1.5. Skortur á fjármagni til greiðslu á skiptatryggingu

Það er afar kostnaðarsamt fyrir skuldara að krefjast gjaldprotaskipta en einstaklingur getur þurft að reiða fram 250.000 kr. fyrir skiptatryggingu, auk þess sem skiptabeiðandi er ábyrgur fyrir frekari kostnaði sem kann að falla til við skiptin, sbr. 2. mgr. 66. gr. og 2. mgr. 67. gr. gpl. Það verður að teljast hæpið að einstaklingar sem eiga í svo alvarlegum fjárhagsvandræðum hafi tök á að reiða fram slíka fjármuni. Skiptatryggingin felur því í sér verulega hindrun fyrir þann hóp skuldara. Þegar af þeirri ástæðu verður að telja ólíklegt að skemmri fyrningarfrestur leiði til þess að einstaklingar óski eftir gjaldprotaskiptum á eigin búi í auknum mæli. Bent var á að af

¹⁰³ Hagsmunasamtök heimilanna (umsögn). Erindi dagbókarnr. 168, 139. löggjafarþing.


¹⁰⁴ Viðtal höfundar við Halldór Valgeirsson, sérfræðing hjá Creditinfo Ísland hf., 20. apríl 2011.

Þessum sökum myndi fjöldi einstaklinga sitja uppi eftir sem áður með árangurslaust fjárnám á eignum sínum og óbreytta stöðu gagnvart kröfuhöfum.¹⁰⁵ Meiri hluti allsherjarnefndar Alþingis tók þó ekki í sama streng og taldi að í samanburði við þá hagsmuni sem skuldari getur haft af gjaldþrotaskiptum gæti kostnaður vegna skiptatryggingarinnar ekki talist óyffirstíganleg fjárhæð nema þar sem bú eru eignalaus eða afar eignalítill. Meiri hlutinn beindi því þó til ráðherra að kanna hvort í slíkum tilfellum sé möguleiki á að mæta kostnaði við trygginguna.¹⁰⁶ Þegar þetta er skrifað hafði þó ekki verið brugðist við þeim tilmælum.¹⁰⁷

5.2.1.6. Áhrif frá gildistöku laganna

Þegar þetta er ritað eru fjórir mánuðir liðnir frá því að lög nr. 142/2010 tóku gildi. Samkvæmt tölulegum upplýsingum frá embætti umboðsmanns skuldara virðist raunin vera sú að breytingin hafi ekki haft í för með sér að færri leiti greiðsluaðlögunar hjá embætti umboðsmanns skuldara en fyrir gildistöku laganna eins og sjá má af eftirfarandi mynd:¹⁰⁸

Mynd 1



* Frá 1. apríl – 13. apríl 2011

¹⁰⁵ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 507, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/alttext/139/s/0507.html [Sótt á vefinn 22.04.2011], Hagsmunasamtök heimilanna (umsögn). Erindi dagbókarnr. 168, 139. löggjafarþing. og Creditinfo Ísland hf. (umsögn). Erindi dagbókarnr. 170, 139. löggjafarþing.


¹⁰⁶ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 469, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/alttext/139/s/0469.html [Sótt á vefinn 05.05.2011].

¹⁰⁷ Höfundur hafði samband við innanríkisráðuneytið og óskaði eftir upplýsingum um hvort hafi verið brugðist við þeim tilmælum en ekki fengust um það upplýsingar þegar þetta er ritað í maí 2011.

¹⁰⁸ Heimild: Embætti umboðsmanns skuldara.

Þá virðist afar fátítt að einstaklingar krefjist gjaldþrotaskipta á eigin búum en engin marktæk aukning hefur orðið þar á frá því að lög nr. 142/2010 tóku gildi þann 17. desember 2010 líkt og má ráða af eftirfarandi mynd.¹⁰⁹

Mynd 2



* Fyrstu 4 mánuði ársins 2011

Því má álykta sem svo að fólk leitist við eftir fremsta megni að leita annarra úrræða en gjaldþrotaskipta til að koma betri skipan á fjármál sín og að algjör þrautarlending felist í því að óska eftir gjaldþrotaskiptum. Ætla má að þau sjónarmið sem hér voru nefnd að framan hafi þau áhrif og sérstaklega sú fyrirstaða sem felst í því að reiða fram fjármagn fyrir skiptatryggingu.

Að svo stöddu verður því ekki ályktað sem svo að breytingin á fyrningarákvæði gjaldþrotalaga hafi leitt til þess að einstaklingar muni krefjast gjaldþrotaskipta á eigin búum í auknum mæli. Eflaust verður þó ekki hjá því komist að einhverjir muni sjá sér hag í því að óska eftir gjaldþrotaskiptum og freista þess að fá skuldir sínar felldar niður á tveimur árum vegna hinnar breyttu reglu. Þar sem afar skammur tími er liðinn frá því að lög nr. 142/2010 tóku gildi á þó eftir að koma betur í ljós hvort aukning muni verða í þeim efnum. Tíminn einn mun því leiða í ljós hver sú niðurstaða verður.

5.2.2. Bætt staða þrotamanna

Enginn vafi leikur á því að með lögum nr. 142/2010 hefur réttarstaða þrotamanna við gjaldþrot verið bætt til muna frá því sem kveðið var á um í eldri lögum. Því má ætla

¹⁰⁹ Heimild: Héraðsdómstólar. (Ath. í einhverjum tilfellum kunna beiðnir þó að hafa verið afturkallaðar eða að héraðsdómari hafi ekki fallist á kröfu um gjaldþrotaskipti).

að lögin hafi náð tilætluðu markmiði að því leyti. Protamaður fær nú lausn undan ágangi kröfuhafa mun fyrr en ella og getur því risið fyrr upp úr skuldavandræðum sínum. Þrátt fyrir að ekki hafi verið gerð breyting á því hvernig skráningu í vanskilaskrá er háttáð, þ.e. að slík skráning hverfur ekki fyrr en fjögur ár eru liðin frá því að protamaður varð úrskurðaður gjaldþrota, verður ekki ályktað sem svo að ástæða sé til að breyta því fyrirkomulagi, þar sem ætla verður lánastofnunum sanngjarna möguleika á að meta raunverulega viðskiptasögu skuldara nokkur ár aftur í tímann, t.d. við útlánamat.

5.2.3. Sterkari samningsstaða skuldara

Þar sem gjaldþrotaskipti leiða nú til þess að kröfuhafi missir réttindi sín fyrr en ella kann að vera að kröfuhafar muni ekki sjá sér hag í því að óska eftir gjaldþrotaskiptum á búum einstaklinga nema í þeim tilfellum þar sem þeir telja ljóst að það muni skila þeim auknum heimtum. Af þeim sökum var sérstaklega bent á að breytingin gæti leitt til sterkari samningsstöðu skuldara við kröfuhafa, einkum lánastofnanir, þar sem samningsvilji slíkra aðila kann nú að aukast vegna þessa. Samningar við skuldara gætu því skilað kröfuhöfum meiri ávinningi en gjaldþrotaskipti.¹¹⁰ Hið nýja fyrningarákvæði kann því að fela í sér jákvæð áhrif fyrir skuldara að þessu leyti.

5.3. Áhrif á réttindi kröfuhafa


Eins og fram kom í kafla 4 er ljóst að sú breyting sem gerð var á fyrningarákvæði gjaldþrotalaga er afar íþyngjandi fyrir kröfuhafa. Líkur á að kröfuhafi fái fullnustu krafna sinna kunna að minnka nú þegar fyrningarfrestur krafna hefur verið markaður svo skammur og afar þröngar skorður eru settar við fyrningarslitum. Því kann að vera hætt á því að breytingin leiði til þess að gjaldþrotaskipti verði ekki eins fýsilegt úrræði fyrir kröfuhafa til að leita fullnustu krafna sinna og áður þar sem þau kunna nú aðeins að baka þeim kostnað og stytta líftíma krafna þeirra. Verður nú nánar vikið að því hvaða áhrif breytingin kann að hafa í för með sér á kröfuhafa og réttindi þeirra.

¹¹⁰ Hagsmunasamtök heimilanna (umsögn). Erindi dagbókarnr. 168, 139. löggjafarþing og vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:<http://www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T151426.html> [Sótt á vefinn 08.05.2011].

5.3.1. Fjárnám fremur en gjaldþrotaskipti

Á hverju ári lenda að jafnaði um 5.000 einstaklingar í þeirri stöðu að hjá þeim er gert árangurslaust fjárnám. Sá fjöldi virðist þó hafa aukist gríðarlega í kjölfar bankahrunsins eins og sjá má af eftirfarandi mynd:¹¹¹

Mynd 3



*Fyrstu þrjú mánuði ársins

Þá virðast tölurnar benda til þess að almennt krefjist lánveitendur gjaldþrotaskipta í kjölfar árangurslaus fjárnáms í algjörum undantekningartilfellum, eða að meðaltal í 3,76% tilvika.¹¹² Einkum þrjár ástæður hafa verið nefndar sem kunna að skýra þennan mismun.¹¹³ Í fyrsta lagi er kostnaðarsamt fyrir kröfuhafa að óska eftir gjaldþrotaskiptum á búi skuldara. Með hverri beiðni um gjaldþrotaskipti kann kröfuhafi að þurfa að leggja fram tryggingu fyrir skiptakostnaði ef ekki er ljóst að eignir skuldans muni duga fyrir þeirri greiðslu, sbr. 2 mgr. 66. gr. og 2. mgr. 67. gr. gþl. Eins og áður hefur verið vikið að nemur sú trygging í dag 250.000 kr. Þá þarf skiptabeiðandi að greiða 15.000 kr. fyrir hverja kröfu um gjaldþrotaskipti sem er lögð fram fyrir héraðsdómi, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991. Því er ljóst að stórir kröfuhafar á borð við innheimtumann ríkissjóðs og ýmsar lánastofnanir þyrftu að leggja út gríðarlegar fjárhæðir í tryggingar fyrir skiptakostnaði

¹¹¹ Heimild: Creditinfo Ísland hf. og embætti umboðsmanns skuldara.

¹¹² Þessi prósentutala er þó ekki nákvæm þar sem í einhverjum tilfellum kann að vera að til gjaldþrots hafi komið hjá skuldara án þess að árangurslaust fjárnám hafi áður farið fram hjá viðkomandi skuldara. Þó er algengast að til gjaldþrotaskipti komi í kjölfar árangurslaus fjárnáms hjá skuldara.

¹¹³ Creditinfo Ísland hf. (umsögn). Erindi dagbókarnr. 170, 139. löggjafarþing.

á hverju ári ef krafist er gjaldþrotaskipta í kjölfar árangurslauss fjárnáms í öllum tilfellum. Í *öðru lagi* hefur verið bent á að í flestum tilfellum er ólíklegt að úrskurður um gjaldþrotaskipti muni skila kröfuhöfum auknum heimtum þar sem yfirleitt eru eignir bús litlar sem engar og því engar líkur á að skiptakostnaður fái endurgreiddur við skiptin. Því svarar það sjaldnast kostnaði að ganga lengra við fullnustu krafanna, en það er fremur gert í þeim tilvikum þegar um er að ræða háar kröfur eða þar sem grunur leikur á um undanskot eigna. Álykta má sem svo að tölurnar bendi til þess að kröfuhafar sjái sér yfirleitt ekki fjárhagslegan hag í því að óska eftir gjaldþrotaskiptum í kjölfar árangurslauss fjárnáms af þeirri ástæðu. Í *þriðja lagi* hafa kröfuhafar ákveðna skattalega hagsmuni af því að árangurslaust fjárnám liggja að baki kröfu þeirra. Ástæðan er sú að árangurslaust fjárnám veitir kröfuhöfum möguleika á að afskrifa kröfur sínar án athugasemda frá skattyfirvöldum, sbr. 3. tl. 31. gr. tsl.¹¹⁴ Með því móti hafa þeir möguleika á að lækka tekjuskattstofn sinn sem nemur fjárhæð hinnar töpuðu kröfu.

Eftir þá breytingu sem var gerð með lögum nr. 142/2010 er einnig ljóst að ef skuldari á engar eignir kunna gjaldþrotaskipti aðeins að baka kröfuhöfum kostnað og stytta líftíma krafna þeirra. Kröfuhafar hafa því nú enn minni hagsmuni en áður af því að krefjast gjaldþrotaskipta í slíkum tilvikum. Því kann að vera að lánveitendur muni almennt nýta önnur úrræði á borð við fjárnám til að gæta hagsmuna sinna og innheimta kröfur sínar.¹¹⁵ Á þann hátt geta kröfuhafar viðhaldið kröfum sínum út í hið óendanlega auk þess sem það er ekki eins kostnaðarsamt og að krefjast gjaldþrotaskipta.

Þrátt fyrir að gjaldþrot kunni nú að vera síður ákjósanlegur kostur fyrir kröfuhafa leysir það ekki vandamál skuldara. Árangurslaust fjárnám getur verið álíka íþyngjandi fyrir skuldara og gjaldþrot þar sem skuldari fer á vanskilaskrá og verður fyrir nánast öllum þeim fjármálhindrunum sem fylgja gjaldþroti. Meðal annars af þessum sökum var bent á við meðferð málsins að jafnframt væri þörf á breytingu á fyrningarfresti krafna sem ekki fæst fullnusta fyrir við árangurslaust fjárnám.¹¹⁶ Á hinn bóginn má ráða af þeim tölum sem fram koma í mynd 2 í kafla 5.2.1.6. í ritgerð þessari að engin veruleg fækkun hafi orðið á gjaldþrotabeiðnum frá kröfuhöfum frá því að fyrningarákvæðinu var breytt. Þó er eflaust of skammur tími liðinn frá því að lög nr.

¹¹⁴ Sama heimild.

¹¹⁵ Sama heimild.

¹¹⁶ Hagsmunasamtök heimilanna (umsögn). Erindi dagbókarnr. 168, 139. löggjafarþing.

142/2010 tóku gildi svo hægt sé að segja til um hvernig hinn breytta fyrningarregla mun hafa áhrif á kröfuhafa að þessu leyti.

5.3.2. Minni líkur á fullum efndum krafna

Þar sem kröfuhafar hafa nú mun skemmri tíma til að innheimta kröfur sínar og mjög þröngar skorður eru settar við fyrningar slitum kunna afleiðingarnar óhjákvæmilega að verða þær að líkur kröfuhafa á að fá fullar efndir krafna sinna eftir gjaldþrotaskipti minnka. Var bent á að í einhverjum tilfellum kunni hin breytta regla því að leiða til þess að kröfuhafar séu í raun sviptir möguleika á fullnustu krafna sinna.¹¹⁷ Ástæðan er sú að eftir að gjaldþrotaskiptum er lokið standa yfirleitt engar eignir eftir í búinu. Þrotamaðurinn er því yfirleitt eignalaus í langan tíma eftir gjaldþrotaskiptin. Því má ætla að afar litlar líkur séu á að þrotamanni muni áskotnast nægir fjármunir á svo skömmum tíma eftir skiptalok að hann hafi möguleika á að efna ógreiddar kröfur sínar við kröfuhafa áður en tveggja ára fyrningarfresturinn skv. 2. mgr. 165. gr. gpl. er á enda. Það ræðst þó af fjárhæð þeirra krafna sem eftir standa að loknum skiptum.

Fram til þessa hefur ekkert mál komið til kasta dómstóla þar sem reynt hefur á túlkun ákvæðisins eftir að því var breytt. Af framansögðu vaknar sú spurning hvort dómstólar gætu hugsanlega komist að þeirri niðurstöðu að hið nýja fyrningarákvæði 2. og 3. mgr. 165. gr. gpl. feli í sér skerðingu á eignarrétti kröfuhafa sem sé í andstöðu við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, sbr. 72. gr. stjskr., komi til með að reyna á ákvæðið fyrir dómi. Verður nánar vikið að því álitamáli í kafla 6 í ritgerð þessari.

5.3.3. Samningar um lengri fyrningarfrest

Í ljósi þess hve skammur fyrningarfresturinn er ákvarðaður vaknar sú spurning hvort kröfuhafar muni í einhverjum tilfellum freista þess að semja um lengri fyrningarfrest en leiðir af ákvæði 2. mgr. 165. gr. gpl. til að auka líkur á efndum kröfunnar og takmarka eigin áhættu af lánaviðskiptum. Hvergi í lögskýringargögnum er fjallað um hvort heimilt sé að semja um slík frávík og því ekki ljóst hvernig farið yrði með slíka samninga. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. fyl. er þó óheimilt er að semja um að krafa fyrnist ekki. Reglan gildir um fyrirfram gerða samninga og samninga sem gerðir eru

¹¹⁷ Logos lögmannsþjónusta (umsögn). Erindi dagbókarnr. 169, 139. löggjafarþing.

eftir að stofnað hefur verið til kröfu eða eftir að hún hefur gjaldfallið. Slíkur samningur yrði talinn ógildur að því leyti að kröfuhafi gæti ekki fengið dóm á hendur skuldara fyrir kröfunni á grundvelli hans, væri krafa fyrnd samkvæmt þeim reglum sem um hann gilda. Sjónarmiðin að baki þessari reglu eru fyrst og fremst þau að tryggja hagsmuni skuldara með því að koma í veg fyrir samningsákvæði sem fela í raun í sér að skuldari verði sviptur þeirri vernd sem kveðið er á um í lögum.¹¹⁸ Á hinn bóginn er almennt ekki óheimilt að semja um styttri eða lengri fyrningarfrest kröfu. Þó er talið að ef slíkur samningur færi í bága við tilgang fyrningarreglna gæti komið til álita að slíku ákvæði yrði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga.¹¹⁹ Því kynni það ákvæði að koma til skoðunar ef samið yrði um lengri fyrningarfrest en kveðið er á um í 2. mgr. 165. gr. gpl. Ekki hefur reynt á gildi slíka samninga þegar þetta er ritað. Þó má álykta sem svo að samningar um lengri fyrningarfrest yrðu taldir samrýmast illa því markmiði sem stefnt var að með lögum nr. 142/2010. Tíminn einn fær þó úr því skorið hvernig íslenskir dómstólar munu beita sér í slíkum málum ef þau koma til kasta þeirra.

5.4. Var raunveruleg þörf á svo róttækri breytingu?

Eins og vikið hefur verið að var talið að vegna þeirra aðstæðna sem nú ríkja í þjóðfélaginu hafi löggjafinn séð sig knúinn til að breyta fyrningarákvæði gjaldþrotalaga með svo róttækum hætti og auka líkurnar á að þeir sem lenda í gjaldþroti geti byggt upp fjárhag sinn að nýju sem fyrst. Á hinn bóginn má ráða af tölulegum upplýsingum frá Dómstólaráði sem fram koma í mynd 3 í kafla 5.3.1. að gjaldþrotaskipti eru í raun og veru ekki eins algeng og hefði mátt ætla af umræðum við meðferð málsins á Alþingi. Þá virðist sem gjaldþrotaskiptum hafi ekki fjölgað mikið í kjölfar efnahagshrunsins ef frá er talin sú aukning sem varð á gjaldþrotaskiptum árið 2008, en frá árinu 2008 fram til þess sem af er ársins 2011 höfðu bú 487 einstaklinga verið tekin til gjaldþrotaskipta. Ef miðað er við að á Íslandi búi 350.000 manns er ljóst að sá fjöldi er einungis 0,13% af allri þjóðinni. Ljóst er að markmið laganna var að koma til móts við þann fjölda sem kann að verða gjaldþrota á komandi misserum þar sem talið var að fjölgun yrði í þeim hópi þar sem fjöldi heimila er nú í alvarlegum fjárhagsvandræðum. Þessar tölur gefa þó ekki beint til

¹¹⁸ Frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda, þskj. 67, 67. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/alttext/135/s/0067.html [Sótt á vefinn 03.03.2011].

¹¹⁹ Sama heimild.

kynna að aðstæður hafi kallað á svo róttæka breytingu á gjaldþrotalöggjöfinni. Því vaknar sú spurning hvort hægt hefði verið að ná fram sama markmiði með vægara móti þar sem vart verður talið að brýn nauðsyn hafi kallað á svo róttækar aðgerðir vegna þessa tiltölulega fámenna hóps. Ef til vill hefði verið hægt að marka fyrningarfrestinn ögn lengri en var gert, t.d. þrjú eða fjögur ár. Þau tímamörk væru í samræmi við almennan fyrningarfrest hér á landi og í Danmörku og Noregi. Þá kann að vera að meira meðalhóf hefði falist í því ef aðeins hefði verið takmarkað hversu oft kröfuhafar geta slitið fyrningu krafna sinna. Einnig hefði farið betur á því að skilgreina með skýrari hætti hvaða kröfuhafar hafa möguleika á því að fá fyrningu slitið og vegna hvers konar krafna í stað þess að lögfasta svo óljóst undantekningarákvæði um fyrningarslit sem er afar opið fyrir túlkun. Sá háttur hefði engu að síður falið í sér verulega réttarbót fyrir þann afmarkaða hóp skuldara sem verður gjaldþrota á hverju ári og falið í sér minni röskun á réttindum kröfuhafa og því jafnvægi sem þarf að ríkja í gjaldþrotalöggjöfinni. Þá kann að verða litið til þessara sjónarmiða ef það mun koma til með að reyna á fyrir dómi hvort lög nr. 142/2010 standist eignarréttarákvæði 72. gr. stjkskr. en nánar verður fjallað um það álitaeftni í kafla 6 í ritgerð þessari.

6. Sjónarmið um eignarrétt og afturvirkni

Í 2. gr. laga nr. 142/2010 er kveðið á um lagaskil, þ.e. hvernig skil eru mörkuð milli eldra og yngra fyrningarákvæðis 165. gr. gpl. Þar segir að lögin taki til krafna við gjaldþrotaskipti sem er ólokið. Ennfremur er kveðið á um að hafi skiptum á þrotabúi lokið fyrir gildistöku laganna fyrnist kröfur, sem þar fengust ekki greiddar og ekki eru fyrndar, á tveimur árum frá gildistöku laganna nema skemmri tími sé eftir af fyrningarfresti. Þá verði fyrningu þessara krafna aðeins slitið samkvæmt reglum laganna. Lögunum var því ætlað að hafa afturvirk áhrif, en með afturvirkni er átt við þegar lög raska með beinum eða óbeinum hætti lögbundu ferli sem hefur verið stofnað til í gildistíð eldri laga.¹²⁰ Lögin voru að því leyti sérstæð þar sem almennt er talið að lög skuli ekki verka aftur fyrir sig á réttindi manna.¹²¹ Breytingin getur í raun haft þau áhrif að kröfuhafar séu sviptir möguleikum á fullnustu krafna sinna með afturvirkum hætti.

Þegar frumvarpið var lagt fram á Alþingi við fyrstu umræðu var ekki lagt upp með að breytingin skyldi hafa afturvirk áhrif en því var breytt við meðferð málsins hjá allsherjarnefnd Alþingis. Var talið að reglan næði að öðrum kosti ekki markmiðum sínum og yrði ósanngjörn gagnvart einstaklingum sem þegar höfðu orðið gjaldþrota.¹²² Ekki voru allir þingmenn sammála þeirri breyttu skipan. Fyrsti minni hluti allsherjarnefndar Alþingis var á þeirri skoðun að með lögunum væri farið yfir þau mörk sem löggjafanum eru sett í stjórnarskrá varðandi eignarrétt og afturvirkni laga. Ástæðan var sú að lögunum var ætlað að gilda um fyrningu krafna sem hafði verið stofnað til fyrir gildistöku laganna. Af þeim sökum taldi fyrsti minni hluti m.a. að þau fælu í sér afturvirkni sem ekki stæðist ákvæði 72. gr. stjkskr.¹²³ Um þetta segir m.a. í nefndaráriti fyrsta minni hluta allsherjarnefndar Alþingis:

...Yngri lögum verður ekki beitt um stofnun réttinda eða annars ástands þótt samningur sé enn virkur eða ástandið vari enn, auk þess sem gildi löggernings ber að meta samkvæmt þeim reglum sem giltu þegar stofnað var til hans. Einnig er skýrt að kröfu ber að meta eftir þeim reglum sem giltu þegar hún stofnaðist.

...1. minnihluti telur að með þeirri breytingu, verði hún samþykkt, sé gengið á stjórnarskrávarinn eignarrétt kröfuhafa sem verður ekki skertur án bóta með afturvirkni og íþyngjandi löggjöf. Í 72. gr. stjkskr. eru heimildir löggjafans til að haggja við fjárhagslegum hagsmunum sem stofnað er til fyrir gildistöku laga mjög takmarkaðir. 1.

¹²⁰ Sigurður Línal, „Um lagaskil og afturvirkni laga“. *Útljótur* 2006 (1), bls. 23.

¹²¹ Ármann Snævarr, *Almenn lögræði*. Reykjavík 1987, bls. 53.

¹²² Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 507, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/alttext/139/s/0507.html [Sótt á vefinn 01.05.2011].

¹²³ Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 506, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/alttext/139/s/0506.html [Sótt á vefinn 23.03.2011].

minnihluti varar við því og vísar í því sambandi til nýfallins dóms Hæstaréttar en þar voru kröfuréttindi skert með afturvirkum hætti með setningu laga um ábyrgðarmenn sem takmörkuðu réttindi kröfuhafa til að ganga að ábyrgðarmönnum krafna. Niðurstaða dómsins var sú að lögnum yrði ekki beitt þar sem þau væru andstæð stjórnarskrá...¹²⁴

Meiri hluti allsherjarnefndar Alþingis var þó á annarri skoðun og taldi að löginn stæðust sjónarmið um afturvirkni og eignarrétt. Í framsöguræðu Róberts Marshall alþingismanns sem var einn af flutningsmönnum frumvarpsins kom eftirfarandi m.a. fram um þetta: „Það var ekkert sem benti til þess við meðferð nefndarinnar á málinu sem var m.a. sent til umsagnar hjá réttarfarsnefnd. Fulltrúar úr forsætisráðuneytinu komu líka margsinnis á fund nefndarinnar og það var farið af afar mikilli vandvirkni yfir málið...“¹²⁵ Nokkrir umsagnaraðilar voru á sömu skoðun og meiri hluti allsherjarnefndar Alþingis en aðrir tóku ekki sérstaka afstöðu til þessa.¹²⁶

Í ljósi þessa og þeirrar grundvallarmeginreglu sem ríkir í íslenskum rétti að lög mega ekki brjóta í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar¹²⁷ þótti höfundi áhugavert að kanna hvaða sjónarmið kunna að verða lögð til grundvallar ef það mun koma til með að reyna á stjórnskipulegt gildi laganna, þ.e. hvort breytingin sé innan þeirra marka sem 72. gr. stj. skr. setur því að unnt sé að skerða eignarréttindi manna. Í þeirri umfjöllun verður sérstaklega litið til Hrd. 274/2010 sem vísað var til í álitinu fyrsta minni hluta allsherjarnefndar Alþingis. Ekki er þó tekin bein afstaða til efnisins heldur fremur leitast við að tefla fram mismunandi sjónarmiðum sem kunna að vegast á við þetta mat.

6.1. Um vernd kröfuréttinda

Í 1. mgr. 72. gr. stj. skr. er kveðið á um þá grundvallarreglu íslenskrar stjórnskipunar að eignarrétturinn sé friðhelgur. Þar er ennfremur kveðið á um að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji, en til þess þarf lagafyrirmæli og fullt verð að koma fyrir. Ákvæðið takmarkar því heimildir löggjafans til að hrófla við fjárhagslegum hagsmunum. Þá er einnig kveðið á um vernd eignarréttarins í 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu sem Ísland er aðili að og lögtekinn var með lögum nr. 62/1994. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins ber öllu mönnum og lögaðilum réttur til að njóta eigna sinna í friði og skal enginn sviptur eign sinni nema

¹²⁴ Sama heimild.

¹²⁵ Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/raeda/139/rad20101214T170134.html [Sótt á vefinn 08.05.2011].

¹²⁶ Logos lögmannsþjónusta (umsögn). Erindi dagbókarnr. 169, 139. löggjafarþing. og Félag atvinnurekenda (umsögn). Erindi dagbókarnr. 132, 139. löggjafarþing.

¹²⁷ Ármann Snævarr, *Almenn lögræði*, bls. 16.

hagur almennings þjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðarréttar. Í 2. mgr. ákvæðisins er þó tekið fram að ákvæðið rýri ekki á nokkurn hátt réttindi ríkis til að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til að geta haft áhrif á notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda. Ákvæðið er því mjög almennt orðað og veitir ríkjum nokkuð opna heimild til að takmarka eignarréttindi manna. Hér verður því ákvæði þó ekki gerð nánari skil.

Í fræðikenningum og dómaframkvæmd er löngu viðurkennt að eignarréttarhugtak 1. mgr. 72. gr. stjkskr. sé skilgreint í mjög víðtækri merkingu og verndi því bæði beinan eignarrétt, takmörkuð eignarréttindi á borð við afnotaréttindi, ítaksréttindi og veðréttindi, kröfuréttindi og réttindi til hugverka og auðkenna.¹²⁸ Framkvæmd dómstóla varðandi túlkun eignarhugtaksins hefur frá upphafi að mestu verið í samræmi við þennan skilning og án efa síðustu áratugi, sbr. dóm Lyrð. IX, bls. 809 frá árinu 1916, en þar var slegið föstu að orðin eignarréttur og eign í stjórnarskránni „...merki ekki aðeins eignarrétt í þrengri merkingu orðsins heldur einnig önnur verðmæt réttindi, svo sem afnotarétt, kröfurétt, rithöfundarétt, einkarétt...“. Leikur því enginn vafi á því þau kröfuréttindi sem hér um ræðir njóta verndar samkvæmt ákvæðinu, en með hugtakinu krafa eða kröfuréttindi er átt við lögvarða heimild manns (kröfuhafa) til að krefjast þess af öðrum aðila (skuldara), að hann geri eitthvað eða láti eitthvað ógert.¹²⁹

Ljóst er að þegar einstaklingur verður gjaldþrota geta kröfuhafar hans verið af ýmsum toga og vaknar því sú spurning hvort vernd kröfuréttinda samkvæmt 72. gr. stjkskr. takmarkist við ákveðna aðila. Í ákvæðinu segir að „enginn“ verði skyldaður til að láta af hendi eign sína nema að fullnægðum þartilgreindum skilyrðum. Ákvæði 72. gr. stjkskr. hefur því verið talið veita öllum eigendum vernd. Það hefur því ekki áhrif hvort kröfuhafinn er Íslendingur eða erlendur maður, hvort hann er búsettur hér á landi eða erlendis, hvort hann er fátækur eða efnaður, einstaklingur eða einkaréttarlegt félag eða annar lögaðili.¹³⁰ Hefur sú túlkun verið studd þeim rökum að mannréttindarákvæðum stjórnarskrárinnar er ætlað að vernda alla menn jafnt, en það sjónarmið er áréttað í jafnræðisreglu 65. gr. stjkskr. þar sem kveðið er á um að allir menn séu jafnir fyrir lögum og skuli njóta mannréttinda án tillits til þeirra atriða

¹²⁸Gaukur Jörundsson, *Um eignarnám*. Reykjavík 1969, bls. 58-70. og Lárus H. Bjarnason, *Íslensk stjórnlagfræði II*. Reykjavík 1913, bls. 166.

¹²⁹Ólafur Lárusson, *Kaflar úr kröfurétti*. Reykjavík 1965, 2. útgáfa, bls. 5.

¹³⁰Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*, bls. 553.

sem þar eru nefnd.¹³¹ Þá eru upphafsorð 2. málsl. 1. mgr. 72. gr. stjkskr. að „engan“ megi skylda til að láta af hendi eign sína. Ákvæðið er afdráttarlaust að þessu leyti og er enginn maður þar undanskilinn. Þá hafa sömu sjónarmið verið talin gilda um rétt félaga og annarra lögaðila. Á hinn bóginn kann að leika vafi á því hvort kröfur ríkisstofnana yrðu taldar njóta verndar ákvæðisins með sama hætti og þegar einkaréttarlegir lögaðilar eiga í hlut. Sumir telja að aðeins félög og opinberar stofnanir sem ríkið er ekki eigandi að, njóti verndar samkvæmt ákvæðinu.¹³² Það byggir á því sjónarmiði að markmið mannréttindaákvæða er að veita borgurum vernd og réttaröryggi í samskiptum við hið opinbera en ekki að vernda handhafa ríkisvaldsins fyrir sjálfum sér. Þetta viðhorf er þó ekki algilt og geta oft orðið til vafamála í þessu sambandi, til dæmis hvað varðar eignarrétt sveitarfélaga, en samkvæmt 78. gr. stjkskr. skulu sveitarfélög ráða málefnum sínum sjálf eftir því sem lög ákveða. Dómaframkvæmd hefur þó verið á þá leið að eignir sveitarfélags falli undir vernd ákvæðisins, sbr. Hrd. 1930, bls. 142, en þó hefur ekki verið skorið úr því með algjörlega afdráttarlausum hætti.¹³³ Hér verður þessu álitaefni þó ekki gerð frekari skil.

Hrd. 1930, bls. 142 (Vatnsdómur). Í málinu reyndi á skýringu 3. gr. laga nr. 46/1923 sem kvað á um að íbúum Seltjarnarneshrepps skyldi heimilt að fá vatn og rafmagn frá vatnsveitu og rafmagnsveitu Reykjavíkur til heimilis- og búsparfa að uppfylltum þartilgreindum skilyrðum um notkun vatns og rafmagns og meðferð veitutækja. Þá skyldu þeir greiða allan aukakostnað sem veitan hefði í för með sér og endurgjald fyrir vatns- og rafmagnsnotkun eftir mati, nema samkomulag yrði um annað. Í dómi Hæstaréttar var tekið fram að ákvæðið færi ekki í bága við eignarnámsákvæði stjkskr. þar sem það heimilaði bæjarstjórn Reykjavíkur bætur fyrir vatnið.

6.2. Um eignarnám

Líkt og áður sagði er það grundvallarregla í íslenskum rétti að eignarréttindi manna eru friðhelg og verða ekki skert nema með heimild í lögum. Stjórnarskráin setur skorður við tiltekinni skerðingu eignarréttar, eignarnámi, og setur það skilyrði að það skuli bætt að fullu. Í 1. mgr. 72. gr. stjkskr. er skilyrðum eignarnáms lýst en þar segir að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þá þarf eignarnám að hvíla á lagaheimild og fullt verð að koma fyrir, en með því er átt við fullar skaðabætur fyrir fjárhagslegt tjón af völdum eignarnámsins. Álitaefni er hvort lög nr. 142/2010 kunni að verða talin fela í sér eignasviptingu sem jafna megi til

¹³¹ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi*. Reykjavík 2008, bls. 426.

¹³² Gunnar G. Schram. *Stjórnskipunarréttur*, bls. 553.

¹³³ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi*, bls. 462 – 463.

eignarnáms í skilningi stjórnarskrárákvæðisins, þar sem kröfuhafar kunna að vera sviptir möguleika á fullnustu krafna sinna þar sem þær falla niður mun fyrr vegna fyrningar en samkvæmt eldri lögum.

Með eignarnámi er venjulega átt við nauðungarafhendingu eða nauðungar-afsal á eignarrétti, beinum eða óbeinum, yfir tiltekinni eign eða verðmætum. Það felst almennt í því að maður er skyldaður til að láta eignarrétt sinn yfir tilteknum verðmætum af hendi að öllu eða nokkru leyti. Við það stofnast venjulega um leið samsvarandi eignarréttur öðrum til handa, oftast ríki eða sveitarfélagi. Það er þó ekki hugtaksskilyrði og getur því verið um eignarnám að ræða ef mönnum eru með öllu fyrrmunuð venjuleg og eðlileg afnot eigna sinna¹³⁴, sbr. Hrd. 1937, bls. 492 (skertir nýtingarmöguleikar á lóð).¹³⁵

Ekki liggur fyrir lögfest eða formleg skilgreining á inntaki hugtaksins almenningsþörf og er ákvæðið því nokkuð matskennt. Þó er talið að í því felist að ákvörðun um eignarnám verði að grundvallast á samfélagslegum hagsmunum, en ekki aðeins á persónulegum hagsmunum eins eða fárra manna. Ekki er þó gerð krafa um að hagsmunir allrar þjóðarinnar liggja að veði eða víðtækir samfélagslegir hagsmunir. Talið er að þetta skilyrði sé tvíþætt. Í fyrsta lagi felist í því að tiltekin aðstaða sé það þýðingarmikil að það réttlæti að svipta menn eignum sínum vegna hennar. Í öðru lagi verður að meta eignasviptinguna með hliðsjón af þörfum þeirrar aðstöðu sem knýr á um framkvæmd hennar og að ekki megi ganga lengra en nauðsyn krefur.¹³⁶

Einnig þarf að skoða ákvæði laga nr. 142/2010 út frá þeim sjónarmiðum að lagaheimild þarf fyrir eignarnámi, en þær eru venjulega af tvennum toga. Annars vegar geta þau verið sértæk, þ.e. veita tilteknum aðila heimild til eignarnáms á tilteknum gæðum. Í slíkum tilfellum er mat stjórnvalda eða annarra til eignarnámsins yfirleitt lítið eða ekkert.¹³⁷ Sem nýlegt dæmi um þetta má nefna 2. mgr. 4. gr. laga um Landeyjahöfn nr. 66/2008 en þar er kveðið á um heimild til eignarnáms vegna framkvæmda við Landeyjarhöfn. Hins vegar kann lagaheimildin að vera almenn, þ.e. að veita eignarnámsheimild í eitt skipti fyrir öll þegar tilteknar þarfir eru fyrir hendi t.d.

¹³⁴ Sama heimild, bls. 464-465.

¹³⁵ Í dóminum var lítið svo á að eignarnám hefði raunverulega átt sér stað á lóð þegar lóðareiganda var meinað að nota hana til að reisa hús á henni vegna skipulagsbreytinga, enda varð lóðin með því einskis virði og honum jafnvel fjárhagsleg byrði. Voru lóðareigandanum því dæmdar fullar bætur með vísan til eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

¹³⁶ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi*, bls. 466-468.

¹³⁷ Sama heimild, bls. 470-471.

vegna vegagerðar eða skipulags í þéttbýli. Í slíkum tilfellum er stjórnvöldum því falið að meta hvort almenningsþörf sé fyrir hendi í hverju tilviki fyrir sig til að eignarnám geti átt sér stað.¹³⁸

6.2.1. Rök sem mæla gegn því að um eignarnám sé að ræða

Þegar kannað er eðli eignarréttartakmarkana laga nr. 142/2010 verður ekki ályktað sem svo að þær falli að hefðbundnum skilgreiningum um lagaheimildir til eignarnáms. Þau rök sem mæla einkum gegn því eru t.a.m. að lögin beinast ekki að tilgreindum eignum heldur ótilgreindu safni eigna. Þá gera lögin ekki ráð fyrir sviptingu tiltekinna verðmæta og yfirfærslu þeirra þannig að samsvarandi eignarréttur skapist hjá ríki eða sveitarfélögum. Auk þess er ekki hægt að slá því föstu hvert sé umfang þeirrar skerðingar sem verður á eignarréttindunum. Ljóst er að ef allar kröfur viðkomandi þrotamanns greiðast verður skerðing kröfuhafa engin, en þó verður að telja að aðeins sé um slíka aðstöðu að ræða í algjörum undantekningartilfellum. Þá mælir einnig eðli fyrningarreglna gegn því að um eignarnám sé að ræða en nánar verður fjallað um það í kafla 6.3. í ritgerð þessari.

6.2.2. Rök sem mæla í þá átt að um eignarnám sé að ræða

Það sem ætla má að gæti þó leitt til öfugrar niðurstöðu eru þær miklu takmarkanir sem settar voru við fyrningarslitum, þ.e. sú staðreynd að með lögum nr. 142/2010 eru ákveðinn hópur kröfuhafa, sem ekki er þó ljóst hver raunverulega er, sviptur þeim möguleika að slíta fyrningu krafna sinna. Bent var á að afleiðingarnar kunna að verða þær að einhverjir kröfuhafar verða sviptir möguleika á að fá fullnustu krafna sinna að hluta til eða öllu leyti, sem ella gæti verið fyrir hendi þar sem svo þröngar skorður eru lagðar við fyrningarslitum. Þessu má lýsa með stuttu dæmi:

X var lýstur gjaldþrota vegna 20 milljón króna kröfu en aðeins 2 milljónir fengust greiddar upp í kröfuna úr þrotabúinu. Tveimur árum síðar hafði engin eignabreyting orðið hjá X og fyrndist krafan samkvæmt hinum nýju lögum þar sem ekki voru fyrir hendi skilyrði fyrir því að fá fyrningu hennar slitið. Hálfu ári síðar stofnar X fyrirtæki og reksturinn gengur afar vel. Tveimur og hálfu ári síðar selur X fyrirtækið með 50 milljón króna hagnaði. Samkvæmt eldri lagaskipan hefði kröfuhafi getað viðhaldið kröfu sinni með því að rjúfa fjögurra ára fyrningarfrest kröfunnar, sbr. 3. gr. fyl. og fengið fullnustu hennar þegar eignabreyting varð hjá X.¹³⁹

¹³⁸ Sama heimild, bls. 470-471.

¹³⁹ Logos lögmannsþjónusta (umsögn). Erindi dagbókarnr. 169, 139. löggjafarþing. og Félag atvinnurekenda (umsögn). Erindi dagbókarnr. 132, 139. löggjafarþing.

Þá ræður ekki úrslitum um vernd 72. gr. stjkskr. að ekki sé notast við orðið eignarnám í lögnum sjálfum. Hið sama á við þótt fram komi í lögskýringargögnum að löggjafinn hafi talið lög nr. 142/2010 samrýmast stjórnarskrá.¹⁴⁰ Öllu heldur ber að líta til eðlis afskiptanna af eign í hverju tilviki fyrir sig og afleiðinga lagasetningarinnar, sbr. Hrd. 1946, bls. 345.¹⁴¹

Hrd. 1946, bls. 345 (Hafnargerð). Í málinu var deilt um áhrif laga um hafnargerð á Dalvík sem mæltu fyrir um að hafnarsjóður ætti allt land innan hafnarinnar sem flyti yfir stórstraumsflóði. Landauki hafði myndast síðar norðan hafnargarðs sem byggður var og var landaukinn í landi stefnanda. Niðurstaða Hæstaréttar var að með lögnum hefði stefnandi verið sviptur endurgjaldslaut eignarrétti að fjöru hans á hafnarsvæðinu, þar sem ekki hafði farið fram eignarnám á landinu né þess verið beiðst.

Verði lög nr. 142/2010 því talin hafa leitt til þess að menn verði sviptir eign í raun kann skerðingin að falla undir eignarnámshugtakið. Einnig er ljóst að þrátt fyrir að eignarréttur færist ekki í hendur ríkisins eða sveitarfélaga er lagasetningin til hagsbóta fyrir annan hóp, þ.e. skuldara, þar sem breytingin ívilnar þeim verulega og losar þá undan skuldbindingum sínum mun fyrr en ella hefði verið. Það gæti verið litið svo á að í því felist yfirfærsla á eignarréttindum í skilningi eignarréttarákvæðisins.

6.3. Um almennar takmarkanir á eignarrétti

Þrátt fyrir að 72. gr. stjórnarskrárinnar kveði á um þá grundvallarreglu að eignarrétturinn sé friðhelgur er viðurkennt að löggjafinn geti sett eignarréttindum manna margvíslegar takmarkanir með lögum þegar viss skilyrði eru fyrir hendi, án þess að slíkt teljist eignarnám og bætur komi fyrir,¹⁴² sbr. eftirfarandi ummæli í Hrd. 2000, bls. 1252:

Að virtu öllu því, sem að framan er rakið, verður fallist á með aðaláfrýjanda að skerðing lífeyrisréttinda gagnáfrýjanda hafi verið innan þeirra marka, sem 67. gr. stjórnarskrárinnar, (nú 72. gr.) setur því að unnt sé að skerða eignarréttindi manna án þess að bætur komi fyrir.

Það er þó meginskiyrðið fyrir því að almenn takmörkun samrýmist stjórnarskrá að hún hvíli á skýrri lagaheimild. Sé þess ekki gætt getur það bakað ríkinu bótaskyldu, sbr. Hrd. 1998, bls. 2140 (lífeyrisréttindi/reglugerð) og Hrd. 2000, bls. 1621 (Stjórnugrís), en í þeim málum voru dæmdar bætur þar sem almenn takmörkun hvíldi ekki á skýrri lagaheimild. Þessi valdheimild löggjafans byggist þó ekki á 72. gr. stjkskr.

¹⁴⁰ Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/raeda/139/rad20101214T170134.html [Sótt á vefinn 08.05.2011].

¹⁴¹ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi*, bls. 465.

¹⁴² Gaukur Jörundsson, *Um eignarnám*, bls. 114-115.

heldur er hún í slíkum tilvikum einkum leidd af 2. gr. stjkskr. sem kveður á um almennar valdheimildir löggjafans.¹⁴³

Lögbundnar takmarkanir eru af misjöfnum toga og hafa mismunandi tilgang en verða þó aðeins gerðar í þágu almannahagsmuna.¹⁴⁴ Það sem einkennir þessar almennu takmarkanir er það að þær eru settar af löggjafanum sem með þeim setur eignarheimildum manna yfir eign skorður í því skyni að ná tilteknum samfélagslegum markmiðum. Þessar takmarkanir eru fyrst og fremst skattar, sektir og upptaka eigna sem réttlætast af sjónarmiðum um nauðsyn þess að afla þjóðarbúinu tekna, vinna gegn afbrotum og leggja refsingu við þeim.¹⁴⁵ Það sem einkum er talið skilja á milli almennra takmarkana og eignarnáms er það hvort um er að ræða afsal eignarréttar, beins eða óbeins, eða almennar takmarkanir á umráðarétti eða afnota- og ráðstöfunarrétti eiganda. Í fyrra tilfellinu er talið að slík takmörkun falli undir eignarnám. Umráðatakörkunin verður að vera almenn, en í því felst að hún taki til allra eigna af tilteknu tagi. Þá verða ástæðurnar fyrir takmörkuninni einnig að vera almenns eðlis. Um þetta segir í bók Gunnars G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*:

Ef aðeins er um að ræða takmarkanir á umráðum, afnotum eða ráðstöfunarrétti, án þess að eigandi sé beinlínis sviptur beinum eða óbeinum eignarráðum, og þær takmarkanir byggjast á almennum efnislegum ástæðum og taka til allra eigna af tilteknu tagi, en eru ekki aðeins lagðar á fáa eigendur af handahófi, eru þær leyfilegar án bóta og verða ekki taldar eignarnám.¹⁴⁶

Sem dæmi um þetta má nefna lög nr. 23/1955 um skógrækt en í þeim lögum eru sett ýmis ákvæði um verndun kjarrs og skóga sem takmarka á ýmsan hátt rétt eiganda til að hagnýta sér þann gróður. Sem dæmi er bannað að rjóðurfella skóg, rífa upp viðarrætur og beita skóg á afréttum fjarri búfjárhögum á vissum árstímum. Allar slíkar takmarkanir verða eigendur að þola bótalaust. Þegar takmarkanir snerta hinsvegar einstaka landeigendur ber að greiða bætur, sbr. 8. gr. laganna.

6.3.1. Um takmarkanir fyrningarreglna á eignarrétti

Ýmsar reglur á sviði einkaréttarins geta leitt til þess að eignarréttur að verðmætum fellur niður vegna tómlætis eigandans, sé réttindunum ekki haldið fram. Viðurkennt er að löggjafinn hafi heimild til að setja slíkar reglur án þess að í bága fari við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar eða að bótaábyrgð teljist vera fyrir hendi.

¹⁴³ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi*, bls. 478.

¹⁴⁴ Sama heimild, bls. 490.

¹⁴⁵ Sama heimild, bls. 478.

¹⁴⁶ Gunnar G. Schram. *Stjórnskipunarréttur*, bls. 555.

Fyrningarreglur eru meðal þeirra reglna og einnig ákvæði í lögum um hefð nr. 46/1905 sem kveða á um brottfall réttinda, reglur um traustfang og reglur um vanlýsingu, sbr. 58. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991 og 118. gr. laga um gjaldprotaskipti nr. 21/1991.¹⁴⁷ Í bók sinni *Um eignarnám* telur Gaukur Jörundsson að fastmótað viðhorf liggja því til grundvallar að löggjafinn geti sett reglur um að réttindi falli niður fyrir fyrningu. Að auki hafi því ekki verið haldið fram að í fyrningarreglum felist eignarnám, jafnvel þótt fyrningarfrestur sé mjög skammur.¹⁴⁸ Á hinn bóginn tekur hann fram að við slíka lagasetningu séu gerðar kröfur um að þær reglur séu ekki óeðlilega íþyngjandi og tímafrestir séu ekki of stuttir.¹⁴⁹ Gaukur Jörundsson tekur sérstaklega dæmi um lagasetningu af þessu tagi sem hann telur ekki standast þau sjónarmið. Telur hann að eignarnám lægi fyrir ef löggjafinn setti afturvirkar reglur sem fælu í sér að réttindi féllu niður samkvæmt nýjum reglum, án þess að réttihafanum væri gefið færi á að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að halda réttindunum uppi.¹⁵⁰ Ætla má að ákvæði laga nr. 142/2010 yrðu metin út frá þeim sjónarmiðum, þ.e. hvort hin nýja regla um nánast skilyrðislausan tveggja ára fyrningartíma yrði talinn það skammur og íþyngjandi að í bága færi við ákvæði 72. gr. stjkskr. Við það mat kann sérstaklega að verða litið til þess að möguleikar kröfuhafa á að slíta fyrningu eru nú afar takmarkaðir og hvort möguleiki hefði verið að ná sama markmiði með vægari hætti. Þá kann að hafa áhrif á það mat að takmörkun laganna um heimild til fyrningar slita gildir ekki um alla kröfuhafa þrotamanns. Það gæti leitt til þess að lögin verði ekki talin snerta öll eignarréttindi með sambærilegum og almennum hætti heldur verði talin fela í sér mismunun.

6.3.2. Fyrningarreglur í ljósi sjónarmiða um afturvirkni

Þrátt fyrir að reglur um takmarkanir á eignarréttindum séu settar eftir að réttindin hafa stofnast leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að um afturvirka lagasetningu sé að ræða eða að réttihafi hafi mátt hafa lögmætar væntingar til þess að ástand yrði varanlega óbreytt án nokkurra íþyngjandi reglna.¹⁵¹ Í grein sinni „Um lagaskil og afturvirkni laga“ fjallar Sigurður Línadal um þær reglur sem gilda þegar lagaskil eru mörkuð. Þar bendir hann á að þegar tímaskil eru mörkuð milli laga skuli hafa að leiðarljósi að nýjum

¹⁴⁷ Gaukur Jörundsson, *Um eignarnám*, bls. 146-147, Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi*, bls. 486 og Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði*, bls. 54-55.

¹⁴⁸ Gaukur Jörundsson, *Um eignarnám*, bls. 146-147.

¹⁴⁹ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi*, bls. 486.

¹⁵⁰ Gaukur Jörundsson, *Um eignarnám*, bls. 146.

¹⁵¹ Sigurður Línadal, „Um lagaskil og afturvirkni laga“, bls. 75.

lögum skuli beitt um öll lögskipti sem falla undir ákvæði þeirra eftir gildistöku laganna, jafnvel þótt til þeirra hafi stofnast áður en lögin tóku gildi. Meginreglan er því sú að réttarstaða manna ákvarðast af lögum hvers tíma, þrátt fyrir að upphaf réttarstöðunnar megi rekja til eldri laga. Þó bendir hann á að þessi meginregla takmarkist af þeim lagasjónarmiðum að lög skuli ekki hafa afturvirk áhrif á ýmis réttindi manna. Í greininni kemur fram að í sumum tilfellum er það óheimilt eða að minnsta kosti séu veruleg takmörk sett fyrir slíkri lagasetningu. Talið er að ný lög geti til að mynda ekki hróflað við lögskiptum manna eða öðrum atvikum sem hafa gerst fyrir gildistöku þeirra,¹⁵² en með lögskiptum er átt við löggæring og önnur samskipti sem hafa áhrif að lögum.¹⁵³ Löggjafinn getur því ekki gripið inn í samningsfrelsi þegnanna og ógilt gerninga sem þeir hafa sammælt um Þessi regla er leidd af meginreglunni um samningsfrelsi einstaklinga og réttlætist af henni.¹⁵⁴ Á þessi mörk reyndi Hrd. 1936, bls. 97.

Hrd. 1936, bls. 97 (Árekstur). Árekstur varð milli tveggja báta 12. og 13. febrúar 1933 og var mál höfðað til heimtu skaðabóta 24. apríl 1933. Krafist var 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags í samræmi við það sem var heimilað í lögum nr. 72/1933 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. sem tóku gildi 19. júní sama ár. Með dómi uppkveðnum 28. febrúar 1936 voru vextirnir dæmdir 5%. Samkvæmt framansögðu var krafan eindöguð 24. apríl 1933, áður en lög nr. 72/1933 tóku gildi og var því ekki talið heimilt að leggja ákvæði þeirra um vexti til grundvallar útreikningi í málinu. Lögskiptunum var því lokið áður en lögin gengu í gildi og því var dæmt eftir eldri lögum.

Á hinn bóginn er meginreglan sú að menn verða að sæta því að ný lög kunni að raska að einhverju leyti þeirri réttarstöðu sem þeir nutu samkvæmt eldri lögum. Ný lög geta því mótað réttaráhrif og efni lögskipta og atvika sem gerast eftir gildistöku þeirra.¹⁵⁵ Með réttaráhrifum er átt við þau bindandi áhrif sem lög hafa á réttarstöðu aðila, þ.e. stöðu þeirra að lögum.¹⁵⁶ Þrátt fyrir að lög hafi afturvirk áhrif geta þau því engu að síður staðist ef þau horfa til framtíðarskipunar, þ.e. hins virka ferlis, snerti þau öll eignarréttindi með sambærilegum hætti.¹⁵⁷ Þrátt fyrir að slík lög skipi málum til framtíðar kunna þau alltaf að geta snert upphafið með einhverjum hætti, þ.e. lögskiptin sjálf, þar sem þau geta breytt þeim forsendum sem voru til staðar þegar stofnað var til eignarréttindanna. Reglan er þó ekki algild þar sem íþyngjandi lögum verður ekki beitt afturvirk, nema slíkt komi fram berum orðum í lögum. Í reynd hefur

¹⁵² Sama heimild, bls. 17.

¹⁵³ Páll Sigurðsson (ritstj.), *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Reykjavík 2008, bls. 269.

¹⁵⁴ Sigurður Línadal, „Um lagaskil og afturvirkni laga“, bls. 64.

¹⁵⁵ Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði*, bls. 54.

¹⁵⁶ Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 343.

¹⁵⁷ Sigurður Línadal, „Um lagaskil og afturvirkni laga“, bls. 20.

þó gildi slíkra ákvæða verið talið afar takmarkað, þau beri að túlka þröngt og yfirleitt yrði niðurstaðan sú að þau stæðust ekki. Þessu til skýringar tekur Sigurður Líndal sem dæmi að ef um er að ræða erfðarskrá sem var gerð í tíð eldri laga yrði ótvírætt dæmt um form hennar og arfleiðsluhæfi arfleiddanda samkvæmt þeim lögum sem voru í gildi þegar hún var gerð, sbr. 60. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Ekki yrði því hróflað við ferlinu sjálfu við gerð erfðaskrár, þar sem það varðar lögskiptin sjálf, en réttaráhrifin breytast þó í samræmi við þau lög sem gilda hverju sinni. Í 5. tl. 139. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 er til að mynda kveðið á um að gildi kaupmála skuli metið samkvæmt þeim lögum sem giltu þegar hann var gerður en hins vegar skuli réttaráhrif hans metin samkvæmt yngri lögum.¹⁵⁸

Í þessu sambandi nefnir Sigurður Líndal fyrningarreglur sérstaklega, en ætla má að fyrningarreglur hrófli ekki við lögskiptum manna heldur móti réttaráhrif þeirra. Sigurður Líndal telur að ef ný lög mæla fyrir um styttri fyrningarfrest en kveðið er á um í eldri lögum án þess að sérstaklega sé kveðið á um lagaskil yrði farið eftir hinum nýju lögum um fyrningarfrest krafna sem væri hafinn í tíð eldri laga en þó ekki lokið.¹⁵⁹ Þó tekur hann undir sjónarmið Gauks Jörundssonar, þ.e. *að gæta þurfi sanngirnis þegar lög mæla fyrir um styttri fyrningarfrest þar sem gefa verði kröfuhöfum hæfilegan tíma til að slíta fyrningunni.*¹⁶⁰ Hið sama telur hann gilda um lög sem kveða á um breyttan hefðartíma. Þau hafa þó ekki áhrif á hefð sem er fullnuð fyrir gildistöku laganna, hvort sem þau fela í sér að hefðartíminn styttest eða lengist. Ef hefðartíminn væri stytur í 15 ár úr 20 árum og maður hefði farið með fasteign þannig að 12 ár væru liðin af hefðartíma þegar hin nýju lög tækju gildi, þá færi um hefðartímann samkvæmt hinum nýju lögum og hann ætti því aðeins þrjú ár eftir af hefðartímanum. Hið sama á við ef hefðartíminn yrði lengdur í t.d. 25 ár, þá yrði viðkomandi að sætta sig við lengri hefðartíma samkvæmt hinum nýju lögum.¹⁶¹ Þetta er í samræmi við sjónarmið Gauks Jörundssonar sem hér voru nefnd að framan um að reglur um hefð séu meðal þeirra reglna á vettvangi einkaréttarins sem leiða til þess að eignarréttur fellur niður, án þess þó að það falli undir eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar. Á hinn bóginn má nefna að við setningu laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 var þó ekki farið að þessum sjónarmiðum, en í 28. gr. laganna þar sem kveðið var á um lagaskil var sérstaklega kveðið á um að

¹⁵⁸ Sama heimild, bls. 20.

¹⁵⁹ Sama heimild, bls. 22 og Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði*, bls. 54-55.

¹⁶⁰ Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði*, bls. 55.

¹⁶¹ Sigurður Líndal, „Um lagaskil og afturvirkni laga“, bls. 21-22.

lögnum yrði aðeins beitt um kröfur sem stofnast til eftir gildistöku laganna. Um þær kröfur sem höfðu stofnast fyrir það tímamark fór því eftir eldri fyrningarlögum nr. 14/1905. Ekki var þó tekið fram í athugasemdum með ákvæðinu í greinargerð hvers vegna lagaskil hafi verið mörkuð á þennan veg heldur var talið að ákvæð þarfnaðist ekki skýringa.¹⁶²

Af framangreindu má álykta sem svo að gert sé ráð fyrir því að fyrningarreglur geti haft afturvirk áhrif og gilt um þær kröfur sem eru þegar teknar að fyrnast. Það kann að benda til þess að lög nr. 142/2010 geti staðist að því leyti. Þó verður ekki framhjá því litið að fyrningarfresturinn var ekki aðeins stytur heldur var ákveðinn ótilgreindur hópur kröfuhafa sviptur möguleika á að slíta fyrningu krafna sinna. Það gæti leitt til þess að lögin verði ekki talin snerta öll eignarréttindi með sambærilegum hætti eins og lögð er áhersla á þegar metið er hvort afturvirk lög fái staðist. Þá er ljóst að það mun fara fram mat á því hvort gætt hafi verið sjónarmiða um sanngirni og meðalhóf með tilliti til kröfuhafa þegar skemmri fyrningarfrestur var markaður og möguleikar á fyrningarslitum takmarkaðir, þ.e. hvort hægt hefði verið að ná fram því markmiði sem að var stefnt með setningu laganna með vægara móti.

Ekki hafa mörg mál komið til kasta dómstóla þar sem reynt hefur á mörk eignaskerðinga vegna þessara reglna. Því er lítið við að styðjast í þessum efnun. Á þetta reyndi þó í eftirfarandi dómi Hæstaréttar frá 1996, bls. 696:

Hrd. 1996, bls. 696 (Lausn ítaka). Í málinu reyndi á mörk eignaskerðinga vegna ákvæðis í lögum nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum.¹⁶³ Þau lög tóku gildi 30. desember 1952, en í 4. gr. laganna var kveðið á um að á næstu 6 mánuðum, eftir gildistöku laganna, skyldu héraðsdómarar birta þrisvar í Lögbirtingarblaðinu áskorun til þeirra, sem teldu sig eiga ítök í jarðir innan lögsagnarumdæmisins, um að lýsa ítaksrétti sínum innan 12 mánaða frá síðustu birtingu áskorunarinnar. Ef ítaki var ekki lýst innan þess frests skyldi það falla úr gildi, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna. Hér var því um nokkuð skamman frest að ræða sem gat falið í sér að eignarréttur yfir verðmæti félli niður, væri ekkert að gert. Í málinu höfðu rétthafar ekki lýst ítaki innan þess frests sem ákveðinn var í 4. gr. þeirra, en það varð til þess að ítak þeirra féll úr gildi. Töldu þeir að ákvæðið væri andstætt eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Í héraðsdómi var ekki fallist á þau sjónarmið þar sem lögin kváðu á um að hægt væri að halda réttindunum við með lýsingu ítaks. Þá tók héraðsdómur sérstaklega fram að réttarreglur um brottfall réttinda án bóta, ef þeim er ekki beitt eða haldið fram, hafi lengi gilt, s.s. reglur um fyrningu, hefð, vanlýsingu og traustfang. Þá komst Hæstiréttur að sömu niðurstöðu og taldi að ítaksréttindi viðkomandi jarða hefðu fallið niður vegna vanlýsingar í lok frestsins sem settur var til að lýsa þeim og var hann því ekki talinn brjóta í bága við þág. 67. gr. stjkskr. (nú 72. gr. stjkskr.).

¹⁶² Frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda, þskj. 67, 67. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altxt/135/s/0067.html [Sótt á vefinn 20.03.2011].

¹⁶³ Með ítaki er átt við hvers konar afnot fasteignar, sem ekki eru samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar sem afnotin taka til, enda sé réttur afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis, sbr. 1. gr. laganna.

Í dómnum tók héraðsdómur því undir þau sjónarmið sem Gaukur Jörundsson nefnir í bók sinni, þ.e. að löng hefð sé fyrir því að löggjafinn hafi talið heimilt að setja lög sem kveða á um brottfall réttinda til að mynda fyrir fyrningu. Þá virðast fræðimennirnir Sigurður Líndal og Ármann Snævarr einnig vera á sömu skoðun.

6.3.2.1. Samanburður við dóm Hæstaréttar í máli nr. 274/2010

Eins og komið var inn á í kafla 6 hér að framan vísaði fyrsti minni hluti allsherjarnefndar Alþingis sérstaklega til Hrd. 274/2010 í svonefndu ábyrgðarmannamáli til rökstuðnings þeirri niðurstöðu að lög nr. 142/2010 færu í bága við sjónarmið um lagaskil og afturvirkni. Í þeim dómi reyndi á stjórnskipulegt gildi ákvæða í lögum um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 (hér eftir nefnd lábm.) en þau tóku gildi þann 4. apríl 2009.

Hrd. 274/2010 (Ábyrgðarmannadómur). Í málinu krafði Sparisjóður Vestmannaeyja (hér eftir S) B og C um greiðslu skuldar sem sjálfskuldarábyrgðarmenn skuldabréfs, en aðalskuldari bréfsins var D, en óumdeilt var í málinu að B og C höfðu tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á umræddu láni. Með úrskurði héraðsdóms í september 2009 hafði verið staðfestur nauðasamningur D til greiðsluáðlögunar og allar samningskröfur gefnar eftir að fullu, þar á meðal kröfur samkvæmt umræddu skuldabréfi sem var gefið út í mars 2006. Í málinu var deilt um hvort ábyrgð B og C væri niður fallin með vísan til 3. mgr. 9. gr., sbr. 12. gr. lábm. Í 3. mgr. 9. gr. lábm. var kveðið á um að nauðasamningur eða önnur eftirgjöf sem kvað á um lækkun kröfu á hendur lántaka hefði sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni. Í 12. gr. laganna var kveðið á um að lögin tækju til ábyrgða sem stofnað hafi verið til fyrir gildistöku laganna. Með vísan til þessara ákvæða töldu því B og C að ábyrgð þeirra væri niður fallin og þau bæru ekki ábyrgð á greiðslu skuldarinnar. S taldi á hinn bóginn að það bæri að víkja þessum ákvæðum til hliðar þar sem þau væru ósamrýmanleg eignarréttarákvæði 72. gr. stjkskr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Niðurstaða Hæstaréttar var m.a. sú að 3. mgr. 9. gr. lábm., sbr. 12. gr. laganna, hafi kveðið á um brottfall ábyrgða sem til hafði verið stofnað fyrir gildistöku laganna, án tillits til þess hver greiðslugeta ábyrgðarmannanna væri. Kröfuréttur S nyti verndar 72. gr. stjkskr. og þau réttindi yrðu ekki skert án bóta með afturvirkri íþyngjandi löggjöf með þeim hætti sem ákvæði 3. mgr. 9. gr., sbr. 12. gr. lábm. kváðu á um.

Hér ber að líta til þess að um tvö ólík tilvik er að ræða. Eins og fram kemur í dómnum var kveðið á um í 3. mgr. 9. gr. lábm., sbr. 12. gr. þeirra laga með afturvirkum hætti að heimilt væri að víkja samningi til hliðar í heild sinni, þ.e. ógilda samning um sjálfskuldarábyrgð, sem gerður var fyrir gildistöku laganna, án tillits til greiðslugetu ábyrgðarmannanna. Löggjafinn hafði því hróflað við lögskiptum þeirra, þ.e. við samningsbundinni aðstöðu aðilanna með afturvirkri og íþyngjandi lagasetningu. Það fer algjörlega í bága við þau sjónarmið sem talið er að hafa verði í huga við setningu laga og voru reifuð í kafla 6.3. hér að framan. Það er því grundvallarmunur á aðstæðum í þessum dómi Hæstaréttar og tilviki laga nr.

142/2010 þar sem lög nr. 142/2010 breyttu *réttaráhrifum lögskipta* sem kröfuhafar nutu samkvæmt eldra fyrningarákvæði gpl., en eins og fram hefur komið hefur verið viðurkennt að löggjafinn hafi ákveðið svigrúm til þess. Auk þess hafa fræðimenn talið að heimilt sé að setja ný lög sem kveða á um styttri fyrningarfrest krafna þar sem fyrningu er ólokið. Því verður að telja að ekki verði úr því skorið á grundvelli þessa dóms hvort lög nr. 142/2010 verði talin standast 72. gr. stjkskr. þar sem um tvö afar ólík tilvik er að ræða.

6.3.3. Um mat á bótaskyldum takmörkunum

Við mat á því hvort eignaskerðing teljist ná því stigi að hún leiði til bótaskyldu hefur einkum verið talið að líta beri til fjögurra þátta. *Í fyrsta lagi* þurfi að líta til þess hvort stofnað hafi verið til nýrra eignaheimilda, *í öðru lagi* að hverjum eignaskerðingin beinist, *í þriðja lagi* á hvaða röksemdum hún er reist og *í fjórða lagi* hversu umfangsmikil eða þungbær skerðingin er. Þessi atriði sem hafa hér verið nefnd geta öll haft sama vægi við mat á því hvort skerðingin teljist bótaskyld. Þó getur samspil milli þeirra verið misjafnt eftir aðstæðum hverju sinni.¹⁶⁴ Verður nú nánar fjallað um hvert þessara atriða fyrir sig.

6.3.3.1. Nýjar eignarheimildir fengnar öðrum aðila

Líkt og fram kemur í 1. mgr. 72. gr. stjkskr. er það eitt megin skilyrði eignarnáms að maður sé skyldaður til að láta af hendi eign sína. Sé eignarskerðingin fólgin í því að eigandi er sviptur eignarheimild sinni og hún fengin öðrum aðila eða almenningi eru því miklar líkur á að um eignarnám sé að ræða.¹⁶⁵ Dæmi um þetta má nefna 3. mgr. 22. gr. vatnalaga nr. 20/2006 en þar er kveðið á um dæmigert eignarnám. Samkvæmt ákvæðinu er ráðherra fengin heimild til að svipta eiganda réttindum sínum að eign. Í 13. gr. sömu laga er dæmi um lög sem takmarka eignarréttindi manna án bóta, án þess að öðrum séu fengnar heimildir í hendur til að hagnýta verðmætin og ekki er unnt að benda á tiltekna aðila sem njóta sérstaklega góðs af takmörkuninni.

Ekki er þó í öllum tilvikum skilyrði fyrir eignarnámi að maður sé skyldaður til að láta af hendi eign sína. Því kann að vera litið til annarra sjónarmiða, t.d. hvort eign sé sérgreind, hvort um almenna skyldu er að ræða og hvaða afleiðingar sú skylda hefur,

¹⁶⁴ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi*, bls. 490.

¹⁶⁵ Sama heimild, bls. 490.

þ.e. hvort þær séu lítilvægar. Sem dæmi má nefna að í lögum nr. 20/2002 um skylduskil til safna er kveðið á um skyldu útgefanda prentsmiðju til að skila fjórum eintökum af verkum, sem gefin eru út á pappír, til varðveislu safna sem talin eru í 2. gr. laganna. Tilgangur þessarar skyldu er sá að varðveita menningarstarfa og vera í þágu rannsókna og menntunnar, sbr. 1. gr. laganna. Sú skylda hefur ekki verið talin fara í bága við 1. mgr. 72. gr. stjkskr.¹⁶⁶

Ljóst er að í tilviki laga nr. 142/2010 er sú staða ekki fyrir hendi að beinlínis hafi verið stofnað til eignarréttinda til handa öðrum aðila í hefðbundnum skilningi. Á hinn bóginn má segja að á vissan hátt sé um það að ræða þar sem skuldara er í raun ívilnað á kostnað kröfuhafa. Því má álykta sem svo að það kunni að vera litið til þess við þetta mat.

6.3.3.2. Umfang skerðingar

Ein veigamesta spurningin er hvort takmörkunin telst vera almenn eða sérstök, en það ræðst af því að hverjum eignarskerðingin beinist. Talið er að því almennari og víðtækari sem eignarskerðingin er þeim mun ólíklegra er að takmörkunin teljist bótaskyld. Um slíkt væri að ræða ef takmörkun næði til allra eigna af tilteknu tagi og af ástæðum sem einnig verða taldar af almennum toga. Þessu til skýringar má nefna ákvæði í lögum sem leggja skorður við nýtingarrétti manna á landareignum sínum. Í lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er til að mynda kveðið á um takmarkanir á veiðiréttindum manna á landareign sinni, þar sem í lögunum er kveðið á um að sumar dýrategundir séu alfriðaðar. Sé skerðingin aftur á móti aðeins lögð á afmarkaðan hóp eigenda, til dæmis af handahófi, telst skerðingin ekki almenn og þar af leiðandi talsverðar líkur á að takmörkunin verði talin bótaskyld.¹⁶⁷ Þegar til að mynda atvinnuréttindi eru annars vegar er líklegt að löggjöf snerti aðeins afmarkaðan hóp manna sem stundar tiltekna vinnu en þá er litið til þess hvort takmarkanir séu almennar með tilliti til þess hóps sem skerðingin bitnar á og hvort þær grundvallist á málefnalegum sjónarmiðum, jafnræðis hafi verið gætt og séu ekki óeðlilega íþyngjandi fyrir einn eða fáa aðila,¹⁶⁸ sbr. Hrd. 1993, bls. 1217 (Frami).

¹⁶⁶ Sama heimild, bls. 490.

¹⁶⁷ Sama heimild, bls. 490-491.

¹⁶⁸ Sama heimild, bls. 492-493.

Hrd. 1993, bls. 1217 (Framadómur). Í málinu var fjallað um skilyrði í lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar, sem bundu atvinnuleyti til aksturs leigubifreiða á tilteknum svæðum við ákveðinn hámarksaldur. Stefnandinn í málinu var leigubílstjóri sem varð að hætta akstri vegna breytinganna en hann taldi að réttindi hans samkvæmt þágildandi 67. gr. stjkskr. (nú 72. gr.) hefðu verið brotin. Auk þess taldi hann jafnræðisregluna hafa verið brotna þar sem ekki voru sett sambærileg aldursskilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis til annarra bifreiðastjóra, svo sem vörubifreiðastjóra eða sendibifreiðastjóra. Þá væri misrétti fólgandi því að binda aldursskilyrðið við leigubílstjóra á ákveðnum þéttbýlissvæðum. Hæstiréttur féllst þó ekki á þau sjónarmið. Dómurinn taldi að öryggis- og þjónustusjónarmið lægju að baki því að atvinnuréttindi leigubílstjóra væru bundin aldursskilyrðum. Þau sjónarmið væru almenn og hlutlæg, auk þess sem jafnræðis hafði verið gætt við setningu laganna þar sem þau tóku til allra sem voru eins settir. Af þeim ástæðum taldi dómurinn að lögin brytu ekki gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Af dóminum má ráða að takmörkun geti einnig talist almenn, jafnvel þótt aðeins fámennur hópur manna stundi atvinnu í þeirri grein, nái þau til allra sem eru eins settir. Það kann að verða litið til slíkra sjónarmiða þegar sú mismunun sem gerð er milli kröfuhafa um möguleika á fyrningarslitum er metin. Sú mismunun gæti því verið talin almenn, jafnvel þótt hún nái ekki til allra kröfuhafa, ef skerðingin nær til allra kröfuhafa sem eru eins settir og ef hún er talin grundvallast á almennum og málefnalegum sjónarmiðum. Þá verður einnig litið til þess hvort hún verði talin óeðlilega íþyngjandi fyrir þann hóp sem fær fyrningunni ekki slitið.

Dómstólar hafa einnig fallist á að takmörkun sé almenn þótt aðeins lítill hópur manna stundi atvinnu samkvæmt opinberu leyfi sem sætir síðan breytingum, sbr. Hrd. nr. 182/2007.

Hrd. nr. 182/2007 (Vinnsla á hafsbotni). Í málinu var deilt um breytingar sem lög gerðu á skilyrðum opinbers leyfis til vinnslu á hafsbotni. Stefnandinn í málinu, félagið B, hafði stundað vinnslu á hafsbotni frá árinu 1963. Árið 1990 hafði iðnaðarráðuneytið veitt fyrirtækinu leyfi til 30 ára til vinnslu á hafsbotni á grundvelli laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Á hinn bóginn voru samþykkt lög á Alþingi árið 2000 nr. 101/2000 sem kváðu á um breytingar á fyrrnefndum lögum. Í þeim sagði m.a. að þeir sem hefðu leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni, skyldu halda þeim í 5 ár frá gildistöku laganna. Með vísan til þessa var B tilkynnt að leyfi hans myndi falla úr gildi í maí 2005, eða um 15 árum fyrr en samkvæmt leyfinu sem félaginu hafði verið gefið árið 1990. B tilkynnti þá Skipulagsstofnun að hann hygðist sækja um endurnýjun á leyfi sínu, en í kjölfar þeirrar tilkynningar var honum greint frá því að fyrirhuguð efnistaka skyldi háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lagabreytingunum frá árinu 2000. B hélt því fram að með því að fella niður leyfið sem honum var veitt árið 1990 væru eignarréttindi hans og atvinnuréttindi skert sem nyttu verndar 1. mgr. 72. gr. og 1. mgr. 75. gr. stjkskr. og á meðan þau skilyrði, sem sett voru fyrir veitingu leyfisins væru uppfyllt væri ekki hægt að svipta hann því með nýjum lögum. B vísaði sérstaklega til þess að áskilnaði 1. mgr. 72. gr. stjkskr. um að almenningsþörf krefðist þess að leyfið yrði fellt niður væri ekki fullnægt og að ekki hefði verið gætt meðalhófs. Þá hefði hann einn fengið leyfi til töku malar og sands af hafsbotni sem gildi í 30 ár og var það ekki bundið við magn eins og leyfi annarra. Því hafi takmörkunin bitnað sérstaklega þungt á honum og færi gegn jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjkskr. Hæstiréttur hafnaði kröfum B með þeim rökum að ríkir og augljósir almannahagsmunir væru bundnir við verndun og hagkvæma nýtingu á auðlindum hafsbotnsins. Krefðust almannahagsmunir þess að frelsi manna til að nýta þessar auðlindir í atvinnuskyni væru settar skorður. Lagabreytingar á skilyrðunum helguðust af auknum skuldbindingum íslenska ríkisins á alþjóðavettvangi og breyttum viðhorfum til verndar umhverfisins. Breytingarnar væru almennar og málefnalegar og ekki

væri sýnt fram á að þær hefðu ekki stuðst við haldbær rök eða viðurkennd löggjafarsjónarmið. Því stæðu 72. gr. og 75. gr. stjkskr. því ekki í vegi að mælt sé fyrir um stjórnun og nýtingu auðlinda á hafsbotni með lögum nr. 101/2000.

Ljóst er að þessi niðurstaða dómsins grundvallaðist einkum á því að talið var að ríkir og augljósir almannahagsmunir lægju að baki skerðingunni þar sem hún grundvallaðist á skuldbindingum íslenska ríkisins á alþjóðavettvangi og miðaði að verndun umhverfisins. Þau sjónarmið voru talin almenn og málefnaleg. Af þeim sökum var fallist á að skerðingin væri almenn þrátt fyrir að hún hafi aðeins beinst að fámennum hópi. Þá hefur einnig gjarnan reynt á þetta mat í málum þar sem lífeyrissjóðsréttindi sjóðsfélaga eru skert, en þar hefur verið talið að skerðing sé innan leyfilegra marka 1. mgr. 72. gr. stjkskr. ef um er að ræða almennar og hlutlægar reglur sem stefna að réttmætu markmiði, sbr. Hrd. 1999, bls. 4769:

Hrd. 1999, bls. 4769 (Lífeyrissjóður sjómanna). Í málinu var deilt um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna sem leiddu til þess að réttur K til örorkulífeyris úr sjóðnum féll niður. Breytingin fól í sér að ekki var lengur tekið mið af hæfni sjóðsfélaga til fyrri starfa við grundvöll örorkumats, heldur var byggt á hæfni til almennra starfa. Ástæður breytingarinnar voru þær að sjóðurinn átti við fjárhagsörðugleika að stríða og þótti fyrirsjáanlegt að hann gæti ekki staðið undir skuldbindingum sínum að óbreyttum reglum. K hafði notið örorkubóta úr sjóðnum um árabíl en hann var 100% öryrki til sjómannsstarfa. Eftir lagabreytingarnar var hins vegar byggt á örorkutapi K til almennra starfa. Það var metið undir 35% og átti hann því ekki lengur rétt á lífeyri úr sjóðnum og féllu allar greiðslur til hans niður. K höfðaði málið vegna þessa á hendur ríkinu og lífeyrissjóðnum og taldi að brotið hefði verið gegn eignarrétti sínum. Hæstiréttur tók fram að lífeyrisréttindi nytu verndar 72. gr. stjkskr. Hins vegar væri skerðingin byggð á skýlausri lagaheimild, auk þess sem hún tæki á sambærilegan hátt til allra, sem nutu eða gátu notið örorkulífeyris og fimm ára aðlögunarfrestur sem breytingin mældi fyrir um gilti jafnt um alla sjóðsfélaga. Af þessum sökum taldi Hæstiréttur að jafnræðis hefði verið gætt við þá sem gátu talist vera sambærilegir.

Niðurstaða dómsins var kærð til Mannréttindadómstóls Evrópu, sbr. mál *Kjartans Ásmundssonar gegn Íslandi* nr. 60669/00. Dómstóllinn féllst á að takmarkanirnar væru reistar á hlutlægum viðmiðum en leit þó einnig til áhrifa breytinganna á stöðu kæranda. Taldi dómstóllinn að óhóflega íþyngjandi byrði hefði verið lögð á kæranda og þrátt fyrir allt það svigrúm, sem ríkinu væri gefið á sviði félagsmálalöggjafar, yrði hún ekki réttlætt með þeim réttmætu sjónarmiðum sem stjórnvöld byggðu niðurstöðuna á. Talið var að málið hefði horft öðruvísi við ef kærandi hefði verið látinn sæta sanngjörnum og samræmdum frádrætti í stað algerrar sviptingar á rétti sínum.¹⁶⁹ Af dóminum er því ljóst að strangar kröfur verður að gera til skerðinga á virkum lífeyrisréttindum og má álykta að þrátt fyrir að skerðing

¹⁶⁹ Dómur MDE í málinu *Kjartan Ásmundsson gegn Íslandi* frá 12. október 2004, mgr. 39-45. Aðgengilegur á íslensku á vefsíðu innanríkisráðuneytisins: <http://www.innanrikisraduneyti.is/utgefing/efni/yomislegt/nr/1050>

sé metin sem almenn er ekki þar með sagt að hún sé heimil án bóta, jafnvel þó hún sé byggð á almennum og hlutlægum sjónarmiðum. Þó ber að líta til þess hversu þungvæg rök liggja að baki skerðingu og einnig hvort unnt væri að ná sama markmiði með vægari hætti.

Þegar litið er til ákvæða laga nr. 142/2010 sést að lögin taka til allra krafna á hendur þrotamanni sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiptin, en ekki einungis sértæks hóps kröfuhafa. Því kann í fyrstu að virðast um almenna skerðingu sé að ræða þar sem áhrifa hennar gætir gagnvart stórum hópi sem ekki er unnt að skilgreina hversu margir kunna að tilheyra eða hver áhrif hennar verða. Hér ber þó að líta til þess að lögin gera einnig ráð fyrir því að vissir kröfuhafar hafi meiri möguleika en aðrir á að fá viðurkenningu dómstóla á nýjum fyrningarfresti, sbr. 3. mgr. 165. gr. gbl. en það kann að benda til þess að eignaskerðingunni sé ekki ætlað að vera eins almenn og ætla má í fyrstu. Það getur haft áhrif þegar metið er hvort jafnræðis hafi verið gætt, sbr. Hrd. nr. 182/2007 (vinnsla á hafsbotni) og Hrd. 1993, bls. 1217 (Frami) sem komið var að hér að framan. Af þeim dómum má ætla að við það mat muni verða sérstaklega litið til þess hvort þau sjónarmið sem lágu að baki þessari mismunun, þ.e. að heimila aðeins ákveðnum kröfuhöfum að slíta fyrningu krafna sinna, verði talin almenn og málefnaleg og geti réttlætt þá mismunun. Ef ekki verður fallist á að sjónarmiðin hafi verið almenn og málefnaleg kann því niðurstaðan að verða sú að sú skerðing sem kröfuhafar kunna að verða fyrir geti ekki talist almenn. Þá mun eflaust fara fram mat á því hvort löggjafinn hafi gætt meðalhófs við setningu laga nr. 142/2010, þ.e. hvort hægt hefði verið að ná fram sama markmiði án þess að skerða réttindi kröfuhafa með svo róttækum hætti, sbr. niðurstöðu MDE í máli *Kjartans Ásmundssonar gegn Íslandi*.

6.3.3.3. Röksemdir að baki eignaskerðingu

Við mat á því hvort eignaskerðing nái því stigi að falla undir 1. mgr. 72. gr. stjkskr. þannig að bótaréttur stofnist getur haft úrslitaáhrif hvaða rök liggja að baki þeirri skerðingu sem sett er með lögum eða að hvaða markmiði hún stefnir. Ef eign fylgja t.a.m. hættulegir eiginleikar eða ef hún er talin skaðleg í samfélaginu getur eigandi þurft að þola skerðingu á viðkomandi eign bótaalaust.¹⁷⁰ Hægt er að finna dæmi þess í dómaframkvæmd að setning almennra reglna sem takmarka eignarrétt og hafa

¹⁷⁰ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi*, bls. 495.

jafnvel afturvirk áhrif hefur verið talin heimil á þeim forsendum að skerðingin styðjist við almenn og málefnaleg rök. Sem dæmi þessu til skýringar má nefna Hrd. 1964, bls. 573 og Hrd. 1982, bls. 902 sem verða nú reifaðir.

Hrd. 1964, bls. 573 (Sundmarðarmál). Vegna lagasetningar sem kvað á um bann við minkaeldi þurfti loðdýrabóndi að hætta rekstri minkabús sem hann hafði stundað í rúman áratug. Hann höfðaði mál gegn ríkinu til heimtu bóta, m.a. fyrir atvinnuspjöll, en atvinnuréttindi njóta verndar 72. gr. stjkskr. Í niðurstöðu Hæstaréttar var vísað til þess að loðdýrabóndinn hafði reist hús sín og aflað sér tækja til sundmarðareldis í réttmætu trausti þess að honum yrði að lögum veitt heimild til að reka sundmarðabú. Bann það, sem með lögum nr. 32/1951 hefði verið lagt við sundmarðaeldi hér á landi, hefði leitt til þess, að nefnd hús og tæki urðu honum ónothæf eign. Af þessum ástæðum þótti rétt að taka til greina skaðabótakröfu hans fyrir sundmarðahús, búr og tæki. Hvað varðar bótakröfu vegna atvinnuspjalla var á hinn bóginn bent á að sundmarðaeldi hefði verið bannað hér á landi vegna þeirrar hættu og spjalla sem urðu af völdum sundmarða sem slyppu úr haldi. Þóttu því ekki efni til að dæma bætur fyrir atvinnuspjöll vegna banns laganna við sundmarðaeldi.


Hrd. 1982, bls. 902 (Hænsnakofamál). Í málinu voru manni dæmdar skaðabætur úr hendi sveitarfélags vegna fyrirmæla heilbrigðisnefndar um að brenna hænsnakofa í eigu hans vegna rottugangs. Þótti hann því eiga rétt til skaðabóta úr hendi bæjarstjórnar. Í héraðsdómi var byggt á meginsjónarmiðum sem ber að líta til þegar mörk eignaskerðinga eru ákvörðuð sem menn verða að þola bótalaust vegna almannahagsmuna og þeirra einstöku eignaskerðinga sem ber að bæta að fullu. Var einkum talið að líta bæri til réttlætis og jafnréttissjónarmiða sem eignarréttarákvæðið hvílir á. Hæstiréttur leit þó aðeins til galla á málsmeðferð heilbrigðisnefndar og þótti stefnandi því ekki eiga rétt til skaðabóta af þeim sökum. Þá vísaði Hæstiréttur ekki til eignarréttarákvæðisins.

Af þessum dómum má ráða að ef eignaskerðing telst sértæk og lendir á fámennum hópi, þá getur hún engu að síður verið án bótaskyldu ef rök um nauðsyn standa að baki skerðingunni sem varða ríka almannahagsmuni, t.d. ef eign er skaðleg í samfélaginu. Í Hrd. 182/2007 (vinnsla á hafsbotni) sem nefndur var hér að framan í kafla 6.3.2.2. var t.a.m. rík áhersla lögð á að augljósir almannahagsmunir stæðu að baki verndun og hagkvæmri nýtingu hafsbotnsins, þar sem almannahagsmunir krefðust þess að frelsi manna til að ganga á þessar auðlindir væru settar skorður. Því er ekki aðeins litið til persónulegra hagsmuna eins eða fárra manna þegar metið er hvort röksemdir að baki skerðingu fái staðist. Þá er einnig litið til sjónarmiða um meðalhóf, þ.e. hvort hægt hafi verið að ná sama markmiði með vægari aðgerðum.¹⁷¹ Það er án efa sjónarmið sem verður litið til þegar sú skerðing sem lög nr. 142/2010 kunna að fela í sér verður metin, þ.e. hvort til dæmis hefði verið nægjanlegt að takmarka aðeins hversu oft kröfuhafar geta fengið fyrningu krafna sinna slitið og stytta fyrningartímann í stað þess að svipta ákveðna kröfuhafa algjörlega þeim möguleika að slíta fyrningu krafna sinna líkt og hin almenna regla 3. mgr. 165. gr. gþl. kveður á um.

¹⁷¹ Sama heimild, bls. 497.

Af þeim lögskýringargögnum sem fylgdu því frumvarpi sem varð að lögum nr. 142/2010 má ráða að löggjafinn hafi talið þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu hafa kallað á breytingu á fyrningarákvæði gjaldþrotalaga til að hjálpa þeim fjölmörgu landsmönnum sem ráða ekki við skuldabyrði sína í kjölfar bankahrunsins og auka líkurnar á að þeir geti sem fyrst byggt upp fjárhag sinn að nýju, lendi þeir í gjaldþroti.¹⁷² Að því leyti kann að verða fallist á að breytingin styðjist við almenn og málefnaleg rök, þar sem þeim sjónarmiðum sem búa henni að baki er ætlað að bæta stöðu landsmanna og samfélagsins í heild. Eins og komið var að í kafla 5.3.1. benda tölulegar upplýsingar þó til þess að gjaldþrotaskipti á búum einstaklinga séu ekki eins algeng og ætla má af þeim umræðum sem áttu sér stað á Alþingi við setningu laganna eins og sjá má af eftirfarandi mynd:¹⁷³

Mynd 4



* Fyrstu 3 mánuði ársins

Þá er einnig ljóst að gjaldþrotaskiptum virðist ekki hafa fjölgað í kjölfar efnahagshrunsins ef frá er talin sú aukning sem varð á gjaldþrotaskiptum árið 2008. Frá árunum 2008 fram til þess sem af er ársins 2011 höfðu bú 487 einstaklinga verið tekin til gjaldþrotaskipta en ef miðað er við að á Íslandi búi 350.000 manns er ljóst að sá fjöldi er einungis 0,13% af allri þjóðinni. Þessar tölur gefa því ekki beint til kynna að samfélagsleg nauðsyn hafi kallað á svo róttæka breytingu á gjaldþrotalöggjöfinni. Því er óvíst hvort þeir aðilar sem munu njóta þessara breytinga verði taldir geta verið

¹⁷² Frumvarp til laga um breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 116, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0116.html [Sótt á vefinn 29.01.2011], vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/raeda/139/rad20101214T163439.html [Sótt á vefinn 29.01.2011] og frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 469, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0469.html [Sótt á vefinn 29.01.2011].

¹⁷³ Heimild: Embætti umboðsmanns skuldara.

í forsvari almennings í þessum skilningi. Þó kann einnig að verða litið til þeirra áhrifa sem gjaldþrot hafa á samfélagið í heild og þá hagsmuna sem samfélagið hefur af því að fólk komist sem fyrst frá gjaldþroti.

6.3.3.4. Umfang og áhrif skerðingar

Fjórða og síðasta atriðið felur í sér mat á því hversu umfangsmikil eða þungbær sú skerðing er sem kann að leiða af ákvæðum laga nr. 142/2010. Það getur verið bundið verulegum erfiðleikum að beita þessum mælikvarða og því verður að skoða hann í samræmi við önnur atriði sem hafa verið nefnd hér að framan. Mælikvarðinn er einkum notaður til að finna út hvort skerðingin telst minniháttar, þannig að hún hafi lítil áhrif á réttindi eiganda og hann geti nýtt sér þau áfram með sama hætti og áður, sbr. Hrd. 1997, bls. 2488 (Laxá).¹⁷⁴ Þegar litið er til þeirra sjónarmiða sem ákvæði 72. gr. stjkskr. er byggt á liggur fyrir að ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að lagðar verði fjárhagslegar byrðar á menn, sem óréttlátt væri að þeir bæru einir. Af því leiðir að við mat á eignarskerðingum verður einnig að líta til sanngirnis- og réttlætissjónarmiða og hafa að leiðarljósi að hvert tilvik er að vissu leyti sérstætt. Einsleit notkun á slíkum mælikvarða gæti leitt til réttaróvissu og hættu á að þeim mannréttindum, sem eignarréttindi eru, yrði ekki veitt nægileg vernd.¹⁷⁵

Hrd. 1997, bls. 2488 (Laxá). Í málinu var deilt þá um ákvörðun Náttúruverndarráðs að hafna áformum sem landeigendur höfðu um að gera laxi kleift að ganga í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ofan Brúarfossa. Sú ákvörðun hafði verið tekin með vísan til þess að það skapaði hættu fyrir lífríki Laxár ofan virkjana ef lax yrði fluttur þangað. Landeigendur voru á öðru máli og töldu að með þessu hefðu stjórnvöld skert réttindi þeirra svo varðaði við 72. gr. stjkskr. og 36. gr. þágildandi laga um náttúruvernd nr. 47/1971. Ekki var fallist á kröfur landeigenda með þeim rökum að að baki ákvörðun Náttúruverndarráðs hafi legið málefnalegar ástæður. Með ákvörðuninni hafi landeigendur við Laxá ofan Brúar ekki verið sviptir gæðum sem þeir höfðu áður getað hagnýtt sér. Öllu heldur var landeigendum aðeins meinað aðgerðir þar sem þær gátu ógnað lífríki við Laxá og Mývatn að mati vísindamanna. Talið var að ákvörðunin hafi ekki raskað jafnræði landeigenda þar sem hún náði til allra réthafa á verndunarsvæði laga nr. 36/1974. Þóttu landeigendurnir því ekki hafa sýnt fram á að ákvörðunin hafi raskað jafnræði landeigenda svo varðaði bótaskyldu.

Þessi niðurstaða var kærð til Mannréttindanefndar Evrópu, sbr. mál *Ásmundar Jónssonar o.fl. gegn Íslandi*. Kærendur héldu því fram í málinu að brotið hefði verið gegn eignarrétti þeirra samkvæmt 1. gr. 1. viðauka og 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu þar sem þeir hefðu þurft að þola mismunun varðandi skerðingu á eignarrétti.

¹⁷⁴ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi*, bls. 497-498.

¹⁷⁵ Gaukur Jörundsson, „Eignarnám og takmarkanir á eignarréttindum“. Tímarit lögfræðinga, 1964 (2), bls. 92-94.

Nefndin féllst ekki á þau sjónarmið og taldi að ekki hefði verið sýnt fram á brot á þeim réttindum.¹⁷⁶

Ljóst er að í Laxá-málinu var ekki um það að ræða að landeigendur væru sviptir réttindum sem þeir höfðu haft heldur var þeim neitað um fyrirhuguð áform um nýtingu eignaréttinda sinna í Laxá. Í tilviki laga nr. 142/2010 eru á hinn bóginn aðrar aðstæður uppi, þar sem þeir kröfuhafar sem eiga kröfur sem stofnaðist til fyrir gildistöku laganna geta þurft að þola skerðingu á réttindum sem þeir höfðu fyrir gildistöku þeirra. Það kann að hafa veruleg áhrif þegar metið er hvort um minniháttar skerðingu sé að ræða, en því víðtækari sem skerðingin er þeim mun brýnni þurfa hagsmunirnir að vera sem eiga að réttlæta skerðinguna. Í þessu sambandi kann að verða litið til jafnræðissjónarmiða, þ.e. hvort eitthvað réttlæti þann greinarmun sem er gerður milli kröfuhafa um möguleika á að fá fyrningu krafna slitið. Við það hagsmunamat kann einnig að verða horft til þess að kröfuhafar eru af misjöfnum toga. Þeir aðilar eru ekki aðeins lánastofnanir og opinberir aðilar. Einstaklingar geta einnig verið kröfuhafar og skerðingin kann að vera mun þungbærari fyrir þann hóp en fyrir stóra kröfuhafa, s.s. ýmis félög og stórar lánastofnanir. Þá er einnig þungbærara fyrir þann hóp að fara með mál sitt fyrir dómstóla til að freista þess að fá fyrningu kröfu sinnar slitið, líkt og bent var á í kafla 5.2.2.1. Eins og áður sagði er þessi mælikvarði þó fremur óljós og er talið að honum verði að beita í samræmi við önnur atriði sem liggja til grundvallar við þetta mat og nú hafa verið rakin.¹⁷⁷

¹⁷⁶ *Ásmundur Jónsson o.fl. gegn Íslandi* frá 21. október 1998, nr. 41242/98 bls. 499.

¹⁷⁷ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi*, bls. 498.

7. Niðurstaða

Eftir þá breytingu á fyrningarákvæði gjaldþrotalaga sem gerð var með lögum nr. 142/2010 gildir nú sú meginregla að fyrningarfrestur þeirra krafna sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskipti er tvö ár frá skiptalokum en sá frestur gildir án tillits til þess um hvers konar kröfur er að ræða, sbr. 2. mgr. 165. gr. gpl. Þá getur kröfuhafi aðeins fengið fyrningu kröfu sinnar slitið í algjörum undantekningartilfellum, þ.e. ef hann höfðar mál á hendur þrotamanninum innan tveggja ára fyrningarfrestsins og getur sýnt fram á að hann hafi *sérstaka hagsmuni* af því að fá fyrningu kröfunnar slitið og *að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma*. Að gengnum slíkum dómi gilda almennar reglur um fyrningu kröfunnar, sbr. 3. mgr. 165. gr. gpl. Ljóst er að orðalagið „*sérstaka hagsmuni*“ er afar matskennt og opið fyrir túlkun og ekki verður auðveldlega ráðið þeim lögskýringargögnum sem fylgdu því frumvarpi sem varð að lögum nr. 142/2010 í hvaða tilfellum slíkir hagsmunir muni teljast vera fyrir hendi en fram til þessa hefur ekkert mál af þessu tagi ratað á borð dómstóla. Þó er talið að það beri að líta til þess hvernig krafa hefur orðið til. Ætla má að vegna þess hve orðalag ákvæðisins er opið fyrir túlkun geti skapast hættu á að ákvæðið verði túlkað of rúmt þannig að fyrningarslit verði mun algengari en lagt var upp með við setningu laganna. Þá kann að reyna á hvort sá greinarmunur sem gerður er á kröfuhöfum með þessum hætti fái staðist jafnræðisreglur.

Vegna þess skuldavanda sem skapaðist hjá einstaklingum í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 taldi löggjafinn þörf á að breyta fyrningarákvæði gpl. þar sem talið var að eldri skipan væri of íþyngjandi fyrir þrotamenn og gerði þeim of erfitt um vik að ljúka fjárhagslegu uppgjöri við kröfuhafa. Hinu nýja fyrningarákvæði var því ætlað að bæta réttarstöðu þrotamanna við gjaldþrotaskipti og stuðla að því að þeir komi fjármálum sínum fyrr á réttan kjöl eftir gjaldþrot. Enginn vafi leikur á því að lögin hafa náð því markmiði þar sem þrotamaður fær nú lausn undan ágangi kröfuhafa mun fyrr en ella og getur því risið fyrr upp úr skuldavandræðum sínum. Einnig virðist breytingunni hafa verið ætlað að gefa einstaklingum tæki til að reisa fjárhag sinn við að nýju með því að krefjast gjaldþrotaskipta á eigin búi. Ljóst er að það sjónarmið samrýmist illa tilgangi gjaldþrotaskipta, þ.e. að vera úrræði fyrir kröfuhafa til að leita sameiginlegrar fullnustu eignum skuldarans. Löggjafinn virðist því hafa farið of skarpt

þegar fyrningarákvæðinu var breytt þar sem tilgangi gjaldþrotaskipta kann nú að hafa verið raskað.

Að öðru leyti virðist breytingin ekki hafa haft mikil áhrif. Af fyrirliggjandi tölum virðist sem hið nýja fyrningarákvæði hafi ekki leitt til þess að einstaklingar óski í auknum mæli eftir gjaldþrotaskiptum á búum sínum. Þá virðist ekki vera að færri leiti greiðsluaðlögunar hjá umboðsmanni skuldara eftir gildistöku laga nr. 142/2010. Þó er eflaust of skammur tími liðinn frá gildistöku laganna svo hægt sé að segja endanlega til um það hver áhrifin verða til lengri tíma.

Ljóst er að gjaldþrotaskipti leiða nú til þess að kröfuhafar missi réttindi sín fyrir en ella og hafa skemmri tíma til að innheimta kröfur sínar eftir gjaldþrot. Því kann að vera að kröfuhafar muni ekki sjá sér hag í því að óska eftir gjaldþrotaskiptum á búum einstaklinga nema í þeim tilfellum sem þeir telja ljóst að það muni skila þeim auknum heimum. Samningsvilji kröfuhafa kann því að aukast þar sem samningar við skuldara gætu skilað kröfuhöfum meiri ávinningi en gjaldþrotaskipti. Því má vera að breytingin styrki samningsstöðu skuldara.

Ef skuldarinn á engar eignir kunna gjaldþrotaskipti nú aðeins að baka kröfuhöfum kostnað og stytta líftíma krafna þeirra. Kröfuhafar hafa því enn minni hagsmuni af því að krefjast gjaldþrotaskipta í slíkum tilvikum en áður. Því kann að vera að kröfuhafar muni almennt nýta önnur úrræði á borð við fjárnám til að gæta hagsmuna sinna og innheimta kröfur sínar. Af fyrirliggjandi tölum virðist þó að beiðnum um gjaldþrotaskipti á búum einstaklinga frá kröfuhöfum hafi ekki fækkað frá því að lög nr. 142/2010 tóku gildi. Þó er ekki ljóst hver þróunin verður til lengri tíma lítið þar sem afar skammt er nú liðið frá gildistöku laganna.

Þá kann að vera að kröfuhafar muni freista þess að semja um lengri fyrningarfrést en leiðir af ákvæðum 2. mgr. 165. gr. gbl. til að auka líkur á efndum kröfunnar og takmarka eigin áhættu af lánaviðskiptum. Ekki er þó ljóst hvernig farið yrði með slíka samninga en samkvæmt 2. mgr. 1. gr. fyl. er þó óheimilt að semja um að krafa fyrnist ekki. Þó hefur verið talið að ef samningur færi í bága við tilgang fyrningarreglna gæti komið til álita að víkja slíku ákvæði til hliðar á grundvelli 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Þá virðist sem gjaldþrotaskiptum hafi ekki fjölgað verulega í kjölfar efnahagshrunsins. Þvert á móti eru tölurnar í samræmi við fjölda síðustu ára. Því verður ekki fallist á að brýn nauðsyn hafi kallað á svo róttækar breytingar á gjaldþrotalöggjöfinni þar sem tiltölulega fámennur hópur verður gjaldþrota á hverju

ári, en frá árinu 2008 fram til þess sem af er ársins 2011 höfðu bú 487 einstaklinga verið tekin til gjaldþrotaskipta. Ef til vill hefði því verið hægt að ná fram sama markmiði, þ.e. að bæta stöðu þrotamanna, með mun vægara móti en gert var með lögum nr. 142/2010, t.a.m. með ögn lengri fyrningarfresti auk þess sem hægt hefði verið að setja kröfuhöfum skorður fyrir því hversu oft þeir geta slitið fyrningu krafna sinna. Sá háttur hefði falið í sér ríkara meðalhóf og minni röskun á réttindum kröfuhafa og því jafnvægi sem ætla verður að þurfi að ríkja milli skuldara og kröfuhafa í gjaldþrotalöggjöfinni.

Þá hafa verið reifuð helstu sjónarmið sem kann að verða litið til við mat á því hvort lög nr. 142/2010 standist eignarréttarákvæði 72. gr. stjkskr. Af skrifum fræðimanna má ráða að þrátt fyrir að lögin hafi afturvirk áhrif leiðir það ekki eitt og sér til þess að þau verði talin fara í bága við 72. gr. stjkskr. þar sem viðurkennt hefur verið í löggjöf að heimilt sé að setja nýjar fyrningarreglur með slíkum hætti. Þó eru gerðar kröfur um að slíkar reglur séu ekki óeðlilega íþyngjandi og tímafrestir ekki of stuttir. Við það mat á því hvort skerðingin teljist ná því stigi að hún leiði til bótaskyldu munu dómstólar eflaust einnig líta til sjónarmiða um hvort nýjar eignarheimildir hafi verið fengnar öðrum aðila, hvert umfang skerðingarinnar er, hvaða röksemdir liggja henni að baki og hversu umfangsmikil eða þungbær hún er. Þá munu dómstólar án efa meta hvort þörfin hafi verið það brýn að hún réttlæti svo róttæka breytingu á fyrningarákvæði gjaldþrotalaga þar sem hún er afar íþyngjandi fyrir kröfuhafa, sérstaklega í ljósi jafnræðissjónarmiða. Við það mat kann að verða litið til þess hvort hægt hefði verið að ná fram sama markmiði með vægari aðgerðum en vafi kann að leika á hvort lögin standist þau sjónarmið.

Ljóst er að of skammur tími hefur liðið frá setningu laga nr. 142/010 svo hægt sé að segja til með fullri vissu hver áhrif þeirra verða til lengri tíma eða hvernig dómstólar munu túlka fyrningarákvæði 2. og 3. mgr. 165. gr. gþl. en þegar þetta er ritað hefur ekki reynt á túlkun ákvæðisins fyrir dómi. Tíminn mun leiða í það í ljós en þó er ljóst að ýmis vafamál eru uppi. Eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 142/2010 er ætlunin að endurskoða lögin innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra. Það verður fróðlegt að sjá hvernig Alþingi mun þá bregðast við, hvort löggjafinn mun breyta ákvæðinu aftur í fyrra horf, gera breytingar á núgildandi skipan þess eða láta það standa áfram óbreytt.

Heimildaskrá

Alþingistíðindi prentuð

Alþingistíðindi, A-deild, 1905.

Alþingistíðindi, A-deild, 1929.

Alþingistíðindi, B-deild, 1929.

Vefútgáfa Alþingistíðinda

Frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda, þskj. 67, 67. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0067.html>

Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 100, 97. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/113/s/0100.html>

Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti, þskj. 120, 103. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/99/s/pdf/0120.pdf>

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 116, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0116.html

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 469, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0469.html

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 506, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0506.html

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., þskj. 507, 108. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/139/s/0507.html

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um fyrningu kröfuréttinda, þskj. 775, 449. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: www.althingi.is/altext/138/s/0775.html

Umsagnarbeiðnir

Alþýðusamband Íslands (umsögn). Erindi dagbókarnr. 32, 139. löggjafarþing.

Komudagur 28.10.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=32&nefnd=a>

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (umsögn). Erindi dagbókarnr. 167, 139. löggjafarþing. Komudagur 08.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=167&nefnd=a>

Bændasamtök Íslands (umsögn). Erindi dagbókarnr. 232, 139. löggjafarþing. Komudagur 12.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=232&nefnd=a>

Creditinfo Ísland hf. (umsögn). Erindi dagbókarnr. 170, 139. löggjafarþing. Komudagur 08.22.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=170&nefnd=a>

Fjármálaeftirlitið (umsögn). Erindi dagbókarnr. 166, 139. löggjararþing. Komudagur 08.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=166&nefnd=a>

Félag atvinnurekenda (umsögn). Erindi dagbókarnr. 132, 139. löggjafarþing. Komudagur 05.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=132&nefnd=a>

Hagsmunasamtök heimilanna (umsögn). Erindi dagbókarnr. 168, 139. löggjafarþing. Komudagur 08.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=168&nefnd=a>

Laganefnd LMFÍ (umsögn). Erindi dagbókarnr. 104, 139. löggjafarþing. Komudagur 01.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=104&nefnd=a>

Logos lögmansþjónusta (umsögn). Erindi dagabókarnr. 169, 139. löggjafarþing. Komudagur 08.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=169&nefnd=a>

Mannréttindaskrifstofa Íslands (umsögn). Erindi dagbókarnr. 105, 139. löggjafarþing. Komudagur 01.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=105&nefnd=a>

Samtök fjármálafyrirtækja (umsögn). Erindi dagbókarnr. 126, 139. löggjafarþing.
Komudagur 05.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=126&nefnd=a>

Talsmaður neytenda (umsögn). Erindi dagbókarnr. 198, 139. löggjafarþing.
Komudagur 09.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=198&nefnd=a>

Umboðsmaður skuldara (umsögn). Erindi dagbókarnr. 127, 139. löggjafarþing.
Komudagur 05.11.2010. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=127&nefnd=a>

Viðskiptaráð Íslands (umsögn). Erindi dagbókarnr. 211, 139. löggjafarþing.
Komudagur 10.11.2011. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=139&malnr=108&dbnr=211&nefnd=a>

Ræður

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T150601.html

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T155225.html

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T155655.html>

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T150156.html

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T145755.html

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
www.althingi.is/altext/raeda/139/rad20101214T163439.html

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
www.althingi.is/raeda/139/rad20101214T170134.html

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T151426.html

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

www.althingi.is/altext/raeda/139/rad20101214T171649.html

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

<http://www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T154013.html>

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

<http://www.althingi.is/altext/raeda/139/rad20101021T145307.html>

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

<http://www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T150820.html>

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

www.althingi.is/altext/raeda/139/rad20101021T150003.html

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T153048.html

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

www.althingi.is/raeda/139/rad20101021T153537.html

Bækur

Ármann Snævarr, *Almenn lögfræði*. Reykjavík 1987.

Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi*. Reykjavík 2008.

Eyben, Bo von, *Forældelse II*. Kaupmannahöfn 2005.

Eyben, Bo von, *Forældelse I*. Kaupmannahöfn 2003.

Eyben, Bo von; Morthensen, Peter; Sørensen, Ivan, *Lærebog i obligationsret II*. Kaupmannahöfn 2000.

Gaukur Jörundsson, *Um eignarnám*. Reykjavík 1969.

Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*. Reykjavík 1999, 2. útgáfa.

Hagstrøm, Viggo og Aarbakke, Magnus, *Obligasjonsrett*. Osló 2003.

Lárus H. Bjarnason, *Íslensk stjórnlagafræði II*. Reykjavík 1913.

Már Jónsson, *Jónsbók – Lögbók Íslendinga [Hver samþykkt var á Alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578]*. Reykjavík 2004.

Markús Sigurbjörnsson, *Aðfaragerðir*. Reykjavík 1995.

Markús Sigurbjörnsson, *Gjaldþrotaskipti o.fl. – handbók*. Reykjavík 1992.

Páll Sigurðsson (ritstj.), *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Reykjavík 2008.

Páll Sigurðsson, *Kröfuréttur, almennur hluti*. Reykjavík 1992.

Ólafur Lárusson, *Kaflar úr kröfurétti*. Reykjavík 1965, 2. útgáfa.

Ólafur Lárusson, *Fyrirlestrar um fyrningu*. Reykjavík útgáfuár óþekkt.

Ólafur Jóhannesson, *Skiptaréttur*. Reykjavík 1954.

Stefán Már Stefánsson, *Íslenskur gjaldþrotaréttur*. Reykjavík 1982.

Viðar Már Matthíasson, *Endurheimt verðmæta við gjaldþrot*. Reykjavík 2000.

Greinar og skýrslur

Aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar um velferð. Skýrsla félags- og tryggingamálaráðuneytisins, mars 2009. Aðgengileg á www.velferdarraduneyti.is

Gaukur Jörundsson, „Eignarnám og takmarkanir á eignarréttindum“. *Tímarit lögfræðinga* 1964 (2), bls. 62-95.

Markús Sigurbjörnsson, „Skuldaröðin við gjaldþrotaskipti og skipti skuldafrágöngubúa“. *Úlfjótur* 1988 (3-4), bls. 219-245.

Seðlabanki Íslands, „Verðbólguhorfur og stefnan í peningamálum“. *Peningamál* 2009 (1), bls. 5-10.

Sigurður Líndal, „Um lagaskil og afturvirkni laga“. *Úlfjótur*, 2006 (1), bls. 5-80.

Aðrar heimildir

Creditinfo Ísland hf., „Um skrá yfir vanskil“, 15. apríl 2011. Aðgengilegt á www.creditinfo.is

Viðtal höfundar við Halldór Valgeirsson, sérfræðing hjá Creditinfo Ísland hf., 20. apríl 2011.

Viðtal höfundar við starfsmann fjármálafyrirtækis (trúnaður). 21. apríl 2011.

Viðtal höfundar við starfsmann fjármálafyrirtækis (trúnaður). 25. apríl 2011.

Viðtal höfundar við starfsmann fjármálafyrirtækis (trúnaður). 14. apríl 2011.

Lagaskrá

Íslensk lög

Skiptalög nr. 7/1894

Lög um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905

Lög um hefð nr. 46/1905

Lög nr. 46/1923 um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur

Lög um gjaldprotaskipti nr. 25/1929

Lög nr. 72/1933 um bann við okri, dráttarvexti o.fl.

Lög nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Lög nr. 32/1951 um bann við sundmarðaeldi

Lög nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum

Lög nr. 23/1955 um skógrækt

Erfðalög nr. 8/1962

Lög um náttúruvernd nr. 47/1971

Lög nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu

Lög um gjaldprotaskipti nr. 6/1978

Lög um orlof nr. 30/1987

Umferðarlög nr. 50/1987

Lög um leigubifreiðar nr. 77/1989

Lög um aðför nr. 90/1989

Lög nr. 92/1989 um framkvæmdarvald ríkisins í héraði

Lög nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins

Lög nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

Lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Lög nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð

Lög nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs

Hjúskaparlög nr. 31/1993

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu

Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

Lög um einkahlutafélög nr. 138/1994

Lög um hlutafélög nr. 2/1995

Lög um lögmenn nr. 77/1998

Lög nr. 101/2000 um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73 18. maí 1990.

Lög nr. 20/2002 um skylduskil til safna

Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002

Lög um tekjuskatt nr. 90/2003

Vatnalög nr. 20/2006

Lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006

Lög um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007

Lög um Landeyjahöfn nr. 66/2008

Lög um endurskoðendur nr. 79/2008

Lög um ábyrgðarmenn nr. 30/2009

Lög um greiðsluáðlögun nr. 101/2010

Lög um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 142/2010

Norsk lög

Lov om gjeldsforhandling og konkurs nr. 58 frá 8. júní 1984

Lov om forældelse af fordringer nr. 18 frá 18. maí 1979

Dönsk lög

Fyrningarreglur dönsku laga Kristjáns V frá 1683 (DL 5-14-4 frá 1683)

Lov om forældelse af visse fordringer nr. 274 frá 22. desember 1908

LFF 2007-02-28 nr. 165. Forslag til lov om forældelse af fordringer (Forældelsesloven). Vefútgáfa Karnov.

Konkursloven nr. 298/1977 frá 8. júní 1977

Forældelsesloven nr. 522 frá 6. júní 2006

Konkursloven nr. 217 frá 15. mars 2011

Dómaskrá

Dómur Landsyfirréttar IX, bls. 809 frá 1916.

Hrd. 1930, bls. 142

Hrd. 1936, bls. 97

Hrd. 1937, bls. 492

Hrd. 1946, bls. 345

Hrd. 1964, bls. 573

Hrd. 1982, bls. 902

Hrd. 1993, bls. 1217

Hrd. 1996, bls. 696

Hrd. 1997, bls. 2488

Hrd. 1998, bls. 2140

Hrd. 1999, bls. 4769

Hrd. 2000, bls. 1252

Hrd. 2000, bls. 1621

Hrd. 83/2000

Hrd. 346/2000

Hrd. 274/2010

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

Dómur MDE í málinu *Kjartan Ásmundsson gegn Íslandi* frá 12. október 2004, mgr. 39-45. Aðgengilegur á íslensku á vefsíðu innanríkisráðuneytisins: <http://www.innanrikisraduneyti.is/utgefing-efni/ymislegt/nr/1050>

Ákvarðanir Mannréttindanefndar Evrópu

Ásmundur Jónsson o.fl. gegn Íslandi frá 21. október 1998, nr. 41242/98, bls. 499.

Myndaskrá

- Mynd 1** *Fjöldi umsókna um greiðsluáðlögun hjá embætti umboðsmanns skuldara, ágúst 2010-apríl 2011. Upplýsingar frá embætti umboðsmanns skuldara, fengnar í tölvupósti 13. apríl 2011.*
- Mynd 2** *Fjöldi gjaldprotabeiðna á búum einstaklinga 2007-2011. Upplýsingar frá héraðsdómstólum á Íslandi, fengnar í tölvupósti 13.04.2011-05.05.2011.*
- Mynd 3** *Fjöldi gjaldprotaskipta og árangurslausra fjárnáma á búum einstaklinga 2003-2011. Upplýsingar um gjaldprotaskipti fengnar frá heimasíðu embættis umboðsmanns skuldara, 03.05.2011, aðgengilegar á www.ums.is. Upplýsingar um árangurslaus fjárnám fengnar í tölvupósti frá Creditinfo Ísland hf. 18.04.2011.*
- Mynd 4** *Fjöldi gjaldprotaskipta á búum einstaklinga 2003-2011. Upplýsingar fengnar frá embætti umboðsmanns skuldara, 03.05.2011, aðgengilegar á www.ums.is.*